
FORNLEIFAR Á HELLISHEIÐI

SAMANTEKT UM ÞEKKTAR FORNLEIFAR Á ÁHRIFASVÆÐI HELLISHEIÐARVIRKJUNAR



RITSTJÓRI: KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: AGLA GEIRLAUG ARADÓTTIR RINGSTED, BIRNA LÁRUSDÓTTIR, ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, GYLFI HELGASON, HELGA JÓNSDÓTTIR, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR, KRISTJANA VILHJÁLMSDÓTTIR, ODDGEIR ISAKSEN, ORRI VÉSTEINSSON, RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR, SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK, STEFÁN ÓLAFSSON & UGGI ÆVARSSON.

REYKJAVÍK 2025
FS1020-24161

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af Húsmúlarétt ÁR-721:030_01, horft til SSA í átt að Kolviðarhóli og Hellisheiðarvirkjun.

Myndina tók Birna Lárusdóttir árið 2021.

Verkefnanúmer MÍ: 3383

©2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BRÆDRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi er samantekt um þá fornleifaskráningu sem unnin hefur verið innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar, um 9467 ha svæði. Hún er unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að undirlagi Minjastofnunar Íslands til að auðvelda yfirsýn og frekari skipulagsvinnu á svæðinu. Frá árinu 1997 hafa 16 sinnum farið fram vettvangsrannsóknir á fornleifum á svæðinu. Verkefnin voru mismunandi að stærð og unnin með mismunandi aðferðum, en skráningaraðilar voru Fornleifastofnun Íslands, Fornleifafræðistofan, Skriðuklaustursrannsókir og Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands).

Í þessari skýrslu eru tekin saman gögn úr öllum umræddum verkefnum, uppmælingar og hnitagögn samræmd og yfirfarin. Samhliða samantektinni var heimildaskráning endurskoðuð, farið yfir loftmyndir af svæðinu í leit að áður óþekktum minjum og tilraun gerð til að grófteikna slíkar minjar á loftmynd og yfirfæra eldri teikningar inn í landshnitakerfi. Við yfirferð loftmynda og heimilda komu í ljós 16 áður óskráðar fornleifar og eru nú samanlagt þekktar 209 fornleifar á 71 minjastað innan áhrifasvæði virkjunarinnar.

Skýrslunni er ekki ætlað að koma í stað frekari vettvangsathugana en hún veitir góða yfirsýn yfir þekktar minjar á svæðinu og á henni má byggja þegar meta þarf hvort fyrirbyggjandi fornleifaskráning sé fullnægjandi eða hvort frekari fornleifarannsóknir þurfi á einstaka svæðum innan áhrifasvæðisins í tengslum við deiliskipulag eða framkvæmdir.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, aðalskráning, Hellisheiði, Kolviðarhóll, Ölfus

Summary

This report presents a summary of multiple, previous archaeological surveys conducted within a 9467 ha area around the Hellisheiði Power Station. The report was prepared for Reykjavík Energy at the suggestion of the Cultural Heritage Agency of Iceland to facilitate further planning work in the area. Since 1997, archaeological fieldwork has been carried out 16 times in the area. The projects summarised in this report were carried out by the the Institute of Archaeology in Iceland (Fornleifastofnun Íslands), The Archaeological Office (Fornleifafræðistofan), Skriðuklaustursrannsóknir and the State Archaeological Protection Agency (Fornleifavernd ríkisins).


The surveys were of different scale and detail but this report collates the data from all of them, including available photos and drawings. In parallel with the compilation, written documents regarding the area as well as aerial photographs were reviewed in search of previously unknown sites. Altogether 16 such sites were found, bringing the number of archaeological sites known in the area up to 209 sites at 71 locations.

This report is not intended to replace further archaeological surveys in the area, but rather to provide a good overview of known archaeology in the area to help assess whether the existing archaeological research is adequate or whether further research is needed in individual areas on Hellisheiði in connection with future planning.

Keywords: Archaeology, detailed survey, general survey, Hellisheiði, Kolviðarhóll, Ölfus

Efnisyfirlit


I. Inngangur.....	1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	3
III. Landshættir og saga svæðis	5
IV. Fyrri athuganir	9
V. Aðferðir við fornleifaskráningu	13
VI. Fornleifaskrá.....	17
VII. Samantekt um minjar	155
Heimildir.....	161
Viðauki I: Yfirlit um skráðar minjar á Hellisheiði.....	165
Viðauki II: Hnitaskrá ISN93	187
Viðauki III: Minjakort.....	191



I. Inngangur

Á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar hafa hátt á annan tug skráningarverkefna verið unnin af hinum ýmsu aðilum á rúmlega 25 ára tímabili. Verkefnin ná yfir mismunandi svæði og skarast að hluta; sumar minjar hafa verið skráðar allt að 7 sinnum en margar aðrar aðeins einu sinni. Skráningarverkefnin voru jafnframt unnin með mismunandi hætti, enda hefur aðferðafræði fornleifaskráninga þróast töluvert á síðustu áratugum.

Vegna fjölda verkefna sem unnin hafa verið á svæðinu og fjölbreytileika þeirra gagna sem orðið höfðu tilvar yfirsýn um minjar á nokkuð brotakennd, sem var til trafala fyrir skipulagsvinnu á svæðinu. Lagði Minjastofnun Íslands því til að Orkuveita Reykjavíkur (OR) gengist fyrir því að allar upplýsingar um þekktar fornleifar á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar yrðu teknar saman í eina skýrslu. Í kjölfarið fór OR þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér að rita samantektarskýrslu þar sem öll útgefin fornleifaskráning á svæðinu væri tekin saman auk þess sem farið væri yfir loftmyndir, allar þekktar minjar sýndar á kortum og fjallað um þær í texta. Markmið skýrslunnar var að betri yfirsýn fengist yfir minjar á svæðinu sem myndi nýtast við síðari skipulagsvinnu á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar.



Áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar merkt með gulu. Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðisins sýnd á Íslandskorti. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Örnefni eru úr IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands frá 1/2025.

Vinna við samantekt og yfirferð loftmynda var unnin í lok árs 2024 af Kristjönu Vilhjálmsdóttur. Umfjöllun hér á eftir er rituð af Kristjönu en byggir að nokkru leiti á vinnu Orra Vésteinssonar og Birnu Lárusdóttur (Fornleifastofnun Íslands). Orri vann elstu heildstæðu skráninguna á afrétti Ölfushrepps árið 1998 en Birna skráði fornleifar í tengslum við virkjanaframkvæmdir OR á Hellisheiði árin 2006-2007 og unnu þau bæði umtalsverða greiningarvinnu samhliða skráningunni. Að auki eru nýtt gögn úr öðrum skráningum Fornleifastofnunar Íslands á svæðinu, sem og úr skráningum unnum af Fornleifafræðistofunni, Skriðuklaustursrannsóknnum og Fornleifavernd ríkisins (sem síðar varð Minjastofnun Íslands) á árunum 1997-2023 (sjá nánar í IV. kafla). Uppmælingar sem birtast í skýrslunni eru úr skráningum Fornleifastofnunar Íslands og Fornleifaverndar ríkisins. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru frá Fornleifastofnun Íslands nema annað sé tekið fram.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er fjallað um landshætti og sögu svæðisins. Í fjórða kafla er fjallað um fyrri athuganir á svæðinu en í fimmta kafla er farið yfir þá aðferðafræði sem notuð var við skráningu minjanna og við gerð skýrslunnar. Sjötti kafli er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar hafa verið á svæðinu og í sjöunda og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (yfirlit um skráðar minjar, hnitaská ISN93 og minjakort).

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna

völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Landshættir og saga svæðis

Áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar er á suðurhluta Hengilssvæðisins. Gróflega markað nær það frá Svínahraunsbruna í norðvestri til austurs um Innstadal að Hengladölum í norðaustri. Austurmörk svæðisins liggja um Litla-Skarðsmýrarfjall, áfram meðfram austurhlíðum Skálafells og er suðausturhorn svæðisins nærri Hvanngili suðaustantil í fellinu. Suðurmörk áhrifasvæðisins liggja yfir Suður-Hálsa og miðjan Innbruna að suðvesturhorni svæðisins vestan Meitlistagls og norðan Litla-Sandfells. Þaðan liggja vesturmörk áhrifasvæðisins skammt vestan Þrengslavegar, yfir Lambafell og að Svínahraunsbruna norðan Hringvegar. Svæðið er einkum hraunlendi, að mestu gróði mosa og lyngi en grónari svæði eru þó á stöku stað, s.s. við Kolviðarhól og sunnan undir Húsmúla. Einnig eru sendin svæði umhverfis Stóra-Sandfell. Jarðvarmi er mikill á svæðinu og sjást hans einkum merki í Hveradölum og undir Hverahlíð.



Við Hverahlíð, horft til SSA. Ljósmynd tekin 2023.

Umrætt svæði er hluti af hálendi Íslands og hefur nýting þess á fyrri öldum helst tengst sumarreitubúnaði auk þess sem samgöngur um svæðið voru ætíð miklar. Innan áhrifasvæðis virkjunarinnar er þó einn bær, Kolviðarhóll, norðan við Reykjavell en búskaparsaga á jörðinni er ekki ýkja löng. Á Kolviðarhóli var fyrst reist sæluhús úr timbri árið 1844 og tók það við af öðru eldra sæluhúsi sem stóð við Draugatjörn undir Húsmúla, nokkru norðar. Húsið á Kolviðarhóli var notað sem sæluhús í um 30 ár þar til nýtt hús, steinhús, var reist á hólnum 1877-1878. Þriðja og síðasta sæluhúsið á Kolviðarhóli var reist 1929. Húsið var veglegt steinhús og var það með vandaðri byggingum sem reist höfðu verið á landinu á þeim tíma. Eiginlegur



*Horft til suðausturs yfir Draugatjörn að Kolviðarhóli
Ljósmynd tekin 2023.*

búskapur á Kolviðarhóli hófst um 1883 og varaði fram á miðja 20. öld. Ræktað var upp tún á hólnum, afgirt túngarði, auk þess sem engjaheyskapur var stundaður við Húsmúlann, þar sem hlaðnir voru garðar og grafnir skurðir.¹

Þó að á Kolviðarhóli hafi verið stundaður hefðbundinn búskapur byggðist búseta þar fyrst á fremst á greiðasölu.² Samgönguminjar eru enda sá minjaflokkur sem helst einkennir Hengilssvæðið í heild sinni en Hellisheiðin var aðalleiðin milli vesturhluta Árnessýslu og Kjalarnesþings. Fram til loka 19. aldar lá leiðin austur yfir Hellisheiðina töluvert norðar en hún gerir í dag, norðan Reykjafells og framhjá Kolviðarhóli. Þar sem leiðin lá um Hellurnar austan við Reykjafell eru greinilegar djúpar götur í sléttu hrauninu, markaðar af sporum hesta í gegnum aldirnar. Göturnar voru friðlýstar árið 1971, ásamt vörðunum sem við leiðina standa og Helliskofanum sem reistur var á heiðinni um 1830.³ Nýr vegur var lagður um 1877-1880 og lá hann um Svínahraun, upp Helliskarð og yfir Hellurnar á svipuðum slóðum og gömlu göturnar. Sá vegur var þó ekki vagnfær og var því annar vegur lagður yfir Hellisheiði 1894-1895 sem lá sunnan Reykjafells líkt og Hringvegurinn gerir í dag.⁴



Hellurnar á Hellisheiði. Ljósmynd tekin 2006.

Fleiri leiðir lágu frá Kolviðarhóli: Vegurinn milli hrauns og hlíðar lá frá hólnum til norðausturs milli Orustuhólshrauns og hlíðar Skarðsmýrarfjalls í Brúnkollublett.⁵ Einnig lágu tvær leiðir frá Kolviðarhóli til suðurs: Lágaskarðsvegur og Þrengslaleið. Lágaskarðsvegur var aðalleið þeirra sem stefndu niður í Ölfuss eða Selvog. Nokkur tilbrigði eru við leiðina, frá Kolviðarhóli hefur beinust leið verið milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks og áfram í Lágaskarð, en einnig var stundum farið austan Lágaskarðshnúks til suðurs í Lágaskarð og voru þar götur. Úr skarðinu var hægt að fara þrjár mismunandi leiðir eftir því hvert för var heitið: Í fyrsta lagi var hægst fyrir þá sem stefndu í vesturhluta Ölfuss eða Selvog að fara vestan Eldborga og með Meitilstagli til suðurs. Í öðru lagi var hægt að taka stefnu á bæina Litlaland og Hlíðarenda. Lá sú leið eftir Sanddölum og til suðausturs meðfram Lönguhlíð og

³ ÁFÍ 2003, 18-20; Orri Vésteinsson 1998, 13; SK, 81, 124.

³ Orri Vésteinsson 1998, 13.

⁴ Orri Vésteinsson 1998, 11-13; Friðlýsingaskrá, 62.

⁴ Orri Vésteinsson 1998, 13-14; Landnám Ingólfs 2, 88-89.

⁵ Birna Lárusdóttir 2006, 14.

var það líklega aðalleiðin. Í þriðja lagi gátu þeir sem stefndu á Hjallahverfi í Ölfusi farið austur Lakadal og meðfram Vestur-Hálsum.⁶ Leiðin um Þrengslin var áður fyrr fáfarnari en Lágaskarðsvegur.⁷ Frá Kolviðarhóli lá sú leið vestan undir hlíðum Gráuhnúka og Stakahnúks til suðurs með stefnu á Litlaland og Hlíðarenda líkt og aðalleið Lágaskarðsvegur.⁸



Horft yfir að Hellum í Lágaskarði, til NNV. Ljósmynd tekin 2023.

Auk ofangreindra leiða liggja um svæðið við Meitla og Hverahlíð fjöldi ónefndra gatna sem sumar tengdu mismunandi greinar Lágaskarðsvegur eða tengdu Lágaskarðsveg við aðrar leiðir svo sem Suðurferðagötu eða veginn milli hrauns og hlíðar. Suðurferðagata liggur utan við áhrifasvæði Hellsheiðarvirkjunar austan við Skálafell og var farin úr Hjallasókn til Reykjavíkur eða norður í Grafning.⁹

Íþróttafélag Reykjavíkur keypti Kolviðarhól árið 1938 fyrir skíðaiðkun og reisti skíðastökkpall við Búastein en starfsemi á Kolviðarhóli lauk 1952. Búskapur var tekinn upp aftur um fárra ára skeið 1963-1965 en síðan lagðist jörðin endanlega í eyði og var húsið



Kolviðarhöll (rétt til vinstri við miðju) og umhverfi, horft til vesturs. Ljósmynd tekin 2019.

⁵ Birna Lárusdóttir 2008, 9-10; Hkort 37 SV.

⁶ Orri Vésteinsson 1998, 11-14.

⁷ Hkort 37 SV.

⁹ Birna Lárusdóttir 2006, 22.

á Kolviðarhóli á endanum rífið í júlí 1977.¹⁰ Engar byggingar eru í dag uppistandandi á hólnum. Sunnan Reykjafells í Hveradölum reisti Skíðafélag Reykjavíkur skíðaskála árið 1934. Skálinn brann 1991 en annar var reistur í hans stað sem stendur enn í dag.¹¹

Þau mannvirki sem einkum setja svip sinn á svæðið nú tengjast þó flest virkjanaframkvæmdum. Jarðhitarannsóknir á Hengilssvæðinu hófust rétt fyrir miðja 20. öld en fyrstu niðurstöður athugana á þeim tíma voru að „Vestursvæðið“, frá Kolviðarhóli að Innstadal, væri ekki álitlegt fyrir hitaveitu til Reykjavíkur.¹² Nokkrar rannsóknarborholur voru hins vegar boraðar í lok 20. aldar og á fyrstu árum 21. aldar og var í kjölfarið ákveðið að reisa jarðvarmavirkjun á Hellisheiði. Virkjunin var tekin í notkun árið 2006 og stendur stöðvarhús virkjunarinnar rétt suðvestan við Kolviðarhól.¹³ Önnur mannvirki virkjunarinnar dreifast víða um svæðið sunnan Hengilsins og hafa tugir borhola verið gerðar á svæðinu.

10 Alþýðublaðið 01.09.1938, 1; SB III, 355; Morgunblaðið 10.09.1963, 23-24; Tíminn 24.07.1977, 2-3.

11 ÁFÍ 2003, 26.

12 Gunnar Böðvarsson 1951, 39-40.

13 Orkuveita Reykjavíkur 2003, 47; Orka náttúrunnar, án ártals.

IV. Fyrri athuganir

Alls hafa farið fram 16 skráningarverkefni og einn fornleifauppgröftur innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar. Um skráningarverkefnin gildir þó að ekki bættust alltaf við fornleifar í hverri úttekt og misjafnt hvort að staðir sem áður höfðu verið skráðir voru heimsóttir aftur eða ekki.

Fyrsta fornleifaskráning á svæðinu fór fram árið 1997 þegar Bjarni F. Einarsson hjá Fornleifafræðistofunni (FFS) skráði fornleifar innan línustæðis Búrfellslínu 3A. Full fornleifaskrá þeirrar skýrslu var ekki aðgengileg við vinnu þessarar samantektar, en lýsing á nokkrum fornleifum er að finna í helstu niðurstöðum skýrslunnar auk þess sem vísað er til skráningarinnar í síðari skýrslum Fornleifafræðistofunnar.¹⁴ Miðað við tiltækar upplýsingar voru fimm fornleifar skráðar innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar í þeirri skráningu.

Árið eftir skráði Orri Vésteinsson hjá Fornleifastofnun Íslands (FSÍ) fornleifar á afrétti Ölfushrepps og byggði sú skráning á heimildakönnun Birnu Gunnarsdóttur og Sædísar Gunnarsdóttur.¹⁵ Úttektin byggði á heimildaskráningu og ekki voru allar fornleifar sem nefndar eru í skýrslunni heimsóttar, en þær sem skráðar voru á vettvangi voru hnitsettar með litlu GPS-tæki, sýnilegar minja handteiknaðar og ljósmyndir aðeins teknar á völdum stöðum.¹⁶ Í skýrslunni er fjallað um 75 fornleifar sem falla innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar,¹⁷ og voru þar á meðal allar fimm fornleifarnar sem skráðar voru 1997.

Árið 2001 gerði Orri Vésteinsson greinargerð um fornleifar á Hellisheiði fyrir vegna fyrirhugaðra rannsóknarborana. Ekki var farið á vettvang vegna greinargerðarinnar heldur var stuðst við skráninguna frá 1998.¹⁸

Árið 2002 skráði Elín Ósk Hreiðarsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands fornleifar í Hveragerði, utan þess svæðis sem fjallað er um í þessari samantekt, en við sögu komu tvær leiðir sem ná inn á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar og hafði önnur þeirra ekki verið skráð áður á vettvangi.¹⁹

Önnur greinargerð var unnin af stofnuninni vegna fyrirhugaðra framkvæmda við

¹⁴ Bjarni F. Einarsson 1997; Bjarni F. Einarsson 2006.

¹⁵ Birna Gunnarsdóttir & Orri Vésteinsson 1997.

¹⁶ Orri Vésteinsson 1998.

¹⁷ Hér er talinn fjöldi einstakra fornleifa (eininga) eins og þær koma fyrir í fornleifaskrá hér á eftir en í skráningunni 1998 sem og í fleiri gömlum skráningarverkefnum voru fornleifar innan sama minjastaðar oft skráðar saman undir einu númeri. Sé fornleifunum því flett upp í upprunalegu skýrslunum gæti uppgefinn fjöldi fornleifa verið minni.

¹⁸ Orri Vésteinsson 2001.

¹⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2002.

Hellisheiðarvirkjun árið 2003, þá af Adolf Friðrikssyni og Ugga Ævarssyni. Engar áður óþekktar fornleifar fundust við vettvangsathugun og skráning frá 1998 var ekki endurskoðuð en allar minjar innan úttektarsvæðisins voru merktar á kort.²⁰ Í gögnum Fornleifastofnunar er einnig óútgefin skráning frá sama ári, og eru í henni fjórar fornleifar innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar, þar af tvær sem ekki höfðu verið skráðar áður.

Þriðju greinargerðina vann Oddgeir Isaksen (þá Hansson) hjá Fornleifastofnun Íslands árið 2005 vegna fyrirhugaðrar stækkunar á orkuvinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar við Stóra-Skarðsmýrarfjall, Ölkelduháls og undir Hverahlíð. Í skráningunni bættust við fjórar fornleifar innan þess svæðis sem fjallað er um í skýrslunni. Sömu aðferðum var beitt og í skráningu Fornleifastofnunar árið 1998 en allar minjar ljósmyndaðar og leiðir að hluta raktar með GPS-tæki á vettvangi.²¹ Þær aðferðir voru síðan áfram notaðar í öðrum verkefnum sem nefnd eru hér á eftir árin 2006 og 2007.

Þrjú skráningarverkefni voru unnin á svæðinu árið 2006. Í maí það ár skráðu Dagný Arnarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir hjá Skriðuklaustursrannsóknnum (SKR) fornleifar vegna fyrirhugaðrar breikkunar Suðurlandsveggar.²² Sjö af þeim fornleifum sem skráðar voru vegna framkvæmdanna voru innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar, þar af tvær sem ekki höfðu verið skráðar áður. Í byrjun september var Fornleifastofnun Íslands á svæðinu, þá vegna fyrirhugaðra rannsókna á jarðvarma við Hverahlíð og á Ölkelduhálssvæði, og sá Birna Lárusdóttir um skráninguna. Aðeins voru valin svæði gengin þar sem helst mátti búast við fornleifum og eldri skráning endurskoðuð. Leiðir á svæðinu voru að hluta raktar með litlu GPS-tæki á vettvangi en að hluta skráðar af loftmynd.²³ Skráðar voru 66 fornleifar innan núverandi áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar, þar af 55 sem ekki höfðu áður verið skráðar á vettvangi. Þriðja skráningin var unnin af Bjarna F. Einarssyni hjá Fornleifafræðistofnunni síðar sama mánuð, vegna fyrirhugaðrar háspennulínu frá Ölkelduhálssi og Kolviðarhóli í Árnessýslu að Geithálssi og Straumsvík í Gullbringusýslu.²⁴ Skráðar voru 32 fornleifar innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar,²⁵ þar af 17 sem ekki höfðu verið skráðar áður.

Árið 2007 vann Birna Lárusdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands tvær skráningar á svæðinu. Annars vegar viðbót við verkefnið frá 2006, vegna breytinga á lagnaleiðum, en

20 Adolf Friðriksson & Uggi Ævarsson 2003.

21 Oddgeir Hansson 2005.

22 Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006.

23 Birna Lárusdóttir 2006.

24 Bjarni F. Einarsson 2006.

25 Samkvæmt skýrslunni (Bjarni F. Einarsson 2006, 26-27) voru vörður við leið ÁR-721:005 hnitsettar í skráningunni, en þau hnit sem uppgefin eru í skýrslunni virðast eiga við aðrar minjar langt utan svæðisins og engin lýsing er á vörðunum. Þær eru því ekki hafðar hér með í tölu skráðra fornleifa.

hins vegar vegna fyrirhugaðra rannsóknaborana við Litla-Meiti og Gráuhnúka.²⁶ Í fyrri verkefninu voru fjórar fornleifar skráðar innan núverandi áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar en þær höfðu allar áður verið skráðar af Fornleifafræðistofunni. Í því seinna var 21 fornleif skráð innan svæðisins, þar af 18 sem ekki höfðu verið skráðar áður.

Kristinn Magnússon og Sólborg Una Pálsdóttir hjá Fornleifavernd ríkisins (FVR, síðar Minjastofnun Íslands) skráðu fornleifar á Hengilssvæðinu árið 2008. Skráningin var sú fyrsta á svæðinu þar sem stór hluti minja var mældur upp, með Trimble ProX GPS-tæki. Leiðir voru að hluta raktar á vettvangi en að hluta merktar inn á loftmynd.²⁷ Alls voru 114 fornleifar innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar kannaðar, þar af sjö sem ekki höfðu verið skráðar áður.

Árið 2009 vann Bjarni F. Einarsson hjá Fornleifafræðistofunni skráningu vegna háspennulínu frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ. Engar áður óþekktar fornleifar fundust innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar og engu var bætt við eldri skráningu Fornleifafræðistofunnar frá 2006 á þekktum minjum.²⁸

Fornleifastofnun Íslands vann undir stjórn Ragnheiðar Gló Gylfadóttur aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi á árunum 2012-2018. Minjastaðir sem höfðu verið skráðir í fyrri verkefnum voru ekki heimsóttir aftur og ekki bættust við áður óþekktar fornleifar innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar.²⁹

Þrjú skráningarverkefni voru unnin á svæðinu árið 2023. Eitt þeirra var unnið af Bjarna F. Einarssyni hjá Fornleifafræðistofunni, vegna lagningar rafstrengs frá Nesjavallavegi að Hellisheiðarvirkjun. Fornleifar voru hnitsettar og mældar upp með Trimble Juno T41/5 GPS-tæki.³⁰ Tvær fornleifar voru skráðar, þar af ein sem ekki hafði verið skráð áður. Hin verkefnin tvö voru unnin af Fornleifastofnun Íslands, bæði undir stjórn Kristjönu Vilhjálmsdóttur, vegna fyrirhugaðra rannsóknaborana í Meitlum og Hverahlíð. Aðrir skrásetjarar í fyrri verkefninu voru Agla Geirlaug Aradóttir Ringsted, Gylfi Helgason og Helga Jónsdóttir.³¹ Skráðar voru fjórar fornleifar, en þær voru allar þekktar úr fyrri skráningum. Skrásetjarar í síðara verkefninu voru auk Kristjönu, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson. Minjar voru hnitsettar og mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 GPS-tæki. Leiðir voru að mestu raktar á vettvangi en að hluta af loftmynd, einkum þar sem þær lágu milli

26 Birna Lárusdóttir 2007; Birna Lárusdóttir 2008.

27 Kristinn Magnússon 2008.

28 Bjarni F. Einarsson 2009.

29 Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2015; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020.


30 Bjarni F. Einarsson 2023.

31 Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023a.

úttektarsvæða.³² Skráðar voru 19 fornleifar, þar af níu áður óþekktar minjar.³³

Auk þeirra fjölmörgu skráningarverkefna sem unnin hafa verið innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar þá hefur fornleifauppgröftur farið fram á einum stað innan svæðisins. Það var árið 2016 en þá rannsökuðu Ármann Dan Árnason, Bjarni F. Einarsson og Hermann Jakob Hjartarson hjá Fornleifafræðistofnunni rúst í Hveradölum sem ekki hafði verið skráð í fyrri athugunum á svæðinu. Uppgröfturinn var unnin að beiðni Hveradala ehf. Teknir voru þrír könnunarskurðir í tóftina og bentu niðurstöður rannsóknarinnar til þess að um bragga frá síðari heimsstyrjöld væri að ræða.³⁴

Árið 2024 tók Fornleifastofnun Íslands að sér að yfirfara og taka saman upplýsingar um fornleifar á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Auk samantektar var heimildaskráning yfirfarin þar sem hún var að hluta yfir 20 ára gömul og loftmyndir af svæðinu athugaðar í leit að minjum. Nánari upplýsingar um þá aðferðafræði sem notuð var við verkið er að finna í næsta kafla en við yfirferð loftmynda og heimilda bættust við upplýsingar um 16 fornleifar.



Á loftmyndinni má sjá mörk flestra þeirra skráningarverkefna sem unnin hafa verið á Hellisheiði á síðustu áratugum þar sem fornleifar voru nýskráðar. Gögn fengin úr Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands 1/2025. Afmarkanir vantar fyrir eftirfarandi skráningarverkefni: Bjarni F. Einarsson 1997, Oddgeir Hansson 2005 og Birna Lárusdóttir 2007; en úttektarsvæði þeirra verkefna voru ekki skilgreind nákvæmlega í skráningarskýrslum.

32 Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b.

33 Bjarni F. Einarsson 2023.

34 Ármann Dan Árnason & Bjarni F. Einarsson 2016, 3, 8.

V. Aðferðir við fornleifaskráningu

Skráningin sem hér birtist byggir að miklu leyti á heimilda- og vettvangskráningum Fornleifastofnunar Íslands frá 1998-2023 en af þeim 193 fornleifum sem þekktar eru innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar og hafa verið skráðar á vettvangi eru aðeins 16 sem ekki hafa á einhverjum tímapunkti verið heimsóttar af starfsmönnum stofnunarinnar. Margar fornleifanna hafa þó einnig verið athugaðar af öðrum skrásetjurum, hjá Fornleifafræðistofunni, Skriðuklaustursrannsóknnum og Fornleifavernd ríkisins. Öllum fornleifum sem ekki höfðu verið skráðar áður af Fornleifastofnun Íslands var gefið nýtt númer eða samtölu í númerakerfi Fornleifastofnunar til samræmis við aðrar minjar sem fjallað er um. Í texta í fornleifaskrá koma þó einnig fram þau númer sem fornleifin fékk hjá öðrum skrásetjurum.

Í skýrslunni er einnig að finna upplýsingar um 18 áður óþekktar fornleifar sem fundust við yfirferð loftmynda og heimilda og fengu þeir staðir einnig samtölunúmer. Reynt var að lýsa útliti þeirra eftir bestu getu ásamt því að grófar útlínur minjanna voru teiknaðar ofan á loftmynd, þar sem minjar virtust sýnilegar á yfirborði, og staðsetningarhnit tekið. Um þá staði sem fundust á loftmynd og ekki eru þekktar heimildir um gildir þó að ekki verður að fullu skorið úr um hvort um fornleifar sé að ræða nema með vettvangsathugun. Í tilfelli fornleifa sem heimildir eru um en virðast horfnar af yfirborði var staðsetning áætluð út frá rituðum heimildum auk gamalla ljós- og loftmynda ef til voru.

Við elstu skráningar Fornleifastofnunar, Fornleifafræðistofunnar og Skriðuklaustursrannsókna var aðeins tekið eitt kennihnit á hverjum stað, en í skráningu Fornleifastofnunar 2005 bættist þó við að leiðir voru að hluta raktar með GPS-tæki. Við skráningu Fornleifaverndar ríkisins voru aðrar minjar í fyrsta sinn uppmældar á svæðinu. Við samantektina sem hér fer á eftir voru nýtt þau uppmælingagögn sem Fornleifavernd ríkisins safnaði á svæðinu 2008 í þeim tilvikum þar sem ekki voru tiltækar yngri mælingar. Þar sem auðsýnt þótti að skekkja væri á uppmælingum og hnitum, bæði þeirra sem tekin voru af Fornleifavernd og öðrum skráningaraðilum, var reynt að leiðrétta gögnin með tilliti til nýjustu loftmynda frá Loftmælingum ehf. Uppmælingarnar voru jafnframt skilgreindar m.t.t. efnis út frá lýsingum í texta. Þar sem uppmælingar Fornleifaverndar koma fyrir eru þær allsstaðar merktar stofnuninni sérstaklega.

Gerð var tilraun til að teikna gróflega upp lag og útlit annarra tófta og minja sem ekki hafa verið mældar upp, bæði þær tóftir sem handteiknaðar voru í eldri skráningu og eins þær minjar sem fundust við yfirferð loftmynda. Lag og útlit þessara uppteiknuðu minja er settar fram með fyrirvara og mikilvægt að árétta að ekki er um uppmælingar að ræða og er uppruni þeirra tiltekinn í myndatexta. Minjar sem teiknaðar voru upp með hliðsjón af handteikningu


voru skilgreindar samkvæmt því efni sem tilgreint var á teikningunni en minjar sem aðeins voru teiknaðar út frá loftmynd eru einkenndar með bleikum lit.

Skráningarkerfi Fornleifastofnunar tók einhverjum breytingum á þeim tíma sem leið á milli skráninga. Við yfirferðina 2024 var reynt að aðlaga eldri gögn eins og hægt var að nýrra kerfi. Stærsta breytingin er fólgin í því að í eldri skráningu voru minjabyrpingar skráðar saman án þess að ítarlega væri gerð grein fyrir hverri minjaeiningu/fornleif en síðan þá hefur áherslan færst yfir í það að skrá hverja fornleif sérstaklega og gefa sérstakt kenninúmer. Við yfirferðina var því farin sú leið að færa skráninguna yfir á þetta form eftir bestu getu. Hver fornleif/eining hefur því sitt kenninúmer og í skráningunni fylgir sérstakur texti um hvern stað. Upplýsingar um hverja fornleif byggja þá annars vegar á eldri skráningartexta og hins vegar þeim upplýsingum sem afla mátti út frá uppmælingum og loftmyndum. Í töflu í Viðauka I er að finna yfirlit um allar minjar, upplýsingar um hvaða ár þær voru skráðar, af hverjum og hvort til eru uppmælingar af staðnum.

Hér á eftir verður farið yfir þá aðferðafræði sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar hvílir á. Í kerfinu hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-544:044 sem er leið í Árnessýslu innan marka jarðarinnar Breiðabólsstaðar sem hefur kenninúmerið 044). Við vettvangsskráningu var lengi vel fylgt þeirri meginreglu að hver minjastaður fékk eitt númer óháð því hversu margar fornleifar heyrðu undir hann. Með nýjum stöðlum í fornleifaskráningu sem tóku gildi 1. janúar 2013 var kveðið á um að hverja fornleif/minjaeining skyldi skrá og hnitsetja sérstaklega og hún skyldi fá sitt eigið kenninúmer. Við þá vinnu sem unnin var 2024 var umræddum stöðlum fylgt og var því hverri fornleif gefið númer og hnit og um hana fjallað sérstaklega í skýrslunni. Þar sem fleiri en ein fornleif falla undir hvern minjastað fá þær undirnúmer sem bætist aftast við númeraröðina (dæmi: ÁR-721:005_15 sem er varða við leið á Hellunum þar sem samtals var skráð 51 undirnúmer).

Fornleifaskrá hvernar jarðar eða svæðis hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna þar sem við á. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar/svæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en

úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni. Venjulega er gert hættumat á hverjum minjastað og var það gert í fyrri skráningum en umrætt hættumat var tengt fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Það er því úrelt og ekki birt í þessari skýrslu.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttekta-svæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Við úttektina var farið yfir loftmyndir frá Loftmyndum ehf og Landmælingum Íslands og leitað að áður óþekktum minjum. Rétt er að geta að þess að í flestum tilfellum er rétt að setja fyrirvara á umræddar fornleifar enda þarf vettvangsskoðun til að hægt sé að staðfesta að ummerkin séu í raun fornleifar. Einnig er rétt er að taka fram að margar tegundir af minjum sjást ekki gjörlla á loftmyndum. Það á t.d. við um smærri hleðslur og óljósari þústir og vörður en síðasttaldi minjahópurinn er einmitt sá sem hvað algengastur er á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar, yfir helmingur þekktra fornleifa á svæðinu.

Skýringar á uppmælingum

● Fornleif	■ Steypa	■ Fornleif af loftmynd
--- Leið	▨ Grjót og steypa	— Kantur af loftmynd
▨ Grjót	■ Tréverk	--- Skurður af loftmynd
■ Torf	▨ Niðurgroftur	--- Leið af loftmynd
▨ Torf og grjót	□ Steinn (náttúrulegur)	
▨ Torf, grjót og steypa	— Klettur (náttúrulegur)	

Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

VI. Fornleifaskrá

ÁR-544 Breiðabólsstaður

1695, 1708, 1847: 40 hdr. Bændaeign. OILR, 118; JÁM II, 439; JJ, 76.

1397: Getið í Vilchinsmáldaga. DI IV, 98-99.

1523: Getið í kirkjureikningum. DI IX, 158-159.

1542: Getið í kaupbréfi. DI XI, 146

1551: Getið í kaupbréfi. DI XII, 307

1561: Getið í tylftardómi. DI XIII, 622-623

1575: Getið í Gíslamáldaga. DI XV, 642.

„Kirkja var þar samkvæmt gömlum heimildum.“ segir í Sunnlenskum byggðum III.

1708: „Skiptuppsátur á jörðin í Þorlákshöfn fyrir selstöðu í heimalandi. Sölvaföru á jörðin í Selvogi fyrir Neslandi fyrir hrossabeit um sumur. [...] Engjatak á jörðin og brúkar árlega á Hraunsengi, þar sem heita Lambeyrar. Þar í mót segja menn, að Hraun eigi lýngrif á 30 hesta annaðhvort ár í Breiðabólsstaðarlandi [...].“ JÁM II, 439.

1708 eru nefndar tvær hjáleigur, Vindheimur og Skriða. JÁM II, 439.

1917: Tún 5 ha, 9/10 slétt. Garðar 1050 m².

1708: „Torfrista og stúnga mjög so lök, þó ei annarstaðar að tilfengið. Lýngrif til eldiviðar hefur verið, brúkast enn, en þver mjög. Berjalestur nægur fyrir heimabóndann. [...] Túninu granda leirskriður með smágrjóti úr brattlendi. Engi má ekkert telja nema það sem sókt er á Hraunsengis íta ut supra. Vatnsból bregst um vetur, so þá verður að þíða snjó fyrir kvikfje.“ JÁM II, 439.

ÁR-544:041_01 *Þorlákshafnarsel* tóft sel 379992 387455

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir um Breiðabólsstað í Ölfusi: „Skiptuppsátur á jörðin í Þorlákshöfn fyrir selstöðu í heimalandi.“ Í 1. bindi sögu Þorlákshafnar eftir Skúla Helgason segir: „Frá fornu fari mun Þorlákshöfn hafa haft í seli í Breiðabólsstaðarlandi í Ölfusi [...] Þorlákshafnarsel stóð undir Votabergi, sem er skammt fyrir norðan þjóðveginn um Þrengslin, sem svo eru kölluð sunnan Hellisheiðar[...] Selrústirnar, eins og þær líta út nú á dögum, eru ekki beinlínis við bergið sjálft heldur við lítinn hamraskúta kippkorn frá. Rústirnar eru vallgrónar en skýrar. Aðalhúsið, sem sýnist vera, er um 4 m á lengd og 2 m á breidd, líklega selbaðstofan, en af enda hennar er örlítið hús, sem




Seltóft 041_01, horft til suðausturs á ljósmynd frá 2007. Uppmæling: FVR.

gæti hafa verið eldhús, en til hliðar og nær skútanum er þriðja húsið, ef til vill mjólkurhús, rösklega 3 m á lengd og 1.5 m á breidd, en við enda þess örlítill kofi, sem gæti hafa verið smalabyrgi eða hundakofi.“ Á myndasíðum sömu bókar framan við miðju er uppdráttur af selinu sem Kristján Eldjárn hefur gert þann 28.09.1963 og sömuleiðis ljósmynd af Skúla Helgasyni þar sem hann stendur og virðir fyrir sér rústirnar. Þær eru friðlýstar eins og frá segir í Friðlýsingaskrá: „Breiðabólsstaður. Rústir Þorlákshafnarsels undir Votabergi á Hellisheiði. Skjal undirritað af ÞM 20.01.1976. Þinglýst 16.06.1977.“ Tóftirnar eru enn mjög greinilegar, um 300 m norður af Þrengslavegi en um 100 m suður af Votabergi, sem er lóðrétt hamrastál sem liggur frá norðri til suðurs vestan í Meitilstagli, sem gengur frá fjallinu Litla-Meitli til suðurs. Selið er um 13 km norður af Þorlákshöfn. Það hefur einnig verið nefnt Hafnarsel, t.d. á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969. Tóftirnar eru þrjár og ná alls yfir svæði sem er um 75 x 15 m stórt. Þær voru fyrst skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2007 en voru einnig skráðar og uppmældar af Fornleifavernd ríkisins árið 2008, tóft 01 undir númeri 361, tóft 02 undir númeri 362 og tóft 03 undir númeri 360.

Tóftirnar eru vestan undir stöku bjargi sem er suðvestan Votabergs. Um 20 m vestan tóftanna er ágætlega gróið hraun en grösugar grundir eru undir berginu og þar vestar, sunnan undir fjallinu.

Seltóftin sjálf 01 er norðar og austar, vestan undir háu bjargi. Í skráningu 2007 er seltóftin sögð skiptast í fjögur hólfið og vera alls um 14 x 14 m stór. Tvö sambyggð hólfið liggja í beinni línu til norðvesturs út frá áðurnefndu bjargi. Það vestara (A) snýr með dyr í norðvestur og er mjög lítið, um 1 x 0,5 m N-S að innanmáli. Austara hólfið (B) er stærra, um 4 x 1 m að innanmáli frá austri til vesturs og er op á því vestast í norðurátt. Ekki er opið milli hólfa A og B. Mikil gróska er í veggjum sem eru allt að 1,2 m háir að utanverðu. Þessi hólfið virðast samtíða. Hólf C gengur til suðurs frá B og er grafið inn í brekku að austanverðu en uppbyggt



Minjar Þorlákshafnarsels ÁR-544:041. Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

að vestan. Það er um 3 x 1 m stórt og snýr N-S. Dyr eru á vesturlanghlið og örlar þar á grjóti í hleðslum. Tóftin er lágreistari og minni gróska í veggjum en í A og B, mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Fjórða hólfið, D, er fast norðan við A og sambyggt því. Það liggur SA-NV og er um 5 x 1 m stórt að innanmáli. Dyr snúa í norðaustur en hugsanlega einnig í suðaustur þar sem kletturinn slútir yfir mjög gróskumikinn blett. Vesturhluti D er óskýr og siginn. Um einum metra vestan við D er ónýtt friðlýsingarskilti, þ.e. aðeins staurinn eftir. Í norðanverðum klettinum, sem er austan við tóftirnar, er örlítill skúti innundir bergið og þar hafa verið lagðar hellur. Sennilega er það seinni tíma verk en þó ekki óhugsandi að skútinn hafi verið geymslustaður. Skráningunni 2007 virðist bera ágætlega saman við uppdrátt Kristjáns Eldjárns í Sögu Þorlákshafnar. Samkvæmt skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 er tóftin um 14,5 x 11 m að stærð og var þá einnig mælt upp eitt hólfið að auki (E), milli hólfa B og D, um 1,5 x 1 m að stærð. Það hólfið er aðeins sýnt sem mjó glufa á teikningu 2007. Enginn inngangur er sýndur úr hólfi A á uppmælingu Fornleifaverndar.

Heimildir: JÁM II, 440; SH I, 51; Friðlýsingaskrá, 68; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar; Birna Lárusdóttir 2008; 15-17; Kristinn Magnússon 2008, 44


ÁR-544:041_02 tóft óþekkt

379992 387444

Á uppdrætti Kristjáns Eldjárns í Sögu Þorlákshafnar er agnarsmá tóft (nefnd smalabyrgi eða hundakofi) sýnd sunnan við tóft 01. Tóft 02 sást ekki á vettvangi þegar staðurinn var skráður 2007 en var skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 og er henni lýst svo: „Um 2 m sunnan við fyrrnefnda tóft [01] er lítil, skeifulaga tóft (nr. 362), líklega með tveimur hólfum. Tóftin er 3,8m x 3m að stærð með op í norður. Tóftin er mjög sokkin, hæð veggja aðeins um 30 cm.

Hún grasi gróin og mosavaxin en engar grjóthleðslur greinanlegar í veggjum.“ Á teikningu Kristjáns Eldjárns er tóftin sýnd einföld og enginn inngangur merktur

Heimildir: Sp I, 51; Kristinn Magnússon 2008, 44



Tóft 041_02. Uppmæling: FVR.

ÁR-544:041_03 tóft rétt

379933 387412

Tóft 03 er rúma 65 m suðvestur af 01, austan undir stakri klettaborg. Hún er miklu óljósari og signari en sú fyrrnefnda og sennilega aðeins um eitt byggingarstig að ræða. Tóftin er hlaðin austan undir klettahól, og hefur verið hlaðið með henni að norðan og austan en kletturinn hefur þjónað sem vesturhlið. Í skráningu 2007 er tóftin sögð um 7 x 4 m stór frá norðri til suðurs. Op hefur sennilega snúið í suður. Veggjahleðslur eru mjög óverulegar, aðeins um 0,3



Tóft 041_03, horft til suðurs á ljósmynd frá 2007. Uppmæling: FVR.

m háar en grjót gægist upp úr á nokkrum stöðum. Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 var tóftin mæld 8,5 x 2,9 m og sögð líklega aðhald fyrir skepnur.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 17; Kristinn Magnússon 2008, 44

ÁR-544:044 *Tæpistígur* heimild um leið 380049 387694

„Upp úr grasgeira ofan við Votaberg er sniðgata í snarbrattri hlíðinni, upp á brúnina, og heitir Tæpistígur,“ segir í grein í Farfuglinum frá 1975. Votaberg er vestan í Meitilstagli sem gengur til suðurs úr fjallinu Litla-Meitli, skammt ofan við Þorlákshafnarsel 041. Fornleifastofnun Íslands skráði Tæpastíg árið 2007. Staðurinn var innan rannsóknarsvæðis Fornleifaverndar ríkisins árið 2008 en var ekki með í þeirri skráningu.

Smá grasgeiri er ofan eða norðan við Votaberg.

Ekki sést greinilegur stígur þar nú. Tæpistígur hefur áreiðanlega ekki verið alfaraleið en hugsanlega leið smala eða leitarmanna eða einhverra sem vildu stytta sér leið yfir á Lágaskarðsleið ÁR-721:015. Þegar upp af Tæpastíg er komið er svæði dálítið norðar sem nefnist „Milli Meitla,,“ lögð milli Stóra- og Litla-Meitils. Þar hefur sennilega verið hægt að fara niður af fjalli til austurs og áleiðis norður í Lágaskarð.

Heimildir: Farfuglinn 19(1), (1975), 12; Birna Lárusdóttir 2008, 17

ÁR-544:045 hleðsla óþekkt 379809 388013

Hleðsluleifar eru í krika við Hrafnaklett, um 590 m norðvestur af Þorlákshafnarseli 041. Þær voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2007 en voru einnig skráðar og uppmældar af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númeri 363.

Hleðslan er í grasgeirum undir fjallshlíð. Ofan við staðinn er uppgengt í litla kvos eða dalverpi ofar í hlíðinni.

Hrúgan er á mörkum þess að hægt sé að kalla vörðu. Grjót hefur verið borið



Hleðsla 045, horft til norðvesturs. Ljósmynd frá 2007.

saman í hrúgu sem er um 1 m í þvermál og um 0,4 m há samkvæmt skráningu 2007. Hrúgan er nokkuð mosagróin en tilgangur með henni óljós. Þó hefur gamla Þrengslaleiðin ÁR-721:060 væntanlega legið þarna um og mögulegt að hér hafi verið varða við hana. Einnig er mögulegt að ætlunin hafi verið að merkja uppgönguleið á fjallið. Í skráningu Fornleifavarnar

ríkisins er hleðslan sögð um 1,5 x 1,4 m að stærð og hún talin yngri en seltóftirnar.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 18; Kristinn Magnússon 2008, 45

ÁR-544:046 heimild um náttstað

380095 387558

Í grein í Farfuglinum frá 1975 segir: „Undir Votabergi lágu Vesturleitarsmálar eina nótt í fyrstu fjárleit á haustin.“ Votaberg er standberg vestan í Meitiltagli, en það gengur til suðurs frá Meitlum. Bergið sést vel frá Þjóðveginum um Þrengsli. Skammt suðvestan við það er Þorlákshafnarsel 041. Fornleifastofnun Íslands skráði staðinn árið 2007. Staðurinn var innan rannsóknarsvæðis Fornleifaverndar ríkisins árið 2008 en var ekki með í þeirri skráningu.

Votaberg er hátt og þverhnipt en furðu slétt hamrastál. Undir því er grösug brekka mót vestri.

Smástallur er undir berginu áður en brekkan tekur við niður á jafnsléttu. Ekki er augljóst hvort smálar hafa hafst við þar eða neðar, undir brekkunni. Í heimildinni er ekki minnst á kofa eða skýli og líklegast að menn hafi hafst við undir berum himni eða e.t.v. í tjaldi. Hleðslur sjást undir berginu, mjög veigalitlar og líta út eins og ókláraðar. Um er að ræða hólfið, hlaðið á þrjár hliðar, um 4 x 3 m stórt A-V, en bergið skýlir að austanverðu. 6 m sunnan við



Leifar af leikmynd úr Myrkrahöfðingjanum undir Votabergi, horft í suður. Ljósmynd frá 2007.

hólfið gengur bein hleðsla niður frá klettinum til vesturs, rúmlega 8 m löng og 6 m norðan við hólfið er L-laga hleðsla sem gengur fyrst um 4 m til vesturs en sveigir svo um 90° í norður og fjarar þar út eftir 4-5 m. Varla stendur steinn yfir steini og ekki útlit fyrir að hleðslur hafi nokkurn tíma verið háar. Samkvæmt Birni Pálssyni, héraðsskjalaverði á Selfossi, eru hleðslur þessar hluti af leikmynd frá Hrafni Gunnlaugssyni og teljast því auðvitað ekki til fornleifa.

Heimildir: Farfuglinn 19(1), (1975), 12; Birna Lárusdóttir 2008, 18.

ÁR-721 Afréttur Ölfushrepps og Kolviðarhóll

Raufarberg ofan við Nóngil í Árstaðafalli var á mörkum Reykjalands og afréttar 1703 - SSÁ, 240.

Búskapur á Kolviðarhóli hófst um 1883. Jörðin fór endanlega í eyði 1965. SB III, 355.

1916: „Túnið er um 3,52 teigar, í góðri rækt, mjög harðlent, alt slétt. [...] Matjurtagarðar engir.“ Fasteignamat 1916-1918, 97.

„Búskapur var erfiður því að vetrarriki er þar mun lengra en annars staðar í Ölfusinu. Landið liggur um 300 m yfir sjó. Landið er þurrlendir vellir og grasbekkur í fjallshlíðum. Góð sumararbeit en oft snjóþungt á vetrum.“ SB III, 355.

ÁR-721:001_01 *Kolviðarhóll* heimild um bústað 383053 395059

„Jón [Jónsson] varð þá [1884] að víkja burt úr [sælu]húsinu [014], en ekki fór hann langt. Það mun hafa verið með leyfi hreppsnefndar Ölveshrepps, að hann fékk að byggja sér baðstofu niður í brekkunni á Kolviðarhóli; lengra fór hann ekki. [...] Þegar svo Sigurbjörn [Guðleifsson sæluhúsvörður] fluttist þaðan [1885] var Jóni falin umsjón hússins [014], og skömmu síðar flutti hann í það aftur. Baðstofuna lét hann standa og hýsti í henni ferðamenn. [...] Hann reif niður bæ sinn [um 1885] og flutti þangað sem gamla hesthúsið stóð [þ.e. sæluhús 012_01, sjá 012_02] [...],“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Auk baðstofu Jóns 01 risu á bæjarstæðinu hesthús 02 og hlaða 03, og líklega einnig smíðja 04 og hjallur 05. Einnig stóðu á hólnum sæluhús 012 og sæluhús 014 ásamt byggingum tengdum þeim, síðar gistihús 093, og skemma 094 auk þess sem stétt 095 var norðantil á hólnum Staðurinn var fyrst skráður á vettvangi af Fornleifastofnun Íslands 1998 en var einnig skráður og sýnilegar minjar uppmældar af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 326. Tóftirnar sem skráðar voru sem leifar síðustu húsanna á Kolviðarhóli í báðum þeim athugunum eru hesthús og hlaða og var þeim því gefin sér númer, 02 og 03, í endurskoðun skráningar 2024.


Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjafelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Hús- múla og Svínahrauni, en að austan



Kolviðarhóll, horft til vesturs. Ljósmynd frá 2021.

er mosagróið hraun. Rafmagnsmastur er í túninu suðvestan við hólinn og sunnan við það er lítill heimagrafreitur 097 með steypum veggjum. Fyrir utan tóft 002 er hleðslugrjót og steypuleifar á nokkrum stöðum á og utaní hólnum, einkanlega norðantil en ekkert af því svo mikið að talist geti húsaleifar. Upphlaðinn vegur 098 liggur upp á hólinn að norðan úr vestri. Ekki er vitað nákvæmlega hvar fyrstu bæjarhúsin á Kolviðarhóli stóðu en bærinn hefur líkast til staðið framan í hólnum suðvestantil, á svipuðum slóðum og hesthús 02 og hlaða 03 voru reist síðar. Engin skýr merki sjást um bæjarhúsin á yfirborði.

Heimildir: SK, 107, 233; Orri Vésteinsson 1998, 17; Kristinn Magnússon 2008, 22



Minjar í túni Kolviðarhóls. Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-721:001_02 tóft hesthús 383061 395055


Samkvæmt Sögu Kolviðarhóls reisti Jón Jónsson hesthús yfir 10 hesta um 1886. „Það var árið 1890, sem amtsjórður keypti bæ þann [001_01], er Jón hafði byggt í brekkunni fyrir neðan Kolviðarhól. Sömuleiðis hesthús, er hann hafði reist yfir hesta ferðamanna. [...] Árið 1903 endurbyggði Guðni [Þorbergsson] og stækkaði hesthúsin. Byggði þá stórt og mikið ferðamannahesthús, var það allt hlaðið úr tilhöggnum móbergssteini lögðum í „steinlím,, fallega unnið verk. Er það nú [1959] eitt þeirra útihúsa á Kolviðarhóli, sem fallin eru í tóft. Enn

má sjá þar hina tilhöggnu móbergssteina úr veggjum þess, sumir á annan metra á lengd. [...] Hesthús og fjárhús [fjós?] eru þar [um 1901] undir einu þaki; hesthúsunum er skipt í sundur. Þau taka nú til samans um 30 hesta, en fjósið um 10 nautgripi,“ segir í sama riti. Hesthúsið stóð suðvestan til á hólnum og sést vel á mörgum þeim myndum sem teknar hafa verið af Kolviðarhóli og geymdar eru í Sarpi. Af myndunum að dæma hefur húsið verið rífið milli 1940 og 1960.

Í skráningu 1998 er tóftum 02 og 03 á bæjarstæði Kolviðarhóls lýst svo: Undirstöður síðustu húsanna á Kolviðarhóli sjást enn vel og hafa sumar verið steyptar en aðrar eru úr tilhöggnum sandsteini, sem víða má finna í Reykjavelli beint ofan við hólinn. Steinarnir eru allstórir, margir um 60x30x30 sm. Sumstaðar er steyp á þessar hleðslu. Mesta hleðsluhæð tóftanna er sögð 1,5 m en ekki er ljóst hvort átt er við hesthús 02 eða hlöðu 03.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 er hesthúsi 02 og hlöðu 03 lýst saman, hesthúsið nefndur SA-hluti en hlaða NV-hluti: „Leifar síðustu húsanna á Kolviðarhóli [sjá aths við 001_01] eru enn sýnilegar (nr. 326), nokkuð sérstakar að gerð en þar ægir ýmsu byggingarefni saman; torfi og grjóti, tilhöggnu hleðslugrjóti og steinsteypu. Veggir minna norðvesturhólfsins [03] eru steinsteypdir en einnig má finna steinsteypu milli gangsins og miðjuhólfsins í suðaustur-hlutanum. Efri hluti hússins (SA-hlutinn) er 22,5 m x 16 m að stærð og liggur NA-SV.“

Heimildir: SK, 108, 113, 233, 235; Sarpur Lpr-1441-29; Sarpur GO-40; Sarpur JK5-299; Sarpur Lpr/2016-83-1; Orri Vésteinsson 1998, 17; Kristinn Magnússon 2008, 22



Tóftir 001_02 og 001_03. Uppmæling: FVR.



Tóft 001_02 eða 001_03. Ljósmynd: Sólborg Una Pálsdóttir/FVR, 2008.


„Hjall [04], smiðju [05] og heyhlöðu reisti hann [Jón Jónsson] líka [milli 1885-1890] og tók hlaðan um 100 hesta [...] Hlöður eru stækkaðar svo [af Guðna Þorbergssyni], að nú [1901] taka þær um 4-500 hesta,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Hlaðan stóð suðvestan til á hólnum, tæpum 5 m norðvestan við hesthús 02. Hún sést vel á mörgum þeim myndum sem teknar hafa verið af Kolviðarhóli og geymdar eru í Sarpi. Af myndunum að dæma hefur hlaðan verið timburhús og verið rífin milli 1940 og 1960.

Í skráningu 1998 er tóftum 02 og 03 á bæjarstæði Kolviðarhóls lýst svo: Undirstöður síðustu húsanna á Kolviðarhóli sjást enn vel og hafa sumar verið steyptar en aðrar eru úr tilhöggnum sandsteini, sem víða má finna í Reykjafelli beint ofan við hólinn.

Steinarnir eru allstórir, margir um 60x30x30 sm. Sumstaðar er steyp á þessar hleðslu. Mesta hleðsluhæð tóftanna er sögð 1,5 m en ekki er ljóst hvort átt er við hesthús 02 eða hlöðu 03.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 er hesthúsi 02 og hlöðu 03 lýst saman, hesthúsið nefndur SA-hluti en hlaða NV-hluti: „Leifar síðustu húsanna á Kolviðarhóli [sjá aths við 001_01] eru enn sýnilegar (nr. 326), nokkuð sérstakar að gerð en þar ægir ýmsu byggingarefni saman; torfi og grjóti, tilhöggnu hleðslugrjóti og steinsteypu. Veggir minna norðvestur-hólsins [03] eru steinsteyptir en einnig má finna steinsteypu milli gangsins og miðjuhólsins í suðaustur-hlutanum. [...] Neðri hlutinn (NV-hlutinn) er um 19 m x 10 m og liggur NV-SA. Að öllum líkindum er sá hluti yngri viðbygging.“ Uppmæling Fornleifaverndar tengir tóftir 02 og 03 saman en á ljósmyndum sést að bil var á milli húsanna.

Heimildir: SK, 233, 235; Sarpur Lpr-1441-29; Sarpur GO-40; Sarpur JK5-299; Sarpur Lpr/2016-83-1; Orri Vésteinsson 1998, 17; Kristinn Magnússon 2008, 22



Tóftir 001_02 og 001_03. Uppmæling: FVR.

„Hjall, smiðju [05] og heyhlöðu [03] reisti hann [Jón Jónsson] líka [milli 1885-1890] [...],“ segir í Sögu Kolviðarhóls.

Hjallurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi. Ekki er vitað hvar hann stóð en líklegt er að hann hafi verið á svipuðum slóðum og hesthús 02 og hlaða 03. Einnig er mögulegt að tóft

096 sé leifar af annað hvort hjallinum eða smiðju 05.

Heimildir: SK, 233

ÁR-721:001_05 heimild um smiðju

383054 395059

„Hjall [04], smiðju og heyhlöðu [03] reisti hann [Jón Jónsson] líka [milli 1885-1890] [...],“ segir í Sögu Kolviðarhóls.

Smiðjan hefur ekki verið skráð á vettvangi. Ekki er vitað hvar hún stóð en líklegt er að smiðjan hafi verið á svipuðum slóðum og hesthús 02 og hlaða 03. Einnig er mögulegt að tóft 096 sé leifar af annað hvort hjalli 04 eða smiðjunni.

Heimildir: SK, 233

ÁR-721:002 tóft útihús


383117 395055

„Í því [gistihúsi 093] var miðstöðvarhitun frá kolakatli í kjallara og raflýsing frá stórrí ljósavél, er byggt var yfir sérstakt hús úr steini nokkurn spöl frá aðalhúsinu,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Leifar hússins eru líklega þær sem sjást um 55 m austur af hesthúsi 001_02. Húsið sem þar stóð sést á ljósmyndum frá miðri 20. öld sem aðgengilegar eru í Sarpi. Tóftin var fyrst skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998, þá sem ótilgreint útihús, en var einnig skráð og uppmæld af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 331.

Tóftin er utan í hól í túni, gróid í kring.

Erfitt er að átta sig á lögun hússins en það hefur verið gert úr járnbentri steinsteypu, um 20 sm þykkir veggir neðst en ofan á liggja steypuplötur sem eru um 10 sm þykkar. Að hluta hefur húsið haft moldarveggi. Samkvæmt skráningu 1998 er aðalgrunnurinn 6x5 m, en norðan við hann eru steypuleifar á 2x4 m bili og þar næst norðan við annar húsgrunnur, 7x4 m og eru rásir þar sem veggirnir hafa verið og standa 6 staurar uppúr. Í skráningu Fornleifaverndar

ríkisins er stærð hússins sögð 6 x 7 m (NV-SA) og er ekki minnst á hinn húsgrunninn. Á ljósmyndum af húsinu uppistandandi sést einnig aðeins ein bygging. Við yfirferð skráningar 2024 voru sáust greinilegar tvær rásir norðaustan við húsgrunninn sem skráður var af



Fornleifavernd og voru þær mældar upp af loftmynd. Þær eru um 4,5 m frá húsgrunninum og eru af loftmynd að dæma um 6 m á lengd en um 4,5 m eru á milli þeirra. Þar sem ekki er ljóst hvort um sérstakt mannvirki er að ræða var þeim þó ekki gefið sér númer.

Heimildir: SK, 124; Sarpur Lpr/2016-83-1; Sarpur Lpr/2016-83-2; Orri Vésteinsson 1998, 17; Kristinn Magnússon 2008, 23

ÁR-721:003 *Kolviðarhóll* þjóðsaga legstaður 383086 395090

„Almenn sögn segir, að í þessum hól sé heygður Kolfinnur, sem nefndur er í Kjalnesinga sögu,“ segir í Íslenskum sögustöðum I.

Kolviðarhóll er hár og breiður náttúrulegur melhóll og stóð þar lengi sæluhús en bú var reist þar 1883 sbr. 001

Ekki er vitað hvar á hólnum Kolfinnur á að vera heygður.

Heimildir: KK I, 47

ÁR-721:005_01 *Hellurnar* gata leið 387548 392631

1703: „[Hellisheiðar] vestri partur er víða með sléttum hellum af hraungrjóti, án gatna, nema þær hestanna járn hafa gjört og auðsjáanlegt er, þeim athuga. Þessar sléttu hellur ná allt vestur að Biskupsvörðu [043],“ segir í Lýsingu Ölfushrepps í Sýslu- og sóknalýsingu.

19.6.1793: „Þegar komið er upp á heiðina [úr Hellisskarði], verður fyrir samfelld hraunbreiða, og er aðeins eitt einstigi yfir hana. Hraunið er að mestu flatar og sléttar hellur, en grjót og melar hér og hvar [...] Svo mætti virðast, sem einstigi þetta væri höggvið af manna höndum í hraunstorkuna, því þar er svo beint og reglulegt. Víða mælist það allt að 1/2 feti, og má af því marka, hve geysigamall þessi vegur er og fjölfarinn,“ segir í Ferðabók Sveins Pálssonar.

„Austur frá Reykjafelli eru Hellurnar, eru þær sléttar klappir, liggja yfir þær djúpar götur eftir hestafætur. Sanna göturnar að yfir þessar sléttu klappir hefur umferð verið allt frá fyrstu byggð hér á landi.“ segir í örnefnalýsingu.

Sýslumaður Árnessýslu sendi fyrirmæli til hreppstjóra Ölfushrepps 1817 að láta bændur hlaða vörður, eigi lægri en 125 cm og eigi gleiðar en 150 m, að nútímamáli. Þetta eru vörðurnar sem sjá má enn í dag, bæði hærri og þéttari en sýslumaður hafði boðið. Þeim var síðan haldið við alla nítjándu öld og seinast af Guðna Þorbergssyni á Kolviðarhóli rétt fyrir aldamótin [1900]. Það verk ber honum reyndar glöggan vitnisburð, hann festi tréhæl norðan í hverja vörðu og festi þar spjald með raðtölu vörðunnar talið frá Kolviðarhóli og austur á Kambabrún. Mátti þá átta sig hvar sem menn rákust á á vörðu,“ segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Allt frá því að komið er upp úr Hellisskarði er hálfbert helluhraun austur

að miðri heiðinni eða þangað til að fer að halla austur í Ölfus. Á þessari leið 01, sem merkt er með vörðum 02-51 má víða rekja rás í helluna sem myndast hefur af umferð járnaðra hesta. Leiðin og vörður við hana, ásamt Hellukofanum 024 voru friðlýst árið 1971. Leiðin 01 hefur sjö sinnum verið skráð á vettvangi, að hluta eða heild. Fyrst af Fornleifafræðistofunni árið 1997 og næst af Fornleifastofnun Íslands árin 1998 og 2003. Síðan þrisvar árið 2006, af Fornleifastofnun Íslands, Fornleifafræðistofunni og Skriðuklaustursrannsóknunum, og síðast af Fornleifavernd ríkisins árið 2008. Göturnar sjálfar voru skráðar undir númerinu 4:1 hjá Fornleifafræðistofunni, undir ÁR:G1 hjá Skriðuklaustursrannsóknunum en fengu ekki sérstakt númer hjá Fornleifavernd ríkisins. Hér undir númerinu 005_01 er aðeins skráður sá hluti leiðarinnar sem er uppi á heiðinni sjálfri. Sá hluti leiðarinnar sem er greinilegur austan hennar, neðan við Kambana er skráður á númer 065.

Við leiðina hafa verið skráðar 50 vörður (02-51). Vörður 02-04 eru sunnan Þjóðveggar 1 en hinar norðan vegarins. Þeim hefur fæstum verið lýst hverri fyrir sig, en hnit voru tekin á flestum vörðunum í skráningum Fornleifastofnunar Íslands 2006 og Fornleifaverndar ríkisins 2008. Einnig voru tvær vörður skráðar af Skriðuklaustursrannsóknunum 2006. Hnit virðast einnig hafa verið tekin á vörðum í skráningu Fornleifafræðistofunnar frá 2006 en hnit sem gefin eru upp í viðauka við skýrslu lenda ekki á Hellsheiðinni.

Í fyrri skráningum Fornleifastofnunar voru vörðurnar skráðar með leið 005 á sama númer en voru færðar á sér einingar við endurskoðun skráningar 2024.

Leiðin liggur um Helluhraun. Rásin sést fyrst og fremst þar sem hraunið er slétt og ógróið en á milli er mosagróður og grjóthröngl.

Leiðinni var ekki lýst sérstaklega í skráningu Fornleifafræðistofunnar árið 1997 en þar segir þó: „Á Hellsheiði í landi Núpa í Ölfushreppi, skammt frá húsi Slysavarnafélagsins, hefur línuvegur verið lagður yfir friðlýstar fornleifar (nr. 4:1). Slíkt er með öllu öllu óheimilt skv. þjóðminjalögum. Telur undirritaður að fjarlægja beri veginn tafarlaust undir eftirliti fornleifafræðings og ganga frá svæðinu á þann veg að verksummerki sjáist sem minnst. Fornleifanefnd hefur verið tilkynnt um þessi mistök og hún mun gera viðeigandi ráðstafanir. Bót í máli er að reiðgötur eru ekki greinanlegar á staðnum þar sem vegurinn hefur farið yfir og því virðist skaðinn ekki mikill.“



Götur 005_01. Ljósmynd frá 2019.

Í skráningu Fornleifastofnunar Íslands 1998 segir: Rásin er misgreinileg, yfirleitt um 0,4 m breið (á bilinu 0,25-0,45 m) og víðast 0,05-0,1 m djúp en mest 0,26 m. Samfellda kaffa má rekja lengst um 50 metra en yfirleitt mun styttra en á milli liggur leiðin sumstaðr um djúpar rásir þar sem grjóti hefur verið rutt úr veginum en víðar gufar slóðin alveg upp á milli klappasvæðanna og heldur ekki alltaf áfram í beinu framhaldi af því sem sleppti. Á nokkrum stöðum má greina að slóðin er tvö- eða jafnvel þreföld. Sumstaðar sést engin rás þar sem þó er klöpp og annarsstaðar sést rásin aðeins sem örlítil dæld sem ekki verður greind nema af því að litamunur er þannig að bergið er ljósara í rásinni en í kring. Rásin sést mjög skýrt um 100 m sunnan við vörðuröðina, skammt vestan við neyðarskýli



*Varða við leið 005, vestarlega á Hellunum.
Ljósmynd frá 2019.*

slysavarnarfélagsins við Þjóðveg 1, en þar skammt vestan við hefur rásin verið skemmd þar sem rafmagnsmastur hefur verið byggt á klöppinni en auk þess hefur hringvegurinn verið lagður yfir klöppina. Rekja má rásina um 200 m til austurs, sunnan við hringveginn, eða u.þ.b. jafnlangt og vörðurnar ná en þar austan við fer að halla undan fæti auk þess sem þar er minna um berar hraunklappir en meira um mosaþembur.

Í skráningu Fornleifastofnunar Íslands frá 2003 var vestasti hluti leiðarinnar athugaður: Suðsuðaustur frá vörðu 102 sjást 5 vörður í röð (47-51). Ofan við brún þá sem sem sést frá vegi (við Kolviðarhól) og varða 102 stendur á opnast þröngur dalur sem snýr NA-SV. Moldarflag er í miðju dalsins en þónokkur gróður með hlíðum, mosi og gras. Akvegurinn liggur eftir dalnum til norðausturs. Varðaða leiðin liggur nú í suðsuðaustur upp úr dalnum (nokkuð þvert á hann) en beygir skarpt til norðausturs eftir hraunhrygg, þegar upp úr dalnum er komið. Tæð leið er vel greinileg upp brekkuna – mest 2 m breiður láréttur stallur í brekkuna þar sem steinar hafa greinilega verið tíndir úr kantinum og jafnvel eitthvað meira gert á 60 – 80 m kaffa. Tvær greinar gatna eru greinilegar sitt hvoru megin varðanna en ekki er ljóst hvort göturnar greinist frá leið 005 eða hvort þær séu tilbríðgi við sömu leið: Í brekkunni upp úr dalnum liggur einföld gata til suðvesturs, nokkuð samhliða uppþornuðum lækjarfarvegi sem er smitaður kísilútfellingu. Leiðin liggur annaðhvort út frá vörðuðu leiðinni eða norðaustan úr dalnum. Hin leiðin liggur á milli þessarar tveggja ofangreindra. Hún liggur með vörðu-leiðinni þangað til hún beygir til norðausturs en þá heldur þessi milli-leið beint áfram í suðsuðaustur og sker nýlegan malarveg (appelsínugult svæði á korti). Ekki er þó vel greinilegt

hvar leiðin heldur áfram sunnan við veginn.

Í skráningu Fornleifastofnunar Íslands 2006 segir: Vegna deiliskráningar fyrir Orkuveituna voru rásirnar í klöppina kortlagðar nákvæmlega með gps-tæki. Tekin voru hnit á um 2 m fresti þar sem slóðin er greipt í klöpp en að öðru leyti var kortlagt eftir loftmynd. Kortlagt var allt frá Hellisskarði, þar sem vörðurnar byrja og austur eftir Hellum allt suður fyrir Þjóðveg nr. 1. Á nokkrum stöðum sjást tvö- og jafnvel þrefaldar samhliða slóðir í hraunhelluna. Lengsta samfellda slóðin sem unnt var að rekja reyndist um 120 m og er hún skammt norðan við Þjóðveg.

Í skráningu Fornleifafræðistofunnar árið 2006 segir: „Gatan er víða afar greinileg með sorfnum rásum, allt að 20 sm djúpum, eftir hófa í hraunhelluna. Á víð og dreif fjölgar reiðgötunum og geta verið allt að fjórar á 10 m breiðu belti og á stöku stað eru þær nær ósýnilegar. Línuvegur sker leiðina skammt austur af Hellisskarði, en nokkru áður en komið er í skarðið hverfur gatan. Þó gæti hún hafa verið sameinuð götunni „Milli hrauns og hlíðar,, [019] í sjálfu skarðinu, en sú gata var gerð á 19. öld (örugglega ofan í eldri götu). Hellisgatan er vel vörðuð og er bæði hún og vörðurnar, auk gamla sæluhússins „Hellukofinn“ [024], friðlýstar. Ekki eru vörðurnar í neinni hættu. Síðar var lagður upphlaðinn vegur í götuna [sjá 007]. [...] Nýleg girðing liggur víða með götunni og hefur skemmt hana á nokkrum stöðum. Eldri rafmagnsstaurar hafa einnig skemmt hana á allavega tveimur stöðum.“

Austasti hluti leiðarinnar var skráður af Skriðuklaustursrannsóknnum 2006: „Gömul gata, mótuð í hraunhellur, [er] beint á móti þar sem sæluhúsið [þ.e. neyðarskýli slysavarnarfélagsins] stóð við Þjóðveg 1. [...] Hér sést vel móta fyrir áður nefndum slóðum í hraunhellunum. Slóðin er einungis greinileg á um 50 m kafla en síðan hverfur hún.“


Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 segir: „Gatan er víða sýnileg á heiðinni, bæði norðan núverandi Þjóðvegur en einnig sunnan hans þegar austar dregur. Hún þverar Þjóðveginn nærri þeim stað þar sem háspennulínur fara yfir hann. Þar sem rásin er greinanleg í klöppinni er hún víðast um 30 – 40 cm breið og 5 – 10 cm djúp. Sumsstaðar má sjá tvær og jafnvel þrjár samsíða rásir í klöppinni. [...] Vörður eru við götuna frá Hellukofanum [024] og í austur [einnig vestar, sbr. skráningu FSÍ 2006 og Fornleifaverndar 2008]. Þær fylgja



*Varða við leið 005, nærri Hellukofanum 024.
Ljósmynd frá 2021.*

götunni í fyrstu en víkja frá hinna sýnilegur rás til norðurs þegar austar dregur. Ástæður þessa munu vera þær að fyrir nokkrum áratugum voru vörður meðfram leiðinni enduhlaðnar og nýjum bætt við en svo virðist sem menn hafi ekki vitað hvar gamla gatan lá þegar austar dró. Leiðin var mæld gengin og mæld inn með GPS-tæki á heiðinni. Framhald leiðarinnar suður undir Hamrinum í Hveragerði var merkt inn á loftmynd.“

Heimildir: Ö-Afr.Ölf. 8; SSÁ, 238; SP Ferðabók, 194; ÁFÍ 2003, 31; Friðlýsingaskrá, 64; Bjarni F. Einarsson 1997, 5; Orri Vésteinsson 1998, 19-20; Birna Lárusdóttir 2006, 26; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 4:1; Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006, 23; Kristinn Magnússon 2008, 28-29



*Leið 005_01, vörður 005_02-005_51 við leiðina og aðrar nærliggjandi minjar.
Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

ÁR-721:005_02 varða samgöngubót 387150 392851

Varða 02 er austast, um 440 m ASA af þeim stað þar sem neyðarskýli slysavarnarfélagsins stóð. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 754.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84

ÁR-721:005_03 varða samgöngubót 386994 392931

Varða 03 er um 180 m VNV af vörðu 02. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 753 og af Skriðuklaustursrannsóknnum árið 2006 undir númerinu ÁR:G3.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84; Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006, 24

ÁR-721:005_04 varða samgöngubót 386837 392946

Varða 04 er um 155 m vestur af vörðu 03. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 752 og af Skriðuklaustursrannsóknnum árið 2006 undir númerinu ÁR:G2.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84; Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006, 23

ÁR-721:005_05 varða samgöngubót 386772 393027

Varða 05 er um 105 m norðvestur af vörðu 04, hinu megin Þjóðvegur 1. Varðan var ekki skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 en þar segir í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 132.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 82

ÁR-721:005_06 varða samgöngubót 386758 393064

Varða 06 er um 40 m norður af vörðu 05. Varðan var ekki skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 en þar segir í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 133.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_07 varða samgöngubót 386737 393090

Varða 07 er um 35 m NNV af vörðu 06. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið

2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varða 07 er hins vegar merkt sem vörðurúst í hnitagögnum 2006 og er hún því líklega töluvert lægri.

Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_08 varða samgöngubót 386671 393122

Varða 08 er um 75 m VNV af vörðu 07. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 134.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_09 varða samgöngubót 386568 393186

Varða 09 er um 120 m norðvestur af vörðu 08. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 135.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_10 varða samgöngubót 386463 393248

Varða 10 er um 125 m VNV af vörðu 09. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 136.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_11 varða samgöngubót 386389 393291

Varða 11 er um 85 m VNV af vörðu 10. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 137.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_12 varða samgöngubót 386337 393321

Varða 12 er um 60 m VNV af vörðu 11. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 138.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_13 varða samgöngubót 386229 393385

Varða 13 er um 125 m VNV af vörðu 12. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 139.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_14 varða samgöngubót 386176 393416

Varða 14 er um 60 m VNV af vörðu 13. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 140.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_15 varða samgöngubót 386096 393460

Varða 15 er um 90 m VNV af vörðu 14. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 141.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_16 varða samgöngubót 386027 393501

Varða 16 er um 80 m VNV af vörðu 15. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 142.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_17 varða samgöngubót 385948 393548

Varða 17 er um 90 m VNV af vörðu 16. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 143.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_18 varða samgöngubót 385945 393537

Varða 18 er um 10 m suður af vörðu 17. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varða 18 er hins vegar merkt sem vörðurúst í hnitagögnum 2006 og er hún því líklega töluvert lægri.

Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_19 varða samgöngubót 385863 393600

Varða 19 er um 105 m norðvestur af vörðu 18. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 144.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_20 varða samgöngubót 385831 393621

Varða 20 er um 40 m VNV af vörðu 19. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd

ríkisins árið 2008 undir númerinu 145.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_21 varða samgöngubót 385785 393649

Varða 21 er um 55 m VNV af vörðu 20. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 146.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_22 varða samgöngubót 385748 393659

Varða 22 er um 40 m vestur af vörðu 21. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varða 22 er hins vegar merkt sem vörðurúst í hnitaögnum 2006 og er hún því líklega töluvert lægri.

Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_23 varða samgöngubót 385701 393705

Varða 23 er um 65 m norðvestur af vörðu 22. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 147.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_24 varða samgöngubót 385619 393756

Varða 24 er um 95 m norðvestur af vörðu 23. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 148.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_25 varða samgöngubót 385562 393792

Varða 25 er um 70 m norðvestur af vörðu 24. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 149.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_26 varða samgöngubót 385493 393836

Varða 26 er um 80 m norðvestur af vörðu 25. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 150.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_27 varða samgöngubót 385369 393909

Varða 27 er um 145 m norðvestur af vörðu 26. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 151.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_28 varða samgöngubót 385303 393943

Varða 28 er um 75 m vestur af vörðu 27. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 152.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_29 varða samgöngubót 385204 393994

Varða 29 er um 110 m VNV af vörðu 28. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 153.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_30 varða samgöngubót 385157 394019

Varða 30 er um 50 m VNV af vörðu 29. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 154.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_31 varða samgöngubót 385104 394042

Varða 31 er um 60 m VNV af vörðu 30. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 155.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_32 varða samgöngubót 385032 394073

Varða 32 er um 80 m VNV af vörðu 31. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungryti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 157.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 83

ÁR-721:005_33 varða samgöngubót 385002 394084

Varða 33 er um 30 m VNV af vörðu 32. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 156.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84

ÁR-721:005_34 varða samgöngubót 384945 394090

Varða 34 er um 55 m vestur af vörðu 33. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 158.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84

ÁR-721:005_35 varða samgöngubót 384907 394097

Varða 35 er um 40 m vestur af vörðu 34. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 159.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84

ÁR-721:005_36 varða samgöngubót 384900 394109

Varða 36 er um 15 m norðvestur af vörðu 35. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirri árið 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_37 varða samgöngubót 384812 394119

Varða 37 er um 90 m vestur af vörðu 36. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 160.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Kristinn Magnússon 2008, 84

ÁR-721:005_38 varða samgöngubót 384595 394177

Varða 38 er um 225 m vestur af vörðu 37. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_39 varða samgöngubót 384484 394222

Varða 39 er um 120 m VNV af vörðu 38. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_40 varða samgöngubót 384426 394247

Varða 40 er um 65 m VNV af vörðu 39. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_41 varða samgöngubót 384339 394267

Varða 41 er um 90 m vestur af vörðu 40. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_42 varða samgöngubót 384210 394255

Varða 42 er um 130 m vestur af vörðu 41. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

ÁR-721:005_43 varða samgöngubót 384087 394226

Varða 43 er um 125 m VSV af vörðu 42. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_44 varða samgöngubót 384012 394209

Varða 44 er um 75 m VSV af vörðu 43. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_45 varða samgöngubót 383946 394151

Varða 45 er um 90 m suðvestur af vörðu 44. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_46 varða samgöngubót 383925 394131

Varða 46 er um 30 m suðvestur af vörðu 45. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_47 varða samgöngubót 383852 394098

Varða 47 er um 80 m suðvestur af vörðu 46. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_48 varða samgöngubót 383819 394116

Varða 48 er um 35 m norðvestur af vörðu 47. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_49 varða samgöngubót 383803 394159

Varða 49 er um 45 m NNV af vörðu 48. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:005_50 varða samgöngubót 383799 394243

Varða 50 er um 85 m norður af vörðu 49. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26


ÁR-721:005_51 varða samgöngubót 383776 394327

Varða 51 er um 90 m NNV af vörðu 50, um 110 m suður af Skiljustöð 2 í Hellisskarði. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og segir þar í lýsingu á leiðinni: Vörðurnar eru margar hverjar líkar að gerð, oft á bilinu 1,2-1,5 m á hæð, flestar hlaðnar úr hraungrýti. Varðan var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra 2008.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26

ÁR-721:007 *Eiríksbrú* vegur leið 384843 394117

„Vegir hafa legið yfir Hellisheiði frá ómunatíð. Gata lá upp Kamba, yfir Hurðará og í stefnu á Gíga ofan við Hellisskarð. Í klöppum á þeirri leið eru víða djúpar götur, gengnar á liðnum öldum [065]. Síðar var lagður upphlaðinn vegur, kenndur við Eirík í Grjóta, sömu leið.“ segir í örnefnaskrá. „Það mun hafa verið nálægt 1880-1881, að Eiríkur Ásmundsson í Grjóta [...] lagði steinilagðan veg um Kamba, yfir allar hæðir og lautir, svo að hann yrði þráðbeinn. Vegna brattans víðast hvar og þess, að ekkert var borið ofan í veg þennan, var hann sjaldan eða aldrei farinn, en sumarið 1894 var upphleypti vegurinn yfir Kamba lagður [061], og var hann krókóttur mjög og aðeins ætlaður gangandi mönnum og ríðandi, svo og vagnhestum.“ segir í Austantórum. „Frá stóru vörðunni á Efra Skarði lá leiðin til austurs um greiðfært hraun. Þar má sjá götu, sem grjótið hefur verið týnt úr og beinan upphlaðinn veg, þann fyrsta sem lagður var á Hellisheiði. Sá vegur mun hafa verið lagður árið 1879 og kallaður Eiríksvegur. Kenndur við verkstjóran, Eirík Ásmundsson frá Grjóta. Bíslóðin sunnan fyrir Reykjafell liggur yfir gömlu götuna hjá litlum gíghól [...] Þá tekur við ósléttara hraun [austan Eystri Þrívarða 045], sunnan við apalhraunið. Þar er greinileg gata og hefur hún gróið grasi. Þegar nálgast austurbrúnina beygir hún til suðurs, vestan við Hurðarásinn, sem gamli bílvegurinn lá yfir. Síðan gegnum skarð sunnan á ásnum [...]. Síðan lá leiðin eftir vatnsfarvegi niður á Kambabrúnina [...]. Síðan lá leiðin um sniðgötu niður Kambabrúnina, skammt ofan við gamla þjóðveginn, sem bíllinn notaði. Greinileg gata liggur niður Kambabrekkuna, gróin grasi. Síðan lá leiðin um melinn, sunnan Hamarsins.“ segir í Útivist. „Á alþingi 15. október



Leifar vegar 007 og aðrar nærliggjandi minjar. Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

árið 1875 voru sett lög um vegi [...] og í kjölfar þess var vegur lagður um Svínahraun á árunum 1877 og 1878 undir verkstjórn Eiríks Ásmundssonar frá Grjóta. Í reglugerð um veginn var sagt, að hann skyldi vera 10 feta breiður (3,13 m), upphlaðinn og púkkaður með grjóti; var það til þess að lestir gætu mætt á veginum. Vegurinn þótti, er fram liðu stundir, harður og ósléttur, enda erfitt að fá ofaníbúrd í hann. [...] Að undirstöðu til er þessi vegur Eiríks í Svínahrauni (suðvestur af Kolviðarhóli) sá sami og var þar þjóðvegur allt fram á áratuginn 1960-1970. Framhald þessa vegar] lá upp um Hellisskarð fyrir ofan Kolviðarhól; þar er enn (1973) efst í skarðinu lítt hrunin hleðslan í vegköntunum. / Hellisskarðsvegur var ekki vagnfær, til þess var hann of brattur [...]. Næst á dagskrá á Suðurlandsvegi var að leggja Kamba- og Hellisheiðarveg. Eiríkur frá Grjóta tók þá vegagerð að sér og gefur þann veg enn að líta ef vel er skoðað í Kömbum. Er skemmst frá því verki að segja, að Kambavegur var lagður 1879 og var svo brattur að hann þótti lítt nothæfur og var ekki mikið farinn þau 15 ár sem liðu, þar til næst var lagður vegur um Kamba. 1880 hélt Eiríkur áfram vegarlagningu og lagði nú veginn vestur yfir eystri hluta Hellisheiðar; allt til þess er kom á helluhraunið sem var greiðfærara. Lengd þess vegar var um 4-5 km og var hann þráðbeinn og allvel gerður og er enn vel sýnilegur [...]. Kunnáttuleysi í vegagerð og vantrú á notkun og framtíð vagna olli því, að veginir voru lagðir á þann hátt, að þeir útilokuðu þann möguleika að menn hæfu vagnferðir

eftir þeim [...]. Til þess var brattinn í Hellisskarði og Kömbunum of mikill og einnig vantaði akfæran veg frá Reykjavík upp að Svínahrauni. Við þetta ástand sat að mestu fram yfir 1890.“ segir í Landnámi Ingólfs 2.

Lýsing á þeim hluta leiðarinnar sem liggur um Svínahraun er í greininni „Fyrsta vegagerðin frá Reykjavík að Kolviðarhóli,“ eftir Jón Svanþórsson: „Vegurinn hefur legið upp á suðurenda Vatnaöldu (Ölduhorns) og síðan undir nýrri Suðurlandsvegi fram hjá vörðunni á Ölduhorninu. Upp á Efri/Efstu-Bolaöldu hefur vegurinn legið í boga til suðurs upp á ölduna til að draga úr bratta. Rétt sunnar á brún öldunnar eru varða og gamli reiðvegurinn. Norðan vegarins er hlaðið ræsi, töluvert mannvirki. Næst er mýrarfláki sunnan vegar sem Skollarófur/Skollatóur heita. Þaðan liggur Svínahraunsvegurinn um slétta hraunhelli Leitahrauns og upp á hraunbrún Svínahrauns (N64°03.325' W021°30.520') og síðan hjá vörðu (N64°03.330' W021°30.461').

Rudd leið er um hraunið hjá vörðu (N64°03.358' W21°30.252'). Þetta er fyrsti vegurinn sem ruddur var um Svínahraun. Skammt þar sunnar er lág hleðsla og vegvísir (N64°03.360' W021°30.169'). Suðvestan við Suðurlandsveg á móts við Litlu-kaffistofuna er hraunhryggur. Í gegnum hann hefur verið rudd mjó gata sem stefnir vestur fyrir Litlu-kaffistofuna. Þetta er gamla gatan (hestagata) sem farin var áður en fyrrnefnda gatan var rudd. Leiðin um Svínahraun þótti vond. Hún varð foræðis blaut í bleytutíð og hörð í þurrkum. Því var það fagnaðarefni þegar ráðist var í að gera veg um hraunið 1876 sem átti að vera 10 feta breiður svo lestir gætu mæst á veginum. Sú vegagerð hefur að mestu falist í því að ryðja braut í gegnum hraunhryggi og fylla í lægðir. Enn sést gatan sem stefnir norðaustur um slétt hraun austan við Litlu-kaffistofuna að vörðu (N64°03.491' W021°29.707') þar sem komið er aftur í ruddu götuna og henni fylgt tæpa tvo kílómetra en þá fer hraunið að verða sléttara. Leiðin ermörkuð með vörðum tæpa sex kílómetra austur af brún Svínahrauns um mikinn ruðning í hraunbrúninni (N64 02.743' W021 25.102'). Þaðan er haldið um Bolavelli/Hvannavelli að Kolviðarhóli. Önnur vörðuröð er nær Brunanum og gata þar við og er hraunið mikið sléttara þar .

Norðan Litlu-kaffistofunar er rafmagnsgirðing um beitarhólf. Girðingin liggur frá Fóelluvötnum norðan Suðurlandsvegar og liggur síðan með Gamla Suðurlandsveginum. Á korti herforingjaráðsins danska frá 1909 er Suðurlandsvegurinn sýndur upp öldurnar og þaðan að Kolviðarhóli eins og hann er sýnilegur í dag. Nú er ofaníbúðurinn farinn að fjúka af veginum norðan við Litlu kaffistofuna og sést þar í kantsteina og púkk. Um 1,5 km. (N64°03.652' W021°28.246') frá Litlu-kaffistofunni sést upp hlaðin vegbútur sem lagður hefur verið í sveig norður fyrir hraunhól sem við síðari vegagerð hefur verið brotinn niður í vegstæðinu.“

Vegurinn var færður suður fyrir Reykjafell á svipaðar slóðir og hann er enn í dag 1894-95 sbr. 061.

Eiríksvegur sést greinilega víða og hefur verið skráður á vettvangi á þremur svæðum. Hann var skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 á Hellunum en ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.

Síðan var vegurinn skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 2002 í Hrauntungu, árið 2003 í Hellisskarði og aftur á Hellunum árið 2006. Árið 2006 skráði Fornleifafræðistofan einnig veginn, í Hellisskarði og á Hellunum. Hluti vegarins í Hellisskarði var skráður undir númeri 51 með leiðinni Milli hrauns og hlíðar 019 og hluti vegarins sem sést á Hellunum var skráður undir númeri 4 með gömlu leiðinni yfir Hellurnar 005. Síðast skráði Fornleifavernd ríkisins veginn, árið 2008, og voru þá skráðir og mældir upp þeir hlutar leiðarinnar sem sjást í Hrauntungu og á Hellunum, undir númeri 354. Við endurskoðun skráningar 2024 var vegbúturinn í Hellisskarði mældur upp af loftmynd.



*Leifar Eiríksvegur 007 nærri Hellukofa 024.
Ljósmynd frá 2021.*

Vegurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi vestan Kolviðarhóls og eru vörður sem Jón Svanþórsson lýsir því ekki staðsettar í þessari skrá.

Vegurinn liggur um mosavaxið hraunlendi.

Skráning Fornleifastofnunar Íslands í Hrauntungu vegna deiliskipulags í Hveragerði haustið 2002: Eiríksvegur/Eiríksbrú er víða enn mjög greinilegur. Vegurinn sést undan núverandi þjóðvegi og liggur, þráðbeinn til ASA yfir um allt hið væntanlega íbúðarhverfi. Hann er upphlaðinn og beinn og sést greinilega þvert yfir allt það svæði sem nú er skipulagt fyrir íbúðarhúsabyggð. Innan skipulagssvæðisins (þ.e. innan girðingar sem afmarkar svæðið) er vegurinn um 400 m langur. Suðvestan við svæðið sést vegurinn áfram til ASA á um 200 m kafla (en 100 m ASA við girðingu er vegurinn þó ógreinilegur á 10 m kafla þar sem hann liggur niður af hæðinni þar sem Hrauntunga er). Vegurinn er upphlaðinn, víðast 0,2 m á hæð en mest 0,5 m. Hann er víða 4 m á breidd en þar sem hrúðið hefur úr honum er hann allt að 6 m á breidd. Vegurinn er nú algróinn mosa. í Hrauntungu liggur Eiríksvegur tvisvar á tveimur stöðum yfir eldri götuna (065) sem liggur niður brekkuna frá þjóðvegi til ASA á svipuðum slóðum. Hann liggur yfir hana vestast á svæðinu þar sem girðing afmarkar svæðið og aftur um

55 m aust-suð-austar. 6-7 m langt skarð er í Eiríksveg þar sem bíslóði liggur í átt að íbúðarhúsi í Hrauntungu.

Skráning Fornleifastofnunar Íslands í Hellisskarði 2003: Fast sunnan í akveginum hefur verið raðað kantsteinum úr sandsteini á 16 m lengju (SA-NV). Steinarnir eru nokkuð stórir, frá 0,3 – 0,6 m á lengd. Er þetta hleðslan sem Magnús Grímsson nefnir í Landnámi Ingólfs og giskar á að sé úr vegi Eiríks frá Grjóta c. 1880. Undan steinum nær suðurendanum stendur þó plastrifildi.



Leifar Eiríksvegar 007 í Hellisskarði. Ljósmynd frá 2019.

Skráning Fornleifastofnunar Íslands á Hellunum haustið 2006: Leifar sjást af Eiríksvegi austast á svonefndum Hellum. Þetta er upphlaðinn vegarbútur, rúmlega 10 m langur og 4-5 m breiður. Hann er lágur, víðast ekki nema 0,1-0,2 m. Girðing, sem liggur yfir Hellur frá austri til vesturs, er á vegarbrúninni að hluta. Ekki fundust leifar af Eiríksbrú annarsstaðar á svæðinu.

Lýsing Fornleifafræðistofunnar á Hellunum 2006: „Þennan upphlaðna veg má sjá leifarnar af vestarlega, skömmu áður en komið er að Hellisskarði [...] og austur af Biskupsvörðunni hjá Helliskofanum [024]. Aðeins er um stuttann kafla að ræða (um 50 m) og ekki er hægt að sjá þessa götu annarsstaðar á Hellisgötunni.“

Lýsing Fornleifafræðistofunnar í Hellisskarði 2006: „Þar sem gatan er varðveitt er hún 3 - 4 m breið. Í skarðinu efst er hún hlaðinn upp [...]. Gatan er mjög víða eydd vegna vegagerðar og annarra framkvæmda á svæðinu í kring um virkjanasvæðið við Hellisskarðið.“

Lýsing Fornleifaverndar 2008: „Vegurinn var víða upphlaðinn og púkkaður með grjóti, um 2-3 m breiður.“

Heimildir: Ö-Hellisheiði, 1; Astantórur II, 131-2; Útivist 6(1980), 82-86; Landnám Ingólfs 2 (1985), 88-89. Fyrsta vegagerðin, 5-6; Orri Vésteinsson 1998, 19-20; Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2002, 17-18; Birna Lárusdóttir 2006, 26-27; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 4:1, 51:1; Kristinn Magnússon 2008, 30

ÁR-721:008 garðlag túngarður

383073 394975

„Brátt fór Jón [Jónsson, á Kolviðarhóli 1883-1895] að rækta tún á Kolviðarhóli og girti með hlöðnum grjótgarði. [...] Hann [Guðni Þorbergsson, á Kolviðarhóli 1895-1906] sléttaði

mikið í túninu, stækkaði það að mun og girti. Hélt hann áfram því verki, sem tengdafaðir hans [Jón] hafði byrjað á, að hlaða grjóthlaðan umhverfis það,“ segir í sögu Kolviðarhóls. Í bréfi Jóns Jónssonar til hreppsnefndar 1890 sem einnig er í Sögu Kolviðarhóls segir: „Sömmuleiðis hef ég hlaðið 100 faðma langan garð kringum tilvonandi túnblett hér, þó hann sé að vísu enn ekki fullgerður.“ Grjóthlaðinn garður er um túnið á Kolviðarhóli og nær hann yfir svæði sem er alls um 253 x 213 og snýr norðaustur-suðvestur. Túngarðurinn var fyrst skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en var einnig skráður og uppmældur af Fornleifavernd ríkisins árið 2008.



Norðaustur- og suðausturhliðar túngarðs 008, horft til vesturs. Ljósmynd frá 2021.

Garðurinn liggur um gróið tún, austurhlið á hrauni.

Í skráningu 1998 er garðurinn sagður alls 753 m langur með hliði á norðurhlið sem veit að Hellisskarði, víðast um 1 m hár en mest 1,5 m, og um 1,5 m þykkur. Beinar hliðar að austanverðu en í þeim hluta garðsins sem er suðvestan við bæinn og hólinn er gróið upp á garðinn að innan. Garðurinn er sennilega hlaðinn í tveimur áföngum, annarsvegar er U-laga garður, mjög jafn og fallega hlaðinn suðvestan við bæjarhólinn á sléttri grundinni og er þar gróið upp á garðinn að innan og horn fagurlega sveigð, og gæti þetta verið sá hlutinn sem Jón hlóð. Hinn áfanginn hefur hafist í brekkurótunum beint suður af bæjarstæðinu og liggur svo upp á hjallann og svo norður fyrir hólinn við rætur hans og er hvasst horn að norðaustan, og gæti þetta verið tilkomið seinna og verið stækkun Guðna en ekki er þó óhugsandi að þessu hafi verið öfugt farið.



Suðausturhlið túngarðs 008, horft til suðvesturs. Ljósmynd frá 2021.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins er garðinum lýst svo: „Grjóthlaðinn túngarður liggur frá NV-hluta húsarústa [001_03], niður með götu [098] og myndar þannig heimtröð að hluta.

Svo liggur garðurinn utan um túnin. Engan garð var þó hægt að greina norðan megin, þ.e. austan við götuna. Garðurinn er í ágætu ástandi og vegghæð fer upp í 1,2 m á kafla. Þó er greinilegt að farið hefur verið í gegnum garðinn með einhverja lögn á suðaustur hlið.

Heimildir: SK, 107-108, 113; Orri Vésteinsson 1998, 20-21; Kristinn Magnússon 2008, 23-24

ÁR-721:009_01 tóft sæluhús 382290 396373

1703: „Á norðanverðum Hvannavöllum, er strax taka til fyrir neðan skarðið, stendur Sæluhús (ei langt frá veginum) so kallað, hvort allt þessa tíma Ölves innbyggjarar hafa upp haldið, vegfarandi fólki harla nauðsynleg á vetrartímanum til innivistar. Er og lofsvert, að þetta sæluhús ei niður falli,“ segir í Lýsingu Ölvshrepps í Sýslu- og sóknalýsingum 19.6.1793: „Skömmu áður en komið er að fjallinu, sést lítill kofi, hlaðinn úr hraungrjóti, en með torfpaki. Hann er ætlaður þeim, sem ferðast þarna á vetrardegi, og kallast sæluhús. Margir hafa dáið í þessum kofa, því oft hafa þeir ekki fundið hann fyrr en þeir voru örmagna af hungri og kulda,“ segir í Ferðabók Sveins Pálssonar. „Norður af Bolavöllum vestarlega mun enn sjást votta fyrir hústóft einni. Var þar húskofi nokkur eða sæluhús, hið eina skýli, er til var vestan Hellisheiðar þar efra, og hæð sú, er sæluhús þetta stóð á, hinn svonefndi Húsmúli, er virðist hafa hlotið nafn þetta vegna sæluhúss þessa. En það sýnir, að það hefur staðið þarna langan tíma áður [...],“ segir í Sæluhúsin á Suðurleið í Austantórum II. „Austan við tjörnina sést enn rúst af sæluhúsi, mjög gömlu [...] Þar hefur ekki verið rúm fyrir marga, eftir tóftarbrotnu að dæma, varla meira en einn mann og hest. Stærðin er 2,15x1,5 m. Ferðamenn urðu oft fyrir ásóknum í þessu húsi, svo að þeim varð ekki svefnsamt. Frásagnir um það eru prentaðar í Þjóðsögum,“ segir í Útivist 1980.

„Þetta sæluhús var eina vistarveran milli byggða fram til ársins 1844. Þá kom annað hús til



Sæluhús 009_01 og dæld 009_02. Uppmæling: FVR. Horft til austurs á ljósmynd frá 2019.

sögunnar, sem reist var uppi á Kolviðarhóli [012_01] [...]. Gamla sæluhúsið mun þó hafa staðið enn um hríð, unz þekjan að lokum féll ofan í tóftina. Þá var mæniásinn úr því fluttur upp að Kolviðarhóli og högginn síðar niður til eldsneytis. Árið 1879 kom Þórður Sigurðsson hinn fróði á Tannastöðum að tóftinni, og sagði hann, að þá hefði dyratréð verið óhaggað í kömpunum,“ segir í Sögu Kolviðarhóls.

Sæluhústóftin er á hraunhæð við austurenda Draugatjarnar, um 30 m frá henni.

Sæluhúsið 01 var fyrst skráð af Fornleifafræðistofunni árið 1997 en var þá ekki lýst sérstaklega. Það var næst skráð árið 1998 af Fornleifastofnun Íslands, og aftur árið 2006 af Fornleifafræðistofunni undir númerinu 2:1. Síðast var sæluhúsið skráð árið 2008 af Fornleifavernd ríkisins og var tóftin þá mæld upp undir númerinu 341. Þá var einnig skráð dæld 02 um 2 m norðaustan við tóftina. Ýmsar sagnir eru um menn sem tekst hafa á við drauga í kofa þessum, sjá 03.

Tóftin er uppi á lágum helluhraunshól eða hæð, þar sem mjór rani gengur norður úr Svínahrauni austan Draugatjarnar; skammt frá tjörninni og læk sem rennur úr henni.

Skúli Helgason gróf í rústina árið 1958 og hreinsaði og fundust þá ýmsir gripir sem sagt er frá í Sögu Kolviðarhóls. Þar er sæluhúsinu svo lýst: „Sæluhús þetta var um 21/2 álnir að vídd og 4 álnir að lengd. Dyrnar voru á hliðarvegg á móti suðri. Inni við gaffhlað að vestanverðu var hlaðinn grjótbálgur, breiður og þakinn torfi; var rúmslengd, og gátu legið á honum 3 menn. Eigi munu veggir hafa verið háir, en gaffhlöð hlaðin í rishæð. Á þau var lagt tré mikið, „mæniás,,“ og síðan reft á það af hliðarveggjum. Þar utan á kom svo þykk torfþekjan. Veggir voru mjög þykkir, einkum á þrjá vegu, austan, norðan og vestan, og hefur vafalaust verið haft svo til skjóls. Fyrir dyrum var dyraumbúnaður og tvær hurðir með álnar millibili og gengu báðar inn í húsið. Yfir dyrum var lítill glergluggi, er bar daufa skímu inn á gólfð.“

Í skráningu 1998 er tóftin sögð 7 x 5 m að stærð og 0,8 m á hæð. Innan í tóftinni er hrúnið hraungrýti en hún er allvel gróin í hliðum.

Skráning Fornleifafræðistofunnar frá 2006 er sammála um stærð en þar segir einnig: „Veggir úr grjóti (og torfi?), 1,5 - 2,5 m br. og 0,3 - 0,8 m háir. Dyr snúa til S. Mikið er af grjóti á gólfi og sunnan við rústina. Einnig liggur talsvert af grjóti utanvert við rústina. Við sæluhúsið er í dag upplýsingaskilti.“

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins árið 2008 var tóftin mæld 7,4 x 6 m á breidd, með dyr í suðvestur.

Heimildir: SSÁ, 239; SP Ferðabók, 193; SK, 1-2, 17-18; Austantórur II, 143; Útivist 6(1980), 80-81; Orri Vésteinsson 1998, 21; Kristinn Magnússon 2008, 33; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 2:1

ÁR-721:009_02 dæld óþekkt

382295 396376

Fornleifavernd ríkisins skráði árið 2008 dæld 02 undir númerinu 342: „Upp við tóftina [01], norðaustan við hana, er ógreinileg dæld nokkur sem hugsanlega er gerð af manna völdum, og gæti jafnvel verið leifar lítillrar byggingar, geymslu eða eitthvað þess háttar.“ Samkvæmt uppmælingu er dældin um 2 x 1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Heimildir: Kristinn Magnússon 2008, 33

ÁR-721:009_03 heimild um draug

382291 396373

Ýmsar sagnir eru um menn sem hafa tekist á við drauga í sæluhúsi 01. M.a. er saga í Gráskinni hinni meiri um Grím á Nesjavöllum en hann var á ferð þar um 1820 og kljádist við afturgöngur þriggja manna sem höfðu orðið þar úti nokkrum árum áður.

Heimildir: Gráskinna hin meiri I, 239-243; Orri Vésteinsson 1998, 21

ÁR-721:012_01 *Kolviðarhóll* heimild um sæluhús

383073 395060

„[S]umarið 1844 var nýtt sæluhús [012_01] sett á Kolviðarhóli undir Hellisskarði. Hús þetta er að öllu leyti tréhús, en stendur í álnar hárrí grjóttópt til beggja hliða og fyrir apturgaffli. Það er þvínær 9 álna langt og 4 álna breitt, í þremur stafgölfum og portbyggt; þak, gaflar og hliðar tvöfalt niður fyrir bita; lopt er í öllu húsinu og hurð fyrir og stigi til uppgaungu; glergluggar uppi og niðri og jarnrimlar fyrir rúðum niðri; gólfíð af tvílögðu hellugrjóti. Á framgaffli er hurð, sem geingur út og verður ekki tekin af hjörum, með loku fyrir sem skjóta má frá og fyrir bæði að innan og utan. Í húsi þessu hafa verið í einu 24 menn á loptinu en 16 hestar niðri,“ segir í Reykjavíkurbósti 1847. Lýsing á ástandi hússins árið 1883 er í Sögu Kolviðarhóls: „[G]amla sæluhúsið með svokölluðum tilburveggjum hálfum en hrófluðum upp af grjóti og hnausum að hálfu leyti sem fennti inn um í hverju élkófi. [...] G]amla húsið var þá brúkað fyrir hesthús.“ Þar segir jafnframt: „Hann [Jón Jónsson] reif niður bæ sinn [001_01] [um 1885] og flutti þangað sem gamla hesthúsið [þ.e. elsta sæluhúsið] stóð, en úr því [sæluhúsinu] byggði hann aftur hesthús. [...] Guðni Þorbergsson lét um 1895-1901] byggja skúr við vesturenda steinhússins [014_01] og kom hann í stað gamla bæjarins [012_01].“ Sæluhúsið var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en þá var ekki vitað hvar á hólnum þetta hús stóð en talið að það hefði verið á sama stað og tóftir 001_02 og 001_03. Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 er tóft 014_01 talin geta verið leifar sæluhússins, en þar er á ferðinni yngri sæluhús, byggt 1878. Af heimildum má ráða að sæluhús 01 sem reist var 1844, og síðar bær 02 sem Jón Jónsson reisti um 1885, hafa staðið norðvestan við sæluhús 014_01, milli þess og hesthústöftar 001_02, eða mögulega undir norðausturhorni hesthússins.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Rafmagnsmastur er í túninu suðvestan við hólinn og sunnan við það er lítill heimagrafreitur 097 með steypum veggjum. Upphlaðinn vegur 098 liggur upp á hólinn að norðan úr vestri. Engra ummerkja um fornleifar á þessum stað er getið í skráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1998 eða í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008. Sæluhús 01 hefur líkast til verið flutt lengra (suð)vestur, sjá hesthús 001_02 og hafa ummerki um húsið á sínum upphaflega stað horfið vegna síðari byggingaframkvæmda.

Heimildir: Reykjavíkurbóstur 1847/8, bls.115-116; SK, 233, 235; Kristinn Magnússon 2008, 22; Orri Vésteinsson 1998, 22

ÁR-721:012_02 heimild um bústað 383073 395060

Jón Jónsson flutti um 1885 bæ sinn þangað sem sæluhús 01 stóð áður. Engra ummerkja um fornleifar á þessum stað er getið í skráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1998 eða í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008. Bærinn var rifinn um 1895 og hafa öll yfirborðsummerki um hann horfið við síðari byggingaframkvæmdir á svæðinu.

Heimildir: SK, 233, 235

ÁR-721:013 *Smiðjulaut* heimild um smiðju 384467 392646

„Suður af Reykjavelli er laut fast við veginn, er heitir Smiðjulaut. Þetta nafn er ungt. Þegar vegurinn var lagður yfir Hellisheiði, var byggður kofi í lautinni, þar voru verkfæri vegargjörðarmanna endurbætt,“ segir í örnefnalýsingu fyrri afrétt Ölfurshrepps. Í örnefnalýsingu Hellisheiðar segir: „Skammt fyrir austan Reykjavell er lögð sunnan við veginn. Hún heitir Smiðjulaut. Þar stóð smiðja meðan vegurinn var lagður þar nálægt, upp úr 1890.“ Smiðjulaut er auðfundin.



Smiðjulaut 013, horft til ANA. Ljósmynd frá 2006.

Hún er fast sunnan við núverandi þjóðveg hér um bil beint norður af vesturenda Hverahlíðar og um 1,5 km austur af Hveradölum. Smiðjulaut var skráð á vettvangi af Fornleifastofnun

Íslands árið 2006.

Smiðjulaut er stór og mikil laut, umgirt hrauni. Lautinni hefur talsvert verið raskað við vegagerð en í henni sjást leifar gamla þjóðvegarins um Hellisheiði, þess sem var byggður skömmu fyrir aldamótin 1900, sjá 061.

Engin merki sjást um smiðjuna sem lautin er kennd við.

Heimildir: Ö-Afr.Ölf. 9; Ö-Hellisheiði, 1; Birna Lárusdóttir 2006, 27

ÁR-721:014_01 *Kolviðarhóll* tóft sæluhús 383078 395057

„Árið 1878 var húsið orðið mjög skemmt, nærri því fallið, og var þar þá með opinberum styrk og samskotum byggt steinhús, sem síðan hefir staðið, og er þó alveg ófullnægjandi á slíkri þjóðbraut,“ segir Þorvaldur Thoroddsen í Ferðabók sinni. Frétt birtist um bygginguna í Þjóðólfi 25.9.1878: „Sæluhúsið á Kolviðarhóli, sem að mestu var fullgjört í fyrra haust, hefir nú fengið þá aðgjörð, sem þurfa þótti, hefir það verið notað í sumar og fólk haft þar bygð. Húsið er 10-11 álnir á breidd og lengd með samsvarandi hæð, úr límdum steini byggt og allsterkt, í því er og skorsteinn og herbergi til íbúðar, en meiri hluti hússins er ætlaður ferðamönnum.“

„Hús þetta, er þeir létu reisa [1878] var eina húsið þar á staðnum fyrir gestgjafa og ferðamenn framundir aldamót, eða þar til Guðni Þorbergsson bætti þar við byggingum. [...] Eftir að byggingar tóku að vaxa á Kolviðarhóli, var húsið aðallega notað til geymslu, en sofið var þó í því á sumrum af og til fram undir 1930. Enn í dag [1959], eftir full 80 ár, stendur það á sínum gamla stað, hrörlegt og af sér gengið á allan hátt, gluggalaust og allir innviðir úr því rifnir,“ segir í Sögu Kolviðarhóls.


Sæluhúsið 01 sést vel á mörgum þeim myndum sem teknar hafa verið af Kolviðarhóli og geymdar eru í Sarpi. Í upphafi 20. aldar var byggt við sæluhúsið og segir um það í Sögu Kolviðarhóls: „Húsum var þannig háttað [...] að bæjarhúsin voru tvö. Litla steinhúsið [01], sem enn stendur, og norðan við það nýlegt timburhús [03], sem var þá aðalíbúðarhúsið. Á milli þessara húsa var sund, sem var gert yfir með skúrþaki. Við vesturgafi gamla steinhússins var timburskúr [02] með góðri stofu og svefnherbergi með tveimur rúmum fyrir gesti. Úr skúrnum sem fyrr er getið, mátti ganga í öll þessi hús, án þess að fara út. [...] Inngangurinn í bæinn var í skúr þennan og snéru dyr á móti vestri. Yfir dyrunum upp á þakinu [á sæluhúsi 01] var klukka - á stærð við meðal kirkjuklukku - strengur úr klukku þessari lá inn úr þakinu, og þurfti því ekki sá er hringdi, að opna dyrnar eða fara út. [...] Önnur [sagan] var sú, að hún hefði verið sett til þess að stugga draugum frá húsinu [...]. En hin sögnin var sú, að hún hefði verið lögð til af amtsráði Suðuramtsins, og átti húsvörður að sjá um að henni

væri hringt í vondu veðri og dimmviðri, ferðamönnum til vegvísis.“ Á ljósmyndum sést að einnig hefu verið byggður skúr 04 við suðvesturhlið sæluhússins, mögulega á svipuðum tíma, en sú hlið hússins sést ekki á myndum teknum fyrir um 1930 og því ekki hægt að segja til um byggingarár. Sæluhúsið var rífið á seinni hluta 20. aldar en tóft þess sést enn, um 6 m suðaustan við norðausturhorn hesthústóftar 001_02. Sæluhúsið var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en þá var ekki vitað hvar á hólnum húsið stóð. Tóft sæluhússins var skráð með minjum 001 og sést hún á teikningu 1998 en er ekki lýst sérstaklega í texta. Tóftin var aftur skráð og mæld upp af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 327 en þá mögulega talin leifar af eldra sæluhúsi 012_01.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjafelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Rafmagnsmastur er í túninu suðvestan við hólinn og sunnan við það er lítill heimagrafreitur 097 með steiptum veggjum. Upphlaðinn vegur 098 liggur upp á hólinn að norðan úr vestri.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Um 4,5 m SA af húsarústunum er að finna leifar ferkantaðar byggingar, um 7m x 7m að stærð (nr. 327). Minjarnar eru mjög ógreinilegar en það mótar fyrir hlöðnu, tilhöggnu grjóti. Vegghæð er lítil, einungis um 10 cm.“

Heimildir: Þorvaldur Thoroddsen, Ferðabók I, 125; Þjóðólfur 25.9.1878, 106, SK, 81, 240; Sarpur Lpr-1441-29; Sarpur ÓM_MÓI-397; Sarpur GO-40; Sarpur JK5-299; Sarpur Lpr/2016-83-1; Orri Vésteinsson 1998, 17, 22-23; Kristinn Magnússon 2008, 22



*Tóft 014_01 og dældir 014_04.
Uppmæling: FVR.*

Fyrsta viðbyggingin við sæluhús 01 var skúr sem Guðni Þorbergsson lét byggja við (norð) vesturenda steinhússins um 1895-1900. Skúrin sést vel á mörgum þeim myndum sem teknar hafa verið af Kolviðarhóli og eru aðgengilegar í Sarpi. Skúrin virðist hafa verið rifinn eftir að gistihús 093 var byggt, um 1929. Engra ummerkja um fornleifar er getið fast norðvestan við sæluhústóft 01 í skráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1998 eða í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008.

Heimildir: SK, 235; Sarpur Lpr-1441-29; Sarpur ÓM_MÓl-397; Sarpur GO-40; Sarpur Lpr/2016-83-1

„Árið 1900 (aldamótaárið) reisti hann [Guðni Þorbergsson] að stofni nýtt íbúðar- og gistihús á „Hólnum“. Var það reist við hliðina á hinu eldra [01], allt úr timbri á steiptum kjallara. [...] Húsið var 12x12 álnir að stærð. Það var steiptur kjallari, ein hæð, port og ris. Í kjallaranum var eldhúsið, á hæðinni var gangur, 2 stofur og svefnherbergi, stigi upp á loftið og niður í kjallarann. Uppi á loftinu var „baðstofa“, fyrir heimilisfólkið og svo herbergi. [...] Sömuleiðis byggði hann [Sigurður Daníelsson, á Kolviðarhóli frá 1906] við íbúðarhúsið, og þar kom [1929], að hann reif það og byggði annað nýtt,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Húsið stóð fast norðaustan við sæluhús 01 og sést vel á mörgum þeim myndum sem teknar hafa voru af Kolviðarhóli fyrir 1929 og aðgengilegar eru í Sarpi. Á myndunum sést að húsið hefur verið stækkað til norðvesturs með skúrbyggingum, í tveimur áföngum, sá fyrri milli 1907-1910, sá seinni fyrir 1921. Engra ummerkja um fornleifar er getið fast norðaustan við sæluhústóft 01 í skráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1998 eða í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008.


Heimildir: SK, 113, 124; Sarpur Lpr-1441-29; Sarpur ÓM_MÓl-397; Sarpur GO-40; Sarpur JK5-299; Sarpur HBl1-96; Sarpur Pk/2004-136

Á ljósmyndum sést að einnig hefu verið byggðar skúr 04 við suðvesturhlið sæluhússins, mögulega á svipuðum tíma, en sú hlið hússins sést ekki á myndum teknum fyrir um 1930 og því ekki hægt að segja til um byggingarár.

Skúrbygging fast suðvestan við sæluhús 01 sést á nokkrum ljósmyndum af Kolviðarhóli sem geymdar eru í Sarpi. Ekki sést skýrt hvort skúrin var reistur áður en gistihús 093 var byggt 1927 en það er þó ekki ólíklegt. Skúrin hefur verið rifinn á miðri 20. öld, á undan

sæluhúsi 01. Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 segir: „Fast upp við þessar húsaleifar [01], suðvestan megin, eru tvær dældir (nr. 328 og 329) sem hugsanlega eru leifar einhverra mannvirkja sem tengjast húsaleifunum. Þetta eru grunnar, grónar dældir um 10 cm á dýpt.“ Líklegt er að þessar dældir tengist skúrbyggingunni. Miðað við uppmælingar Fornleifaverndar er norðvestari dældin um 3 x 2 m (norðvestur-suðaustur) en sú suðaustari um 3,5 x 3 m (norðvestur-suðaustur). Tæpur 1,3 m er á milli dældanna.

Heimildir: Sarpur Lpr/2003-7; Sarpur Lpr/2016-83-1; Kristinn Magnússon 2008, 22



*Töft 014_01 og dældir 014_04.
Uppmæling: FVR.*

ÁR-721:015_01 *Lágaskarðsvegur* gata leið 382915 392740

Hálfðan Jónsson getur Lágaskarðsleiðar í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: „Á þessum fjallgarði, er fyrir norðan þessa byggð sveitarinnar liggur, eru þrír vegir vestur á Suðurnes, nefnilega Ólafsskarð [052], Lágaskarð og Sanddalavegur [053], hvorjir allir saman koma í einn veg á vestanverðu fjallinu, þá byggðarlönd taka til Suðurnesjajarða.“ Í sóknalýsingu Arnabælis-, Hjalla- og Reykjasókna 1840 segir: „[...] Lágaskarð vestur á Bolavelli, er alfaravegur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [...] Lágaskarð er [...] vel rudd.“ Í Sunnlenskum byggðum er einnig sagt frá leiðinni: „Einnig mátti fara um Lágaskarð sem er austar en Þrengslavegur liggur nú. Þeir sem komu „út á Eyrum,“ og þurftu að komast fljótt til Þingvalla hafa valið þessa leið. Hún var styst.“ „Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágaskarði. Eftir skarðinu liggur Lágaskarðsvegur,“ segir í örnefnalýsingu. Steindór Sigurðsson lýsir Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 1936: „Þessi leið liggur að mestu leyti samhliða Þrengslaleiðinni, en um það bil þremur km austar. Og Meitlarnir mynda takmörkin á milli þeirra. Leiðin liggur [...] frá Skíðaskálanum, og stefnir suður yfir lága öldu, um 50 m upp á við af veginum í byrjun. Þegar upp á hana er komið, sér greinilega móta fyrir Lágaskarði. [...]. Vestan undir [Lákahnúkum] er víðast hvar graslendi, sem ásamt haganum undir Lönguhlíð, austar á leiðinni, hefir orðið til þess að gera leið þessa vinsælli en Þrengslaleiðina. Lágaskarðsleiðin var ein aðalþjóðleiðin yfir Hellisheiði, allt fram að því að akvegur var gerður yfir heiðina og sjálfsgöðust leið allra austanmanna, er um Eyrarbakka komu og fóru yfir Ölfusá í Óseyrarnesi og um Hafnarskeið [...]. Vestan undir Stóra-Sandfelli

er háðepill Lágaskarðsleiðar, 303 m. Skammt austar liggur leiðin niður brekku eina talsvert bratta en ei langa, og þegar kemur á brekkubrúnina, sér vegafarndinn hvar Eldborgarhraunið breiðist út vestur með Meitilstöglunum og allt vestur að Sandfelli [...]. Með heiðarbrúninni er greiðfær og götumtroðinn grasmói, og heiðin fyrir ofan hann - að suðurbunga Skálafells, heitir Langahlíð. Norðaustur af Krossfjöllum skiptast leiðir [...] en gamla aðalleiðin lá suðaustur með Lönguhlíð, niður hjá Kömbum og Kerlingadrögum, vestanvert við brún Hjallafalls og annaðhvort austur með fjallsbrúninni, að Hjalla eða suðvestur undir hraunið, að hrauni, sem var fyrrum alkunnur viðkomustaður þeirra, sem Lágaskarð fóru. Lágaskarðsleið er úr Hveradölum [...] austur að Hjalla nál. 24 km.“ Lágaskarðsvegur 01 hefur verið skráður fimm sinnum af Fornleifastofnun Íslands, fyrst 1998, aftur 2006, 2007 og í tveimur hlutum árið 2023. Í skráningu 2006 var leiðin þó aðeins rakin á loftmynd. Leiðin var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 872 en var þá ekki skoðuð á vettvangi heldur aðeins rakin á loftmynd. Í skráning Fornleifafræðistofunnar frá 2006 er fornleif skráð undir númerinu 56:1 nefnd Lágaskarðsvegur, en sú fornleif sem þar er lýst er leið 061. Fimm vörður, 02-06, hafa verið skráðar við leiðina af Fornleifastofnun Íslands árin 2006 og 2023.

Leiðin var skráð lauslega við fornleifaskráningu 1998 og þá lýst svona: Leiðin liggur frá Hveradalafliot, undir hlíðum Lakahnúka og síðan um breitt skarðið yfir slétt og greiðfært helluhraun (að mestu mosagróíð) og síðan niður úr skarðinu (sem er meira eins og grunnt dalverpi en skarð) til Þorlákshafnar og í Selvog. Á herforingjaráðskorti frá 1909 er norðurendi leiðarinnar sýndur vestar en hér [þá er átt við skráninguna 1998] er gert ráð fyrir. Þar liggur Lágaskarðsleiðin útaf Hellisheiðarvegi undir neðstu brekkum Reykjafells og yfir hraunhólana neðan við Hveradalafliot en sú leið er mun ógreiðfærari þó hún sé styttri. Á kortinu kvíslast leiðin við Lönguhlíð og liggur ein slóð til Breiðabólstaðar en önnur til Hrauns.

Leiðin liggur um grasi grónar hlíðar og slétt helluhraun, mosagróíð, mjög greiðfær leið.

Leiðin er lengst af aðeins kindastígur en nokkur vörðutyppi (02-06) eru í sjálfu skarðinu (á helluhrauninu) og gætu sumar þeirra verið gamlar. Á nokkrum stöðum má ímynda sér að hestaumferð hafi gert för í hraunhelluna en hvergi er það skýrt. Þessi leið mun nú ganga undir nafninu Lákastígur (sbr. 020). Það er þó umdeilt og sennilega seinni tíma misskilningur.

Við fornleifaskráningu haustið 2006 var leiðin rakin á loftmynd. Ekki var hægt að rekja hana samfellt en þó saúst götuslóðar hér og þar. Við fornleifaskráningu árið 2007 var leiðin rakin á vettvangi eins nákvæmlega og hægt var í tengslum við rannsóknarboranir Orkuveitunnar við Gráuhnúka annarsvegar og Litla-Meitið hins vegar: Leiðin um Lágaskarð er sýnd á gömlum kortum, bæði á herforingjaráðskorti frá 1909 og örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969. Nyrsti hluti hennar mun hafa legið frá Kolviðarhóli milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks. Björn Pálsson, héraðsskjalavörður, hefur bent á að af nöfnum Þrengsla- og Lágaskarðshnúks

megi ráða að þeir hafi verið eins konar vörður eða leiðarmerki manna sem komu frá Kolviðarhóli og ætluðu á Þrengslavegin gamla (ÁR-721:060) annars vegar og Lágaskarðsveg hins vegar. Á milli hnúkanna er fremur slétt og breið kvos sem hraun hefur runnið um og er það nú þakið þykkum mosa. Erfitt var að rekja leiðina á þessum kafla árið 2007 þótt á nokkrum stöðum hafi sést yfirgrónar rásir í mosanum sem gætu verið leifar af götum. Vestan við hraunrennslið er hins vegar grösug kverk og þar sést greinilegur troðningur, nú mikið til gróinn. Raunar er ekki ólíklegt að margir, einkum þeir sem fóru ríðandi, hafi kosið að sneiða hjá hrauninu og fara annaðhvort austan eða vestan við það. Þá verður að gera ráð fyrir þeim möguleika að menn hafi farið inn á Lágaskarðsveg bæði af þjóðleiðinni frá Reykjavík (semsagt frá Kolviðarhóli) en einnig stytt sér leið af veginum milli hrauns og hlíðar (ÁR-721:019), sem lá t.d. norður í Grafning. Samkvæmt því má ætla að slóðar hafi legið inn á Lágaskarðsveg bæði sem hér segir, milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks en einnig austan við Reykjafell og þá um Hverdalaföt og þar meðfram hraunbrún til suðurs en þar sjást einnig óljósar götur og stundum mun hafa verið áð á Hverdalaföt (sjá 025) enda er hún grasgefin. En aftur að fyrrnefndu leiðinni. Þar sem hrauninu milli hnúkanna (Þrengsla- og Lágaskarðshnúks) sleppir til suðurs tekur við hæð, gróin mosa og lyngi og eru rof í henni hér og þar. Óljós rás gengur upp hlíðina en vatn hefur runnið í henni og grafið hana niður og því ekki hægt að fullyrða hvort þar er gata eða ekki. Í framhaldinu er ekki hægt að merkja samfelldar götur fyrr en komið er nær Lágaskarði. Allt bendir til þess að um tvær leiðir þangað hafi verið að ræða eftir að komið er framhjá hnúkunum tveimur. Annars vegar hafi verið farið beint í suður, upp að rótum Stóra-Meitils að norðvestanverðu, um djúpan dal sem þar er. Þarna sést votta fyrir



Lágaskarðsvegur 015_01 (A) í Hellunum í Lágaskarði, horft til vesturs. Ljósmynd frá 2023.

götuslóðum og eins upp úr dalnum, sem sennilega er syðsti hluti Stóradals skv. örnefnakorti Ingólfs Einarssonar, en þar er greinilegur troðningur í malarbakka. Í framhaldinu er stígur sem fylgir fjallsrótunum til suðurs á bilinu 50-150 m vestar en aðalleiðin um Lágaskarð. Hins vegar benda troðningar í svonefndum Hellum í Lágaskarði til þess að flestir hafi farið heldur austar og skal nú sagt frá því.

Út frá Stóra-Meitli liggur breiður malarhryggur um 1,2 km til norðausturs. Hann mjókkar smám saman og lækkar eftir því sem norðaustar dregur og endar í dálitlum klettakambi sunnan við Lágaskarðshnúk. Ekki sjást greinileg merki um götur á hryggnum eða við hann en sennilega hafa þær legið yfir hann um miðbikið eða mögulega krækt fyrir hann norðanverðan og legið til suðurs með austurhliðinni. Í það minnsta sést slóð utan í hryggnum austanverðum í beinu framhaldi af slóðinni í Hellunum svonefndu, en það eru sléttar klappir í sjálfu Lágaskarði, austan við Stóra-Meitil. Þegar þangað er komið tekur lega leiðarinnar að skýrast mjög mikið. Í skarðinu eru fimm vörður sem skráðar eru undir leiðinni, á einingar 02-06. Tæpum 250 m norðan við nyrstu vörðuna 02 sést rás í klapparhellum, væntanlega mörkuð af járnuðum hestshófum á löngum tíma. Þetta er einföld slóð, allt að 10-15 cm breið og mest um 5 cm djúp. Ekki er hún samfelld en víða greinileg á nokkurra metra bili í senn. Þess á milli sést hún aðeins sem slit í hrauninu. Víða sjást sambærilegar slóðir sunnar, á svæði sem er um 1,5 km langt frá norðri til suðurs. Mest áberandi eru rásirnar á svæðinu sem fyrr greinir en einnig sunnar, milli varða 03 og 04. Þar sem ekki sjást eiginlegar rásir ber þó mikið á götunni og því auðvelt að fylgja henni, enda er hraunið berstrípað af mosa og öðrum gróðri þar sem leiðin hefur legið. Enn er greinilega eitthvað um að farið sé ríðandi um Lágaskarð því þar sáust bæði för eftir hesta, ryðgaðar skeifur og hrossatað. Sömuleiðis sjást þar slóðir eftir torfæruhjól þótt ekki sé það í miklum mæli. Þar sem skarðinu sjálfu sleppir, sunnan við vörðu 06, má áfram rekja leiðina en hún er nú aðeins einfaldur troðningur í grónum móa. 300-400 m sunnan við vörðu 06 liggur leiðin niður nokkuð bratta brekku og kemur það vel saman við lýsingu Steindórs Sigurðssonar frá 1936, þ.e. liggur niður í fremur þröngt skarð og þaðan um sléttar flatir uns komið er í Sanddali. Þeir eru blásnir og gróðursnaðir og sjást þar engar götur. Á loftmynd má rekja götur um 1,5 km sunnar eða suðaustar, milli hrauns og hliðar undir Lönguhlíð, en ekki var farið svo langt á vettvangi 2007. Þór Vigfússon getur um tvö tilbrigði við Lágaskarðsleið í Árbók Ferðafélagsins 2003. Annars vegar hefur verið hægt að fara vestar en í stefnu á Sanddali, þ.e. niður vestan við Eldborgir og þaðan til suðurs meðfram Meitilstagli austanverðu og suður á Þrengslaveg 060. Ummerki sjást víða um þessa leið, þ.e. götutroðningar og sumstaðar í þeim jeppaför þótt ekkert bendi til að oft sé farið á bílum um þessar slóðir. Í þessu samhengi má benda á götu sem hér er skráð nr. 080 og hefur sennilega verið enn eitt afbrigðið. Í öðru lagi nefnir Þór að hægt hafi verið að fara austur Lakadal í stefnu á Hjallahverfi í Ölfusi. Erfitt er að rekja götur á jörðu niðri á þeirri leið, í það minnsta

í sjálfum Lakadal en á loftmynd mótar ágætlega fyrir götum. Þór bendir á tvö örnefni á leiðinni sem minna á samgöngur, þ.e. Vegarbrekkur og Vörðuhól. Hér í lokin má geta þess að suðurhluti leiðarinnar kann að hafa kvíslast suðaustan við Eldborgir, enda sést gata (080) sem liggur austur-vestur þar sunnan við borgirnar. Ekki er ólíklegt að ferðamenn sem ætluðu á bæi vestarlega í Ölfusi, jafnvel í Selvog, hafi kosið þá leiðina og þá farið niður með Meitilstagli að austan, eins og leiðin sem Þór Vigfússon segir frá.

Lágaskarðsleið var skráð aftur vegna deiliskipulags á Hellsheiði 2023 og var leiðin þá athuguð á nokkrum afmörkuðum svæðum í Meitlum og umhverfis Stóra Sandfell, milli Þjóðveg 1 og Þrengslavegar. Mismunandi greinum leiðarinnar voru gefnir bókstafir til aðgreiningar: Grein A er einna skýrust og er þar enn á hluta leiðarinnar nokkur umferð fjórhjóla. Leiðin liggur að mestu norður-suður nema nyrst milli Þjóðveg 1 og Stóra Meitils þar sem hún liggur u.þ.b. NNA-SSV. Á um 180 m kafla fast sunnan við Þjóðveg 1 liggur leiðin um grasi gróið land og sjást 8-15 götur á 10-30 m breiðu svæði. Göturnar eru dýpstar um 40 cm en víðast nær 15-20 cm. Þar sunnan við lá leiðin að mestu utan við úttektarsvæði 2023 en kom þó aftur inn á svæðið vestan við Stóradal og var hún þar rakin á um 1,8 km kafla suður í Lágaskarð. Þar til komið er um 250 m norðan við vörðu 02 markast leiðin fyrst og fremst af malarlóða eftir vélknúin ökutæki en þó má á köflum greina óljósar götur




Lágaskarðsvegur 015_01 (A) milli Sanddala og Lágaskarðs, horft til suðausturs. Ljósmynd frá 2023.



Lágaskarðsvegur 015_01 (A), milli varða 02 og 03. Ljósmynd frá 2023.

í lágum mosavöxnum hrygg sem slóðin liggur vestanundir. Sunnar sést leiðin sem um 15-30 m breið rás á ógrónum hraunhellum. Fjórhjólaslóðinn liggur áfram eftir leiðinni þar til komið er um 100 m norðan við vörðu 04 en hann beygir þá til suðvesturs. Brautin í hrauninu er ekki eins skýr þar sunnar en sést þó greinilega. Leiðin náði næst inn á úttektarsvæði milli Snókahlíðar og Sanddalaklifs og var hún þar rakin um 580 m. Hún sést þar sem ógróið svæði



Lágaskarðsleið 015, mismunandi greinar leiðarinnar aðgreindir með bókstöfum, ásamt nærliggjandi minjum. Uppmælingar: FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

1-2 m á breidd en hættir að sjást á köflum þar sem land er uppblásið. Þegar nær dregur fjallshlíð fer að sjást gata, fyrst ógróin á stuttum kafla og svo 1-2 grónar götur. Aðallega sést ein gata sem er 0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Þar sem hluti A var kannaður rétt sunnan og austan við Sanddali á haustmánuðum 2023 sést leiðin mjög illa og er annars vegar blásin upp (þar sem enginn gróður er) eða sést mjög illa, sem 0,2 m gróin dæld, rétt sunnan við afmörkun úttektarsvæðis 2023. Hægt var að rekja leiðina þar á um 50 m, langstærsti hluti þess utan afmörkunarsvæðisins. Á loftmynd má þó rekja leiðina áfram meðfram austurmörkum

Innbruna og síðan til suðausturs.

Leið B liggur vestar en leið A, og er næst henni um 50 m, norðarlega í Lágaskarði en víðast mun fjær. Hún liggur nálega norður-suður en hlykkjast lítillega. Víðast sést aðeins ein gata, 0,2-0,5 m á breidd. Frá Þrengslavegi 060 rétt sunnan við Þjóðveg 1 má rekja leiðina um 1,3 km kafla en hún er þar þó mjög mosagróin og sést vart lengur. Leiðin hverfur þá á um 300 m kafla en síðan má rekja hana allt suður að núverandi



Lágaskarðsvegur 015_01 (B) undir hlíðum Stóra-Meitils í Lágaskarði, horft til norðurs.

Þrengslavegi. Þar til komið er austan við Stóra-Meitil er leiðin þó heldur óljós. Rétt norðaustan við Stóra-Meitill, þar sem leiðin liggur upp úr Stóradal og upp gil sést hún aðeins sem óljós rás en skýrist aftur þar sem hún liggur meðfram austurhlíðum Stóra-Meitils. Frá suðurenda Lágaskarðs og allt að Þrengslavegi til suðurs er vegslóði þar sem leiðin lá og er þar ekki hægt að tala um eiginlegar reiðgötur.



Lágaskarðsvegur 015_01 (B) norðvestan undir Stóra-Meitli, horft til SSA. Ljósmynd frá 2023.



Lágaskarðsvegur 015_01 (C), horft til norðausturs. Ljósmynd frá 2023.

Leið C kvíslast frá hluta B sunnarlega í Stóradal. Hún var greinileg á um 250 m löngum kafla og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Hún sést sem gróin rás, 0,5-0,6 m á breidd og víða nokkuð djúp og greinleg en verður mjög gróin við norðausturenda hennar.

Leið D greinist frá hluta B milli Gráuhnúka og Lágaskarðshnúks um 75 m suðvestan við Þjóðveg 1 en sameinast henni aftur milli Þrengslahnúks og Lágaskarðshnúks um 300 m suðvestan við Þjóðveginn. Leiðin er þar nokkuð greinilegri en leið B. Á svæðinu er minni

mosi og sáust á kafla greinilegar rásir.

Leið E hefur legið til suðausturs frá leið A og um Lakadal. Hún sést þó ekki fyrr en um 520 m austan við leið A. Lakadalur er að mestu sendinn en þó eru mosabreiður og grasi vaxin svæði á nokkrum stöðum norðantil í dalnum, undir hlíðum Lakahnúka. Í mosa-breiðunni sést einföld gata, hálfgróin, um 0,3 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Hægt var að rekja leiðina á alls um 250 m kafla, þó með nokkrum rofum. Leiðin sást ekki á vettvangi á grasi vöxnu svæði um miðbik dalsins, en óljóst markar þar fyrir henni á loftmynd, skýrar á eldri myndum. Leiðin hefur legið áfram meðfram austurhlíðum Stóra-Sandfells og er þar að hluta greinileg á loftmynd en var þar utan úttektarsvæðis 2023 þar til komið er rétt norðaustan við Vörðuhólskvosir. Hún sést illa þar á köflum og er nær horfinn innan úttektarsvæðisins en sést greinilega rétt við norðvestur- og suðausturmörk svæðis-ins. Þar er leiðin 0,2-0,4 m á breidd, með moldarbotn. Hún sést á samtals 550 m löngum kafla og liggur nálega norðvestur-suðaustur. Ekki sjást greinilegar götur á loftmynd áfram til suðausturs.

Heimildir: SSÁ, 205 og 240; Ö-Afr.Ölf. 9; ÁFÍ 1936, 116-118; SB III, 198; ÁFÍ 2003, 44; Örnefnakort Ingólfs Einarssonar; Hkort 37 SV; Orri Vésteinsson 1998, 21-22; Birna Lárusdóttir, 2006 27-28; Birna Lárusdóttir 2008, 19-23; Kristinn Magnússon 2008, 33-34, Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 56:1; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023a, 7-12; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 9-15



Lágaskarðsvegur 015_01 (D), horft til suðvesturs. Ljósmynd frá 2023.



Lágaskarðsvegur 015_01 (B) undir hlíðum Stóra-Meitils í Lágaskarði, horft til norðurs. Ljósmynd frá 2023.

ÁR-721:015_02 varða samgöngubót

382053 391114

Varða 02 er sú nyrsta við Lágaskarðsleið. Hún er skammt sunnan við vesturenda sandhryggjarins sem gengur til norðausturs frá Stóra-Meitli. Varðan var fyrst skráð 2007 en var skoðuð aftur 2023. Hún er á litlum hól vestan götunnar 01 A. Hún er mikið mosagróin vörðunibba, 80 x 70 cm að grunnfleti, rúmlega 50 cm há og ekki vel hlaðin. Fjórir steinar eru efstir og ekki mosagrónir, ekki ólíklegt að þeir séu 20. aldar viðbót.



Varða 015_02, horft til SSV. Ljósmynd frá 2023.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 22; Kristjana Vilhjámsdóttir 2023a, 13

ÁR-721:015_03 varða samgöngubót

382112 390831

Varða 03 er um 280 m sunnar en varða 02, um 6 m vestan við götuna 01 A. Varðan var fyrst skráð 2007 en var skoðuð aftur 2023. Hún er einföld og allt annarrar gerðar en varða 02. Sex hraunhellum af svipaðri stærð hefur verið staflað upp og nokkrir minni steinar verið settir ofan á. Þessi varða er um 70 x 60 cm að grunnfleti og um 60 cm há.



Varða 015_03, horft til NNA. Ljósmynd frá 2023.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 22; Kristjana Vilhjámsdóttir 2023a, 13

ÁR-721:015_04 varða samgöngubót

382096 390304

Varða 04 er um 530 m suður af vörðu 03, um 15 m austan götunnar 01 A og virðist gatan sveigja dálítið sunnan við hana. Varðan var fyrst skráð 2007 en var skoðuð aftur 2023. Hún er óregluleg, hrúgað saman úr úr hraungrýtishnullungum og mjög mosavaxin. Hún er um 60 x 80 cm að grunnfleti, 65 cm há og mjókkar upp á við. Hér má geta þess að á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar er merkt „Folaldavarða,“ á þessum stað eða jafnvel heldur austar, við mynni Lakadals. Engin önnur varða fannst sem passar betur við þá merkingu og mögulegt að Folaldavarða sé einmitt sú sem hér er nefnd 04 - eða varða sem er hrunin en hefur vísað inn Lakadal.



Varða 015_04, horft til norðurs. Ljósmynd frá 2023.

Heimildir: Örnefnakort Ingólfs Einarssonar; Birna Lárusdóttir 2008, 22; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 17

ÁR-721:015_05 varða samgöngubót

382080 389934

Varða 05 er um 370 m sunnan við vörðu 04. og um 10 m vestan við götuna 01 A. Varðan var skráð á vettvangi árið 2007. Hún er hlaðin upp á brún þar sem farið er upp úr skarðinu til suðurs og hefur sennilega helst gagnast fyrir þá sem voru á suðurleið. Varðan er mjög einföld að gerð, smá hraungrýtishrúga og hafa 3 hellur verið lagðar ofan á. Hún er töluvert mosavaxin og um 0,5 m há.



Varða 015_05, horft til norðurs. Ljósmynd frá 2007.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 22

ÁR-721:015_06 varða samgöngubót

382063 389837

Að lokum er varða eða leiðarmerki 06 um 100 m suður af vörðu 05, fast vestan við götuna 01 A. Varðan var skráð á vettvangi árið 2007. Þetta er aflöng hella, 0,6-0,7 m há, sem hefur verið reist upp á rönd og sést vel að, einkum ef komið er úr norðri. Hugsanlega er hún á hæsta punkti leiðarinnar, í það minnsta hallar bæði niður til suðurs og norður frá staðnum. Ómögulegt er að segja hvort hellan hefur staðið lengi eða verið reist á 20. eða jafnvel 21. öld.



Varða 015_06, horft til suðurs. Ljósmynd frá 2007.

Nokkrir steinar hafa verið settir við neðri hlutann til stuðnings en virðist þó ekki þurfa mikið átak til að hún falli á hliðina.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 22-23

ÁR-721:016 Mógil náma mógrafir

383047 396136

„Mótak fann hann [Jón Jónsson, á Kolviðarhóli 1883-1895] norður við Húsmúlann og sparaði sér með því kolakaup,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Mógil er breitt gil er gengur upp í Húsmúlann austanverðan. Austanmegin í því er allþykk jarðvegstorfa, blautlendi með mógrafarskorningum hér og hvar. Staðurinn var skráður á vettvangi af Fornleifastofnun Íslands árið 1998.

Í Mógili er mýri og talsverður rauði í. Mórinn hefur verið mjög sendinn.


Mógrafirnar sjást ekki vel og hafa tæpleg verið djúpar. Þær sjást nú sem ójöfn börð og hvompur í mýrinni. Örnefnið Mógil er sennilega ekki fornt, líklega jafngamalt móskurði Kolviðarhólsmanna.

Heimildir: SK, 107; Orri Vésteinsson 1998, 24

ÁR-721:017_01 garðlag túngarður

382164 396535

„Engjablettinn við Húsmúlann hefur Guðni [Þorbergsson, á Kolviðarhóli 1895-1906] afgirt að mestu með 400 faðma löngum grjótgardi [01] og 7-800 faðma löngum skurði [02], sem bæði er notaður sem áveituskurður og varnarskurður; skurðir þessir eru að meðaltali 9 fet á breidd og full 2 á dýpt,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Á Herforingjaráðskorti frá 1909 má



Garður 017_01 og skurður 017_02 ásamt nærliggjandi minjum. Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

sjá afmarkað svæði við Húsmúlann. Garður 01 liggur til NNV og SSA frá Draugatjörn en skurður 02 liggur austur-vestur um 105 m ASA af syðri enda garðlagsins. Saman afmarka þeir svæði sem er um 800 x 300 m að stærð og liggur norðvestur-suðaustur.

Garður 01 var fyrst skráður af Fornleifafræðistofunni árið 1997 undir númerinu 3:1, síðan af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 og aftur af Fornleifafræðistofunni árið 2006. Hann var skráður og mældur upp árið 2008 af Fornleifavernd ríkisins undir númerum 343 og 352.

Síðast var garðurinn skráður af Fornleifafræðistofunni árið 2023 en engu var þá bætt við lýsingu frá 2006. Skurður 02 hefur ekki verið skráður á vettvangi en er greinilegur á loftmynd. Garðurinn sjálfur er uppi í hrauninu en svæðið sem hann umgirðir er votlendi undir hlíð Húsmúlans í kringum Draugatjörn, og hefur verið engi frá Kolviðarhóli.

Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar frá 1997 er garðinum ekki lýst sérstaklega en þar segir þó: „Í landi Kolviðarhóls í Ölfushreppi, fannst garður (túngarður) skammt suðaustur af Draugatjörn undir Húsmúla. Línuvegur var lagður yfir garðinn þann 23/10 '97 án leyfis viðeigandi aðila, enda töldu framkvæmdaraðilar að um ljósleiðara væri að ræða (sem er vel skiljanlegt út af fyrir sig). Garðurinn er væntanlega óskemmdur undir veginum. Undirritaður skoðaði garðinn þann 22/10 og þá var hann óskemmdur, en talsvert sokkinn í mýrina. Garðurinn getur hafa verið byggður í lok síðustu aldar.

Lagt er til að ekkert frekara verði aðhafst á staðnum, enda varla gerlegt að snúa til fyrra horfs og minjagildið takmarkað. Garðurinn ætti að vera sýnilegur á eldri loftljósmyndum.“

Í skráningu Fornleifastofnunar Íslands 1998 segir: Við Draugatjörn byrjar mikill grjótgardur, hlaðinn úr hraungrýti og liggur hann vestur úr tjörninni á hraunjaðrinum um 250 m og sveigir þá í átt að Húsmúlanum og er alls 463 m vestan við tjörnina. Þá ma einnig rekja um 70 m spotta austan við tjörnina, skammt sunnan við sæluhústóftina 009.

Garðurinn er einföld hleðsla víðast. Hann stendur vel á köflum, allt að 6 umfór, en víða eru þó komin stór skörð í hann. Á mörgum stöðum má sjá í hrauninu við garðinn hvar hleðslugrjótið hefur veirð rífið upp. Sá við Draugatjörn eru nokkrar hrúgur af hleðslugrjóti sem hefur líklega verið dregið saman til að ljúka austurhlið girðingarinnar en af því hefur ekki orðið.



Garðlag 017_01 horft til suðurs. Ljósmynd frá 2023.

Í skráningu Fornleifafræðistofunnar frá 2006 segir: „Garðurinn liggur utan um mýrarpart við Draugatjörnina. Liggur hann út frá tjörninni sunnanverðri og norðanverðri. [...] Úr hraungrjóti, 1 - 1,5 m breiður og 0,1 - 1 m hár. Garðurinn er allt að 300 m langur sunnan við Draugatjörnina. S - hluti hans liggur undir nýjum línuvegi (lagður 23/10 '97).

Garðurinn er nokkuð sokkinn í mýrina sunnan við Draugatjörnina og hverfur þar að endingu um 300 m frá tjörninni, eða skammt þar hjá þar sem línuvegurinn fer yfir hann.

Með garðinum að sunnanverðu liggur gömul þjóðleið á kaffa, sennilega framhald Hellisleiðarinnar og sú gata sem vörðurnar varða í næsta nágrenni.

Garðurinn getur hafa verið byggður í lok 19. aldar. GPS mælt þar sem línuvegur fer yfir.

Þann 29. sept. síðastliðinn var grafa að vinna að skurðargreftri við garðinn. Hafði varða (Ölfus nr. 45) verið fjarlægð og uppmokstur verið settur upp að garðinum.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins voru hlutar garðsins sunnan og norðan Draugatjarnar. Um 60 m langt garðlag var mælt til suðurs frá tjörninni og það talið tengjast sæluhúsi 009 eða rétt 030. Garðurinn vestan og norðan við tjörnina var mældur 430 m á lengd og segir um hann: „Þessi garður er öllu greinilegri enda fer hæð hans upp í 1,2 m á hæð á köflum.“

Af loftmyndum að dæma virðist garðlagið ná lengra til beggja enda en uppmælingar Fornleifaverndar sýna og er nyrðri hluti garðlagsins því um 463 m á lengd líkt og segir í skráningu 1998. Garðurinn er greinanlegur á 150 m kaffa sunnan við tjörnina, að línuvegi, en hefur verið lengri, sbr. lýsingu 1997.

Heimildir: SK, 234; Bjarni F. Einarsson 1997, 5; Orri Vésteinsson 1998, 24; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 3:1, Kristinn Magnússon 2008, 19; Bjarni F. Einarsson 2023, 1

ÁR-721:017_02 renna áveita 382575 396223

Skurður 02 er um um 105 m ASA af syðri enda garðlags 01. Skurðurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi en er greinilegur á loftmyndum. Hann liggur um 240 m til austurs en breytir þá lítillega stefnu til ANA og heldur áfram um 80 m. Víðast er skurðurinn rúmir 2 m á breidd. Ofar (austar) eru lækir sem sameinast og renna í skurðinn, en ekki sjást skýr merki um að á þeim séu mannaverk.


Heimildir: Loftmyndir ehf 2023

„Sunnan við Neðraskarð er Reykjafell, norðan í því er Dauðidalur, í honum er fjárrétt,“ segir í örnefnalýsingu. Réttin er norðvestan undir Hádegishnúki, austanmegin í þurru gilskorningi sem hlykkjast niður úr Dauðadal. Réttin var skráð á vettvangi árið 1998.

Réttin er hlaðin í brattri brekku neðantil í grjóthól, en neðan við réttina er dæld þar sem leysingavatn rennur. Grasi gróid er inni í réttinni og í kring um hana en rofmoldir eru um 30 m neðan við í dældinni og enn fjar eru mosapembur.

Réttin skiptist í tvö hólfi. Op er á stærra hólfinu til norðurs, en einnig er of eða rof á því til suðvesturs. Minna hólfið er norðaustan við það stærra og er op á því til norðvesturs. Réttin er gerð af einföldum, fremur óvönduðum hleðslum sem byggðar eru ofan á náttúrulega sandsteinsdranga, og eru þær mest 6 umför. Í skráningu 1998 var réttin mæld alls 19 x 12 m og mesta hleðsluhæð 1,3 m. Við endurskoðun skráningar 2024 var réttin mæld af loftmynd og er hún samkvæmt þeim mælingum 20 x 15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stærra hólfið er um 13 x 13,5 m að innanmáli (norðvestur-suðaustur) en það minna um 9 x 4 m (norðvestur-suðaustur).


Heimildir: Ö-Kolviðarhóll, 1; Orri Vésteinsson 1998, 24-25



Rétt 018. Uppmæling gerð af loftmynd m.t.t. teikningar FSÍ 1998.

Leiðin milli hrauns og hlíðar hefur verið skráð fimm sinnum af Fornleifastofnun Íslands, fyrst 1998, aftur 2006, 2007 og í tveimur hlutum árið 2023. Í skráningu 2006 var leiðin þó aðeins rakin á loftmynd. Leiðin var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 872 en var þá ekki skoðuð á vettvangi heldur aðeins rakin á loftmynd. Í skráningu Fornleifafræðistofunnar frá 2006 er fornleif skráð undir númerinu 56:1 nefnd Lágaskarðsvegur, en sú fornleif sem þar er lýst er leið 061. Sjö vörður, 02-08, hafa verið skráðar við þessa leið, af Fornleifastofnun Íslands árið 2006, og hluti þeirra sama ár af Fornleifafræðistofunni. Vörðurnar voru skráðar með leiðinni árið 2006 en voru settar á sér einingur við endurskoðun skráningar 2024.

Leiðin var skráð lauslega við fornleifaskráningu 1998 og þá lýst svona: Vestast liggur leiðin



*Leiðin milli hrauns og hlíðar 019 og aðrar nærliggjandi minjar.
Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

neðst í hlíð Skarðsmýrarfjalls en þar fellur hraunið þétt upp að hlíðinni og er slóðin í vikinu á milli. Bílaslóð er nú á sama stað og austur í Skarðsmýri en þaðan hefur leiðin legið áfram norðan við Litla-Skarðsmýrarfjall, yfir Hengladalsá og yfir mýrlendið í Fremstadal, upp Svínahlíð sem er austurhlíð dalsins og þar yfir á Brúnkollubletti en þá er landi farið að halla til norðurs og þar skiljast leiðir, liggur önnur að Ölfusvatni en hin að Nesjum. Fáar vörður eru á þessari leið og hvergi samfelld.

„Þegar upp á brúnina [á Efri Völlum] kemur blasa við tvær raðir af vörðum. Önnur til norðausturs og vísar á veginn milli hrauns og hlíðar. [...]. Fyrst liggur hún um sléttan hraunfláka og stefnir á gígaröð, sem er utan í fjallinu, Skarðsmýrarfjalli [...]. Brátt tekur við, á hægri hönd, úfin hraunbrún með skvompum og skápum, sem gaman er að skoða. Bílaslóð er þarna sémilega greidd [...]. Þegar austur fyrir hraunið kemur er mýrablettur, sem heitir Stóra Skarðsmýri, sémilegur hestahagi. Af Skarðsmýrum lá leið vestan Litla-

Skarðsmýrarfjalls, með Orustuhólshrauninu niður á eyrar Hengladalaár. Þar eru greinilegar götur. Þá leið hafa „Sunnanmenn“ farið í réttirnar, þegar þær voru við Orustuhól. [...] Ef haldið er áfram til austurs af Skarðsmýrunum, liggur leiðin um lágan háls, norðan Litla-Skarðsmýrarfjalls. Þegar yfir hann kemur, blasir við grösugur dalur, Fremstidalur [...].

hestaleið liggur þvert yfir dalinn og uppá Bitruna. Þar heitir Járnklið, nokkuð bratt. Varða er á brúninni. Síðan liggur leiðin þvert yfir Bitruna. Nokkrar vörður eru á leiðinni, sumar hlaðnar af mikilli snilli. Austur af Bitrunni tekur við djúpt gil. Þar eru víða hverir. Þegar yfir gilið kemur skiptast leiðir. Ein liggur til norðausturs um Þverárdal til Grafnings. Önnur beint áfram á vatnaskilum, norðan Reykjadal, sunnan Kyllisfells og um Laxárdal, austur í Grafning. Einnig er hægt að fara niður í Reykjadal, vestan Ölkelduhnúks og þaðan niður í Ölfus. Hinar tvær fyrsttöldu voru þjóðleiðir úr Grafningi, en sú síðasttalda smaleið Ölfusinga. Frá Járnkliðinu lá leið til suðausturs um Bitruna, austan við ávalt fjall, sem heitir Ástaðafjall. Austan þess var góður áningarstaður í Kvíunum. Þaðan niður Krossselsstíg niður að Kaldá [Hengladalaá]. Fyrirnefnd leið austan Orrustuhólshrauns lá niður með Svínahlíðinni, vestan Ástaðafjalls um Tæpastíg, meðfram ánni norðanvert og kom á sömu leið og þeir, sem fóru Bitruna. Síðan lá leiðin austan Varmár, um túnið í Reykjakoti [...],“ segir í Útivist 1980. Leiðin Milli hrauns og hlíðar var kortlögð nokkuð rækilega við skráningu Fornleifastofnunar Íslands fyrir Orkuveituna árið 2006, bæði af loftmyndum og á vettvangi. Gatan sést enn nokkuð víða en er yfirleitt ekki nema einfaldur stígur, nú kindatroðningur. Svo virðist sem leiðir hafi greinst í Hellisskarði því efst í því er tvöföld vörðuröð. Reyndar eru aðeins þrjár vörður 02-04 sjáanlegar í þeirri nyrðri til að byrja með, sem markar umrædda leið, en sú syðri vísar á Hellurnar 005, sjá þar. Fjórða varðan 05 er síðan við brún Orrustuhólshrauns nokkru austar en hún er nú á barmi borholustæðis. Gatan sjálf virðist nær allsstaðar horfin undir yngri veg milli hrauns og hlíðar en sést norðan við Skarðsmýri þar sem hún liggur yfir hálsa sem eru samfastir Litla-Skarðsmýrarfjalli. Óglögg er hún í mýrunum norðan Hengladalaár en sést aftur glögg þar sem hún liggur upp brún austast í Fremstadal en þar heitir Svínahlíð. Þaðan má með allgóðu móti rekja hana næstum alla leið á Brúnkollubletti nyrðri og var það gert á vettvangi. Tvö hugsanleg vörðubrot, 06 og 07, voru skráð á leiðinni, bæði fremur vesæl. Ekkert bendir þó til að vörður hafi verið við leiðina með reglulegu millibili og ekki ljóst hvað átt er við í grein sem birtist í Útivist árið 1980 en þar segir að vörður, hlaðnar af mikilli snilli, séu á leiðinni yfir Bitruna. Nær vonlaust er nú að gera sér grein fyrir þrískiptingu leiðarinnar eftir að nyrðri Brúnkollubletti er náð nema með stoð af rituðum lýsingum. Kemur þar margt til, t.d. rask sem þegar hefur orðið vegna borholna og umferð hestamanna um svæðið. Erfitt getur verið að átta sig á hvort þeir hafa notast við gamla troðninga eða markað nýjar slóðir í svörðinn. Þar að auki er svæðið sundurskorið af hverum, lækjum og giljum. Tvær leiðir munu hafa verið farnar í Grafning af Brúnkollubletti, önnur um Þverárdal, niður með Þveránni en hún heitir Ölfusvatnsá þegar neðar dregur. Hin hefur skv. ritheimildum legið beint áfram norðan Reykjadal, sunnan Kyllisfells, um Laxárdal niður í Grafning. Hluti af fyrirnefndu leiðinni sést nú vel í sunnaverðum Þverárdal og hefur þar verið stikuð gönguleið, að því er virðist þar sem gamla leiðin lá. Á einum stað við hana hefur steinum verið hróflað upp

á jarðfastan klett 08 og hefur það hugsanlega átt að vera vegvísir. Á slóðum síðarnefndu leiðarinnar liggur nú línuvegur sunnan við Álftatjörn og áfram niður Laxárdal en götuslóðar sjást þó í dalnum beggja vegna árinna og voru raktir á loftmynd. Báðar þessar leiðir eru sýndar sem „óvissar götur“ á korti herforingjaráðs sem mælt var fyrir 1914 en útgefið 1983. Skv. kortinu skiptist leiðin um Þverárdal reyndar í tvennt þegar í dalinn er komið og liggur önnur beint í norður, um skarð vestan Krossfjalla og kemur niður nálægt Hagavík. Ekki sést móta fyrir henni á loftmynd, a.m.k ekki næst Þverárdal, enda eru þar sandar ráðandi. Þriðja leiðin frá Brúnkollubletti er í heimild sögð smalaleið Ölfusinga niður í Reykjadal og er líklegast að hún hafi einfaldlega legið um Klambragil. Þar er troðningur sem er mikið notaður af hestamönnum og má vera að hann sé markaður í eldri slóð.

Heimildir: SSÁ, 240; Ö-Kolviðarhóll, 1; Ö-Hellisheiði, 1; Útivist 6(1980), 82-83; Orri Vésteinsson 1998, 25; Birna Lárusdóttir 2006, 28-29; Kristinn Magnússon 2008, 34

ÁR-721:019_02 varða samgöngubót

384135 394594

Varða 01 er austan við Hellisskarð, um 315 m ANA af Skiljustöð 2. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 en var ekki lýst sérstaklega í skráningunni. Sama ár var varðan skráð af Fornleifafræðistofnunni undir númerinu 49:1 og segir þar: „2,5 x 3 m (N - S) og 1,8 m há. Varðan er úr hraungrjóti, nokkuð óregluleg í forminu en gæti hafa verið ferhyrnd upphaflega. Hún er tekin að falla vestan megin.“



Varða 019_02, horft til suðvesturs. Ljósmynd frá 2006.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 29; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 49:1

ÁR-721:019_03 varða samgöngubót

384241 394610

Varða 03 er um 110 m austan við vörðu 02. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 en var ekki lýst sérstaklega í skráningunni. Sama ár var varðan skráð af Fornleifafræðistofnunni undir númerinu 48:1 (ásamt vörðu 04) og segir þar: „1,5 x 2,5 m (NA - SV) og 1,5 m há. Varðan er úr hraungríjóti, nokkuð óregluleg og tekin að falla.“



Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 29; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 48:1

Varða 019_03 með vörðu 019_04 í bakgrunni, horft til austurs. Ljósmynd frá 2006.

ÁR-721:019_04 varða samgöngubót

384286 394613

Varða 04 er um 45 m austan við vörðu 03. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 en var ekki lýst sérstaklega í skráningunni. Sama ár var varðan skráð af Fornleifafræðistofnunni undir númerinu 48:1 (ásamt vörðu 03) og segir þar: „1 x 1,2 m (NV - SA) og 1 m há. Varðan virðist illa hlaðin og ung.“

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 29; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 48:1

ÁR-721:019_05 varða samgöngubót

385109 394920

Varða 05 er um 880 m ANA við vörðu 04, á barmi borholustæðis. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 en var ekki lýst sérstaklega í skráningunni.



Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 29

Varða 019_05, horft til suðurs. Ljósmynd frá 2006.

1703: „Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Orustuhóll mun nafn sitt draga,“ segir Hálfðan Jónsson í lýsingu sinni. „Austan undir hrauninu er Orustuholl. Gömul sögn segir, að á þessum slóðum hafi verið sundurdráttarrétt. Áttu réttarmenn að hafa orðið missáttir og barist á hólum. Engin mannvirki sjást þar nú,“ segir í örnefnalýsingu. Kolbeinn Guðmundsson telur sig hafa fundið þessar gömlu réttir eftir lýsingu Hálfðanar: „Réttirnar hafa verið fast við hólinn suðvestanverðan. Hefir þar verið að miklu leyti sjálfgert aðhald. Hóllinn annars vegar og hraunbrúnnin hins vegar. Hvort tveggja snarbratt, svo að lítið hefir þurft að hlaða. Réttunum hefir verið skipt í tvennt. Vestari hlutinn talsvert minni. Dilkar hafa ekki verið eins og nú tíðkast í réttum. Aðaldyr snúa í austur, og hafa þær verið um 2 faðmar að vídd.“ Réttin hefur verið skráð fjórum sinnum: tvisvar af Fornleifastofnun Íslands, árin 1998 og 2006, einnig af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 5:2, síðast af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 284 og var meint hleðsla í réttinni þá mæld upp.

Gjáin er gróin í botnin en hrúnið hefur ofan í hana, nú síðast allmikið bjarg í jarðskjálfta í júní 1998.

Í lýsingu 1998 segir: Suðvestan við Orrustuhól er alldjúp gjá með bröttum veggjum sem liggur í sveig frá austri til suðvesturs. Hún er um 15-20 m breið og alls um 70 m löng og hækkar botninn mjög til vesturs og dregst gjáin þar saman. Austurendinn opnast út á gróíð hraunið sunnan og austan við hólinn en að vestan er yngra og úfnara hraun sem gjáin er í. Þar sem gjárbotninn verður ósléttur vestantil og fer að hækka mikið hefur verið hlaðið steinum fyrir og eru



Meint hleðsla 023, horft til austurs. Ljósmynd frá 2006.

þeir mjög mosagrónir. tveir stórir steinar í botninum gætu verið komnir þangað af sjálfum sér en sunnan við þá er greinileg hleðsla, um 1,5 m löng og um 3 umför. Engin önnur mannvirki eru greinileg á þessum stað en gjáin hefur verið mjög gott aðhald af náttúrunnar hendi og hefur þó þurft að hlaða fyrir austurendann en þar sjást engar hleðslur.

Norðan við Orrustuhólinn er önnur gjá, styttri og grynri sem einnig hefði mátt nota sem aðhald, en þar er grashvammur norðan við, en lítið beitaland er sunnan við hólinn þó hraunið þar næst honum sé sléttara og grónara en yngra hraunið sem fjær er. Orrustuhóll var aftur kannaður af Fornleifastofnun Íslands við fornleifaskráningu 2006 og hnit þá endurnýjuð. Að öðru leyti er fátt um þá skráningu að segja annað en það að full ástæða er til að efast um að grjótruðningurinn ofan í gjánni sé hleðsla, hann virðist fremur náttúrumyndun. Að öðru leyti er gjáin fyrirtaks aðhald frá náttúrunnar hendi.

Skráningar Fornleifafræðistofunnar og Fornleifaverndar ríkisins eru sammála skráningu 2006 um að ekki sé hægt að segja með vissu hvort að meint hleðsla sé mannaverk eða náttúruleg.

Heimildir: SSÁ, 240; Reykjanesfjallgarður, 4; GR II, 310; Orri Vésteinsson 1998, 26-27; Birna Lárusdóttir 2006, 29-30; Kristinn Magnússon 2008, 37-38; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 5:2

ÁR-721:024 *Hellukofi* hús sæluhús

385411 393954

„Á stórrí klöpp vestarlega á heiðinni var stór varða sem hét Biskupsvarða [043]. Nálægt 1830 var byggður borghlaðinn kofi, um 2 m í þvermál að innan á sömu klöppinni. Hann stendur ennþá og er nefndur Hellukofi, enda byggður úr hraunhellum eingöngu, veggir og þak.“ segir í örnefnalýsingu. „[Hellukofi] var byggður um 1830. Það gerði Þórður Erlendsson, þá bóndi á Völlum, síðar Tannastöðum. [...] Kofinn var byggður úr sama grjótinu [og Biskupsvarða 043], og að öllum líkindum á sömu klöppinni. Heimild fyrir þessu er Skúli Helgason, eftir Kolbeini Guðmundssyni bónda á Úlfjótavatni, en hann hafði það eftir gömlum mönnum og langminnugum,“ segir í örnefnalýsingu Eiríks Einarssonar.



Hellukofi 024, horft til norðausturs. Ljósmynd frá 2023.

„Á þeim stað sem hétu Syðri-Þrívörður var laust eftir 1820 byggður sæluhúskofi, borghlaðinn úr grjóti og þéttur með mosa. Kofi sá stendur enn óhaggaður eftir rúm 150 ár. Lítið skjól er þar nú því að þétting öll er fokin í burtu,“ segir í Sunnlenskum byggðum III.

Kofinn er um 70 m norður af hinni vörðuðu Helligheiðarleið 005, um 1,3 km vestan við neyðarskýli LHS við Þjóðveg 1. Hellukofi var friðlýstur árið 1971.

Kofinn hefur verið skráður fjórum sinnum: tvisvar af Fornleifastofnun Íslands, árin 1998 og 2006, einnig af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 46:1, síðast af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 356 og var kofinn þá mældur upp.

Kofinn stendur framarlega á klapparbrún og er hann sjálfur á upphækkun á klöppinni. Kofinn sést allsstaðar af heiðinni. Í kringum hann sést hvar hleðslugrjót hefur verið rífið upp.

Í skráningu 1998 segir: Kofinn er ferhyrndur að innan, 2x2 m og 1,85 m undir þak, um 20 umför af 7-15 sm þykkum hraunhellum. Suðausturhorn þaksins er aðeins farið að síga inn en annars standa hleðslurnar mjög vel. Dyr eru á suðurhlið, austantil. Veggir eru um 0,8 m þykkir við dyraop, þar er þröskuldur, 2 umför af hraunhellum. Talsverður mosi og skófir eru á kofanum. Inn í kofanum er hart moldargólf, að mestu slétt. Ekkert friðlýsingarmerki er á staðnum. Kofinn var skoðaður á ný af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 vegna fornleifaskráningar fyrir Orkuveituna. Engu er við skráninguna að bæta og kofinn í góðu standi.

Í skráningu Fornleifafræðistofunnar árið 2006 er kofanum svo lýst: „3,5 x 3,5 m (NNV - SSA). Veggir úr hraunhellum um 1 m breiðir og 2 m háir. Dyr snúa mót vestri. Húsið er borghlaðið upp í topp og er nær alheilt. Á toppnum vex mosi.“

Kofanum er ekki lýst sérstaklega í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008 en samkvæmt uppmælingum þeirra er kofinn um 4,5 x 4 m að stærð (norðvestur-suðaustur).

Heimildir: Ö-Hellisheið,1; Friðlýsingaskrá, 77; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr); SB III, 282; Orri Vésteinsson 1998, 27; Birna Lárusdóttir 2006, 30; Kristinn Magnússon 2008, 28-29; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 46:1

ÁR-721:025 *Hveradalaföt* heimild um áningarstað 383024 392470


„Í litlum hvammi rétt ofan við Skíðaskálann eru Hverar þeir sem dalirnir eru við kenndir. Móts við þá er allstór grasflöt sem nær að Lakahnúkum. Hún heitir Hveradalaföt. Þar áðu ferðamenn hestum sínum áður en þeir lögðu á Hellisheiði, og er þeir komu af heiðinni,“ segir í örnefnaskrá. Þjóðvegur 1 liggur þvert yfir Hveradalaföt, sem er slétt grasflöt sem nær frá skíðaskálanum í Hveradölum norðan við veginn og að hnúkunum sunnan við hann. Flötin er allt að 500 m löng frá norðri til suðurs en innan við 200 m á breidd. Hverdalaföt hefur tvisvar verið skráð af Fornleifastofnun Íslands, fyrst 1998 og aftur 2007.

Hverdalaföt er slétt grasflöt milli hálfgróinna hliða heiðarinnar að austan og hrauntagla að vestan. Mosi er í grasrótinni og grasið ekki þétt.

Skráning 1998: Fyrir utan þjóðveginn hafa hús verið byggð á flötinni, fyrir utan skíðaskálann og mannvirki í kringum hann, eru sunnan við veginn skátaskáli og allstór braggi og aðkeyrslur

að þessum byggingum. Allt að fjórðungur flatarinnar er því horfin undir mannvirki. Á Hveradalafliót hefur sennilega ekki verið reglulegur áningarstaður fyrr en þjóðvegurinn var lagður sunnan við Reykjafell yfir flötina 1894. Fyrir þann tíma hafa varla margir átt þar leið um nema þá helst þeir sem fóru Lágaskarðsveg. Skráning 2007: Aftur var gengið um flötina í sambandi við skráningu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Engar mannvistarleifar sjást þar en slóði liggur frá henni meðfram hraunbrún til suðvesturs áleiðis í Lágaskarð (sjá leið 015). Hann virðist aðallega myndaður af fjórhjólum og/eða torfæruhjólum en þó líklegt að gamlar götur leynist undir.

Heimildir: Ö-Hellisheiði, 2; Orri Vésteinsson 1998, 28; Birna Lárusdóttir 2008, 23



Leið 026 ásamt nærliggjandi minjum. Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-721:026_01 gata leið 383005 395624

1703: „Vestur af Hellirsheiði liggur almenningsvegurinn ofan Hellirsskarð, vestur yfir Hvannavelli, um endilangt Svínahraun og á Bolavelli, þaðan fyrir sunnan Lyklafell og vestan til í Fóelluvötnum, síðan með þeirri á, er úr vötnunum rennur, allt á Fossvelli og að Tröllbörnum etc. etc,“ segir í Lýsingu Ölvushrepps í Sýslu- og sóknalýsingum.

„Alfaravegurinn gamli: Kolviðarhóll-Reykjavík. Frá Kolviðarhóli, yfir Bolavelli að Húsmúla

(sæluhúsi). Frá Húsmúla, yfir Norður-Velli að Bolöldum ofan Sandskeiðs. Frá Bolöldum, yfir Svínahraunstögl norðarlega, norðan Lyklafells. Frá Lyklafelli, fyrir sunnan Klakk, þá um Klettabelti að Vörðuhólum [...],“ segir í Áningarstöðum á lestamannaleiðum. Þar segir einnig um lestamannaleið úr Flóa til Reykjavíkur: „Þá var og önnur leið norðar, frá Húsmúla, vestan Kolviðarhóls, norðan Svínahrauns, að Lyklafelli, norðan Geitháls, sunnan Miðdals að Gröf og síðan yfir Elliðaár neðan Árbæjar.“

Leiðin 01 var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en vörður við leiðina voru þá ekki hnitsettar. Níu vörður, 02-10, voru skráðar af Fornleifafræðistofnunni árið 2006 og hluti þeirra aftur af Fornleifavernd ríkisins árið 2008. Leiðin hefur ekki verið rakin að fullu og er mögulegt að fleiri vörður séu norðan við vörðu 10.

Í skráningu 1998 segir: Vörður (sjá 02-10) sjást í hrauninu vestan við Draugatjörn og hefur vegurinn fylgt hraunbrúninni. Götupaldrar sjást á Hvannavöllum (undir rafmagnslínunum) um miðja vegin milli Draugatjarnar og Kolviðarhóls. Við endurskoðun skráningar 2024 voru göturnar raktar á loftmynd og eru þær greinilegar á um 130 m kafla á Hvannavöllum, um 500 m norður af Kolviðarhóli. Fjölmargar kindagötur eru greinilegar í hrauninu hjá vörðum 02-10 en ekki er hægt að rekja skýrar reiðgötur af loftmynd.

Heimildir: SSÁ, 239; Austantórus II, 148; Orri Vésteinsson 1998, 28

ÁR-721:026_02 varða samgöngubót

382218 396371

Varða 02 er um 70 m vestur af sæluhúsi 009_01 í Húsmúla. Hún var skráð af Fornleifafræðistofnunni árið 2006 undir númerinu 42;1 og er henni þar lýst svo: „Efst á lágum hól, um 25 m NA af línuvegi. [...] Úr hraungrjóti, 1,3 x 2,3 m (N - S) og 0,5 m há. Varðan er nokkuð fallin og hefur dreift úr sér (þess vegna svo mikil um sig). Hún getur þó vel hafa verið aflöng í upphafi sbr. varða [03]. Varðan er mosavaxin.“



*Varða 026_02. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofnun, 2006*

Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 344 en var ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 42:1; Kristinn Magnússon 2008, 17

ÁR-721:026_03 varða samgöngubót

382128 396498

Varða 03 er um 155 m norðvestur af vörðu 02. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 43;1 og er henni þar lýst svo: „Á hraunhól um 20 m NV af Draugatjörn og um 80 m A af rafmagnsstaur 233 á Búrfellslínu 2. [...] Úr hraungrjóti, 1 x 1,3 m (ANA - VSV) og 0,7 m há. Þetta aflanga form virðist upprunalegt. Er varðan þvert á stefnu leiðarinnar. Varðan er mosavaxin.“



*Varða 026_03. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 347 en var ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 43:1; Kristinn Magnússon 2008, 17

ÁR-721:026_04 varða samgöngubót

382057 396596

Varða 04 er um 155 m norðvestur af vörðu 03. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 44;1 og er henni þar lýst svo: „Um 20 m A af malarvegi og um 50 m V af garði [017_01]. [...] Úr hraungrjóti, 1 x 1,2 m (A - V) og 1,3 m há. Þetta aflanga form virðist upprunalegt. Er varðan þvert á stefnu leiðarinnar.



*Varða 026_04. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Varðan er mosavaxin.“

Varðan var einnig skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 348 en var ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 44:1; Kristinn Magnússon 2008, 17

ÁR-721:026_05 varða samgöngubót

382037 396651

Varða 05 var um 60 m NNV af vörðu 04. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 45;1 og er henni þar lýst svo: „Á hraunhól, um 5 m SSA af malarvegi. [...] Úr hraungrjóti, 0,9 m í þvermál og 1,5 m há. Varðan er mosavaxin.“ Varðan var skráð í maí 2006 en í skýrslu segir einnig: „Varðan var horfinn þann 29. sept. 2006. Verið var að vinna að skurðargrefti með malarvegi sem liggur þarna hjá.“



*Varða 026_05. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 45:1

ÁR-721:026_06 varða samgöngubót

381977 396751

Varða 06 er um 120 m NNV af vörðu 05. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 58;1 og er henni þar lýst svo: „Um 35 m vestur af malarvegi. Á hraunhól. [...] Um 2 m í þvermál og 0,6 m há. Úr hraungrjóti. Varðan er frekar óregluleg í laginu.“



*Varða 026_06. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Varðan var einnig skráð af Fornleifa-vernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 349 en var ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 58:1; Kristinn Magnússon 2008, 17

ÁR-721:026_07 varða samgöngubót

381870 396907

Varða 07 er um 190 m NNV af vörðu 06. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 59;1 og er henni þar lýst svo: „Um 120 m NV af malarvegi [...]. Á hraunhól. [...] 1 x 1 m (N - S) og 1 m há. Úr hraungrjóti. Botn er ferhyrningslaga.“

Varðan var einnig skráð af Fornleifa-vernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 350 en var ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.



*Varða 026_07. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 59:1; Kristinn Magnússon 2008, 17

ÁR-721:026_08 varða samgöngubót

381851 396970

Varða 08 er um 65 m NNV af vörðu 07. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 60;1 og er henni þar lýst svo: „Um 130 m NV af malarvegi [...]. Á hraunhól. [...] 1 x 1,2 m (NA - SV) og 0,5 m há. Úr hraungrjóti. Botn gæti hafa verið ferhyrningslaga í upphafi. Varðan er fallin.“

Varðan var einnig skráð af Fornleifa-vernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 351 en var ekki lýst sérstaklega í þeirri skráningu.



*Varða 026_08. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 60:1; Kristinn Magnússon 2008, 17

ÁR-721:026_09 varða samgöngubót

381741 397073

Varða 09 er um 150 m norðvestur af vörðu 08. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 61;1 og er henni þar lýst svo: „Á hraunhól. [...] Um 2,5 m í þvermál og 0,2 - 0,4 m há. Úr hraungrjóti. Varðan er alveg fallin.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 61:1



*Varða 026_09. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

ÁR-721:026_10 varða samgöngubót

381693 397197

Varða 10 er um 135 m NNV af vörðu 09. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 62;1 og er henni þar lýst svo: „Á hraunhól. [...] 1 x 1,3 m (NA - SV) og 0,4 m há. Úr hraungrjóti. Varðan er fallin.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 62:1



*Varða 026_10. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

1703: „Upp í hnúknum fyrir norðan fyrrnefnt Hellirsskarð er sá stóri steinn einstakur, er Búasteinn kallast, við hvörn stein varðist Búi Esjufóstri, sem saga hans til vísar,“ segir í Lýsingu Ölfeshrepps í Sýslu- og sóknalýsingum. „Um það bil í miðri heiðarbrekkunni til vinstri, nokkuð hundruð fet uppi er stór teningslaga steinn; þetta er Búasteinn. Er hann settur í samband við frásögn Kjalnesinga sögu (38 o.áfr.), þar sem Búi, þegar hann kom niður og Öxnaskarði og sá fyrirsát Kolfinns, reið að stórum steini, sem stóð undir skarðinu, „svo mikill sem hamar, mátti þá framan at eins at honum ganga, og varði sig þar,“ segir í Íslenskum sögustöðum. Búasteinn er um 300 m NA af 001 uppi í hlíðinni norðan við Hellisskarð.




*Búasteinn 028_01, horft til norðvesturs.
Ljósmynd frá 2023.*

Steinninn 01 var skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 og af Fornleifavernd ríkisins árið 2008. Fornleifavernd skráði einnig skíðastökkpall 02 sem er um 15 m norðan við steininn. Búasteinn er stór þverhniptur sandsteinsklettur og er aðeins gengt upp á hann að ofan (austan). Talsvert rof er í kringum steininn af vatnsflaumi en einnig af mannaferð.

Í lýsingu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Hér er um að ræða stóran stein, norðan megin í Hellisskarði, uppi í hlíðinni. Engin eiginleg mannvirki er þarna finna með tilvísun í söguna.“

Áletranir eru klappaðar í Búastein. Þær hafa ekki verið skráðar nákvæmlega en meðal annars má greina ártalið 1880.

Heimildir: SSÁ, 239; ÍF XIV, 38-40; KK, 47; Orri Vésteinsson 1998, 29; Kristinn Magnússon 2008, 25



Áletranir á Búasteini 028_01. Ljósmynd frá 2017.

Skíðastökkpallur ÍR var reistur við Búastein árið 1938 af vinnuskólapiltum: „Þá hafa piltarnir unnið að því að gera skíðastökkbraut fyrir ofan Kolviðarhól, við hinn svonefnda Búastein. Eru þarna mjög góð skilyrði fyrir stökkbraut, en piltarnir hafa þó orðið að gera ýmsar breytingar á brekkunni, hækka hana sums staðar og lækka annars staðar,“ segir í Alþýðublaðinu 1938. „Þá hafa þeir Steinþór Sigurðsson magister og Einar Pálsson verkfræðingur reiknað út og teiknað stökkpallinn. Hefir erlendur sjerfræðingur í skíðastökkspöllum lokið hinu mesta lofsorði á verk þeirra,“ segir í Morgunblaðinu 1939. Leifar stökkpallsins 02 eru um 15 m norðan við Búastein 01. Pallurinn var skráður af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 en var ekki lýst sérstaklega. Stökkpallurinn er úr timbri og er samkvæmt uppmælingum Fornleifaverndar um 14,5 x 4,5 m að stærð (norðvestur-suðaustur).



*Stökkpallur 028_02, horft til norðurs.
Ljósmynd frá 2019.*

Heimildir: Alþýðublaðið 01.09.1938, 1; Morgunblaðið 13.01.1939, 7; Kristinn Magnússon 2008, 25

1703: „Fyrir sunnan Húsmúlann, er liggur í útsuður undan Hengilsfjallinu, en fyrir norðan Hellirsskarð, liggja Sleggjubeinsdalir. Þar er náttstaður vesturleitarmanna úr Ölvesi, þá afréttinn á haustin leita,“ segir í Lýsingu Ölvshrepps í Sýslu- og sóknalýsingum. Ekki er vitað hvar nákvæmleg náttstaður leitarmanna var í dölunum en líklegt verður að telja að það hafi verið á sléttum grundum norðan við Kolviðarhól nálægt læknum sem rennur eftir þeim miðjum. Staðurinn var skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 1998.


Dalirnir eru tveir brattir gilskorningar og eru nú skíðasvæði en fyrir neðan þá eru sléttar grasi vaxnar grundir, þýfðir móar nema þar sem tún voru sléttuð meðan búið var á Kolviðarhóli. Malarnám er innst á grundunum milli dalskorninga.

Heimildir: SSÁ, 239; Orri Vésteinsson 1998, 29

Grjóthlaðin rétt er norðaustan við hraunhól, sunnan við Draugatjörn, um 60 m frá tjörninni en um 150 m VNV af sæluhústóftinni 009_01.

Grjóthlaðin rétt 02 er sunnan við Draugatjörn, um 60 m frá tjörninni en um 200 m SV af sæluhústóftinni 009_01.

Rétt 01 hefur verið skráð fjórum sinnum: fyrst árið 1997 af Fornleifafræðistofunni undir númerinu 1:1, síðan árið 1998 af Fornleifastofnun Íslands, aftur af Fornleifafræðistofunni árið 2006, síðast af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 345 og voru minjarnar þá mældar upp. Varða 02 er um 10 m vestan við rétt 01. Hún var skráð af Fornleifafræðistofunni 2006 og af Fornleifavernd ríkisins 2008.



Húsmúlarétt 030_01. Uppmæling: FVR. Ljósmynd frá 2021.

Réttin er hlaðin norðaustanundir um 3 m háum helluhraunshól og eru helluhraunsklappir í gólfi hennar.

Réttinni var ekki lýst sérstaklega í skýrslu Fornleifafræðistofunnar 1997.

Í skráningu 1998 segir: Hleðslur standa, allt að 6 umför, veggir eru um 1,5 m þykkir. Tréstaumar standa enn hér og þar og eru varla margir áratugir síðan hætt var að nota þessa rétt, en nýrri rétt er um 400 m austar úti á völlum.

Í skráningu Fornleifafræðistofunnar 2006 segir: „13 x 17 m (N - S). Réttin er hlaðin úr hraungrýti og eru veggirnir um 1 - 1,5 m breiðir og 0,5 - 1,1 m háir. Tvö hólfr eru á réttinni (hólf A og B). Dyr eru á báðum hólfum til N. Í hólfi A eru auk þess dyr til S og í hólfi B til V. Báðar dyr hólfs B snúa inn í hólfi A. S - dyr á hólfi A eru talsvert fallnar og eru þar enn leifar af timburbúnaði. Eins eru timburleifar hér og þar í réttinni utanverðri.

Hólf B er mun minna og er í réttinni SA - verðri. Veggir eru farnir að hrynja nokkuð, einkum út á við [...] Við réttina er í dag upplýsingaskilti. Þar kemur fram að réttin var notuð langt

fram á 20. öld til rúnings á vorin og sem aðhald í haustleitum.“

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2008 segir: „Mosi og skófir er á steinum í hleðslunum. Réttin er ferhyrnd, 21m á lengd og 16 m á breidd. Í suðaustur horni réttarinnar er lítið hólfi, 7 x 7 m. Op á rétt og hólfi snýr í norðvestur. Um 8 m langur veggur liggur frá NV-horni réttarinnar.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 29; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 1:1; Kristinn Magnússon 2008, 19

ÁR-721:030_02 varða samgöngubót 382124 396410

Varða 02 er á helluhraunshólnum sem rétt 01 er hlaðin undir, um 10 m vestan við réttina.

Varðan var skráð af Fornleifafræðistofunni árið 2006 með rétt 01 undir númeri 1:1 og segir þar: „Úr hraungrjóti, 1 x 1,6 m (NNA - SSV) og 0,6 m há. Stærð og lögun markast af föllnu grjóti. Varðan hefur væntanlega varðað réttina.“

Fornleifavernd ríkisins skráði vörðuna undir númeri 346 og segir í lýsingu: „Upp á hraunhólnum er grjóthlaðin varða [...], um 0,7 m á hæð, nokkuð hrunin. Varðan er nokkuð úr hinni vörðuðu leið [026] sem liggur við sæluhúsið [009_01] og því sú ályktun dregin að hún eigi fremur að leiða menn að réttinni.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 1:1; Kristinn Magnússon 2008, 19

ÁR-721:034_01 garðlag túngarður 383126 395318

Garður 01 hlaðinn úr hraungrýti liggur í breiðum sveig frá austri til vesturs, norðvestan við Kolviðarhól, um 90 m norðan við veginn inn í Sleggjubeinsdali, norðan við tóftir 035 og 036. Tóft 02 er hlaðin upp við garðlagið. Garðurinn var skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 1998, aftur af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 338 og voru minjarnar þá mældar upp. Tóftin var skráð með garðlaginu 1998 en var gefið sér númer við endurskoðun skráningar 2024.

Minjarnar eru á grasigrónum mel, en vestan við er votlendisræma. Borplan, gert milli 2006 og 2008 af loftmyndum í safni Loftmynda ehf að dæma, er fast austan við garðinn.

Samkvæmt skráningu 1998 er garðurinn alls 251 m á lengd en 13 m breitt skarð er í hann miðjan og eru 109 m austan við og 129 m vestan. Votlendið vestan við garðinn hefur sennilega verið engi Kolviðarhólsbænda og má ætla að garðurinn hafi verið hlaðinn til að verja það en verkinu aldrei verið lokið, eða þá að kominn hafi verið gaddavírsöld og að afgangurinn af svæðinu hafi verið girtur með vír. Austan við vikið er garðurinn lágur, alveg hruninn á köflum, mest umför, en vestan við er hann heillegri og stendur þar allt að 1,6 m hár eða 7

umför. Garðurinn beygir heldur til suðurs austan við vikið.

Í lýsingu Fornleifaverndar 2008 segir: „Garðurinn er grjóthlaðinn, um 1,3 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 0,7 m á breidd. Mosi og skófir eru á steinum.“ Hluti af garðlaginu er horfið undir borplan sem reist var við austurenda þess. Samkvæmt uppmælingum Fornleifaverndar eru varðveittar leifar garðlagið alls um 156 m að lengd, um 125 m vestan skarðsins en aðeins um 17,5 m austan skarðsins.

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 31; Kristinn Magnússon 2008, 24




Minjar 034–036 norðan við Kolviðarhól. Uppmælingar: FVR. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-721:034_02 tóft útihús

383193 395326

Tóft 02 er fast norðan við garðlag 01. Samkvæmt skráningu 1998 er tóftin grjóthlaðin og ferhyrnd, 5x5 m að utanmáli, sambyggð við garðinn norðanmegin, bárujárn og rusl í. Tóftin var skráð af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 337. Þar segir „Austarlega á garðinum er lítil tóft utan í (norðan við) garðlaginu. Tóftin er um 4,5 m x 4,5 m að stærð, ferhyrnt með op í vestur. Hún er að mestu grjóthlaðin og mosi og skófir á steinum. Vegghæð er mest um 0,4 m.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 31; Kristinn Magnússon 2008, 24



Tóft 034_02 og hluti garðlags 034_01. Uppmæling: FVR.

ÁR-721:035 tóft beitarhús

383193 395276

Um 260 m norðvestan við Kolviðarhól, um 35 m norðan við veginn inn í Sleggjubeinsdali, er stór grjóthlaðin tóft. Tóftin var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998, aftur af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 334 og voru minjarnar þá mældar upp.

Tóftin er á flötum grundum, grasi grónum mel.

Samkvæmt skráningu 1998 er tóftin fjárhús. Veggirnir eru grjóthlaðnir í gegn, mest 7 umför en mold eða torfi hefur verið hrúgað utan með að neðan og nær mest um 0,7 m upp á grjóthleðsluna. Torfleifar eru einnig ofan á syðri langveggnum. Bárujárnsleifar og fúnir húsaviðir eru inni í tóftinni en þó er sáralítið eftir af þekjunni. Í gólfinu sér í steypu sem líklega er leifar af garða. Dyr eru á báðum göflum. Í lýsingu Fornleifaverndar 2008 segir: „Tóftin er um 14 m x 9,5 m að stærð og liggur NNV-SSA, op snýr í SSA. Hún er að mestu grjóthlaðin en nýlegt hrun má sjá úr veggjum.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 31; Kristinn Magnússon 2008, 24



Fjárhústóft 035. Uppmæling: FVR.

ÁR-721:036_01 tóft útihús

383156 395267

Um 30 m vestan við tóft 035 og 35 m norðan við veginn inn í Sleggjubeinsdali og 220 m norðvestan við Kolviðarhól er tvískipt útihústóft 01. Önnur tóft 02 er um 15 m sunnan við tóft 01.


Tóft 01 var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998, aftur af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 335 og voru minjarnar þá mældar upp. Tóft 02 var skráð með tóft 01 árið 1998 en var sett á sér einingu við endurskoðun skráningar 2024.

Tóftirnar eru á flötum grundum, grasi grónum mel.

Samkvæmt skráningu 1998 er tóft 01 alls 7 x 5 m að stærð. Veggirnir eru grjóthlaðnir í gegn. Inni í tóftinni er steypdur kassi, um 2,5 x 2 m að innanmáli sem hefur verið steypdur innan á grjóthleðsluna.

Bárujárnsleifar og spýtnabrák er inni í tóftinni. Í lýsingu Fornleifaverndar 2008 segir: „Tóftin er að mestu úr torfi og grjóti en nyðra hólfíð er með steinsteypa innri vegg. Hún er um 7 m x 5 m að stærð og liggur NNA-SSV, op snýr í SA.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 32; Kristinn Magnússon 2008, 24



Tóft 036_01. Uppmæling: FVR.

ÁR-721:036_02 tóft útihús


383153 395245

Tóft 02 er um 15 m sunnan við tóft 01.

Samkvæmt skráningu 1998 er tóftin grjóthlaðin, um 4 x 3 m að utanmáli og er steypd innan á veggina þannig að myndast lítið hólf, 2x1 m með dy í austur.

Í lýsingu Fornleifaverndar 2008 segir að tóftin sé „um 4 m x 3,5 m að stærð og liggur NNA-SSV, op í SSV. Tóftin er úr torfi og grjóti með 30 cm breiða steinsteypa innri vegg.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 32; Kristinn Magnússon 2008, 25



Tóft 036_02. Uppmæling: FVR.


Um 100 m suðaustan við skíðaskálann í Hveradölum, austan við dálítið hvarf sem ber á milli, er tóft 01 neðst í fjallshlíðinni, um 40 m norðan við veginn sem er aftur 90 m norðan við þjóðveg 1. Tóftin var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998. Við endurskoðun skráningar 2024 var tóft 01 mæld af loftmynd. Á loftmyndum Loftmynda ehf sjást einnig tvær aðrar tóftir 02 og 03 austan og suðaustan við tóft 01 auk garðlags 04 sunnan við tóftina. Alls ná

minjarnar yfir svæði sem er um 50 x 48 cm að stærð og snýr norður suður. Aldur og hlutverk minjanna er ekki þekkt en þær eru líklega ekki mjög fornar. Elsta aðgengilega loftmynd í safni Landmælinga Íslands sem sýnir svæðið skýrt er frá 1975 og virðast minjarnar sjást á þeirri mynd en engin þeirra var uppistandandi bygging á þeim tíma. Mögulega eru minjarnar í sambandi við skíðaiðkun eða hverina, en einnig má nefna að herminjar 107 eru um 450 m norðvestar.

Tóftin er neðst í grasi gróinni brekku, hverasvæði er 20 m sunnan og vestan við en sléttar Hveradalaflátirnar breiða úr sér til suðurs. Ef bornar eru saman loftmyndir frá 2017 og 2023 í safni Loftmynda ehf virðist hveravirkni á svæðinu hafa aukist á síðustu árum og gróður hopað samhliða því. Gangpallur, byggður milli 2019 og 2021 liggur yfir minjasvæðið frá austri til vesturs og eru tóftir 01 og 02 norðan hans en tóft 03 og garðlag 04 sunnan.

Tóft 01 virðist að mestu úr torfi en er þó sennilega ekki gömul bygging. Snúinn járnvir (1,5 sm í þvm) stendur útúr veggjarenda. Í skráningu 1998 var tóftin mæld alls 13 x 11 m og mesta hleðsluhæð 0,8 m. Við endurskoðun skráningar 2024 var tóftin mæld af loftmynd og er hún samkvæmt þeim mælingum 13,5 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þrjú hólfr eru í tóftinni samkvæmt teikningu 1998, eitt í suðausturhelmingi en tvö í norðvesturhelmingi. Op er á tveimur hólfununum til suðvesturs en ekkert op er greinilegt á hólfinu í norðurhluta tóftarinnar. Á loftmynd Loftmynda ehf frá 2017 virðist mögulega marka fyrir fjórða hólfinu, suðaustan við hin hólfin. Ytri mörk eru ekki skýr en tóftin hefur þá verið a.m.k. 4 m lengri en uppgæfin mál.

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 33; Loftmyndasjá LMÍ 1997-2000; Loftmyndir ehf 2017-2023



Tóft 042_01. Uppmæling gerð af loftmynd m.t.t. teikningar FSÍ 1998.




Minjasvæði 042. Uppmælingar: FSÍ, af loftmynd m.t.t. teikninga 1998. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-721:042_02 heimild um óþekkt
Tóft 02 sést á loftmynd um 15 m austan
við tóft 01. Hún virðist tvískipt, alls um
14,5 x 12 m að stærð og snýr norðvestur-
suðaustur. Hólfíð í norðvesturhluta er
um 7 x 3 m að innanmáli og virðist op
á því á suðvesturhlið, upp við millivegg.
Hólfíð í suðausturhluta er um 9 x 6 m að
innanmáli og virðist opið til suðausturs.

Heimildir: Loftmyndir ehf 2017,
Loftmyndir ehf 2023

382864 392977




Tóft 042_02. Uppmæling gerð af loftmynd.

ÁR-721:042_03 heimild um óþekkt

382865 392936

Tóft 03 sést á loftmynd um 30 m sunnan við tóft 01. Hún virðist einföld, um 8,5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Enginn inngangur er greinanlegur af loftmynd.

Heimildir: Loftmyndir ehf 2017, Loftmyndir ehf 2023



Tóft 042_03. Uppmæling gerð af loftmynd.

ÁR-721:042_04 heimild um óþekkt

382840 392949

Garðlag 04 sést á loftmynd um 15 m sunnan við tóft 01. Það virðist um 15 m á lengd, 2 m á breidd og snýr norður-suður.

Heimildir: Loftmyndir ehf 2017, Loftmyndir ehf 2023

ÁR-721:043 *Biskupsvarða* heimild um samgöngubót

385412 393957

1703: „Fyrir austan [...] Bæjarþorpsjarðir, en vestan Varmá, liggur almenningsvegur yfir fjallgarðinn á Suðurnes og í Kjalarnesþing, fyrst upp á Kamba [...], síðan vestur yfir Hellirsheiði, [...] allt þar til Þrívörður heita og heiðin sjálf meinast mið vera, en hennar vestri partur er víða með sléttum hellum af hraungrjóti, án gatna, nema þær hestanna járn hafa gjört og auðsjáanlegt er, þeim athuga. Þessar sléttu hellur ná allt vestur að Biskupsvörðu,“ segir í Lýsingu Ölvshrepps í Sýslu- og sóknalýsingum. Varðan stóð á sama stað og Hellukofi 024 stendur nú, um 70 m norður af hinni vörðuðu Hellisheiðarleið 005, um 1,3 km vestan við neyðarskýli LHS við þjóðveg 1.

Biskupsvarða var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998, og tvisvar árið 2006, af Skriðuklaustursrannsóknnum undir sama númeri of Fornleifastofnun, og af Fornleifafræðistofnunni undir númerinu 47:1.

Hellukofi stendur framarlega á klapparbrún og er hann sjálfur á upphækkun á klöppinni. Kofinn sést allsstaðar af heiðinni. Í kringum hann sést hvar hleðslugrjót hefur verið rífið upp. „Biskupsvarða var stór og hlaðin í kross með 4 arma, þá var skjól í kverkunum. Hún var mjög gömul og hrunin í rúst. Hún stóð á klöpp hægra megin við veginn, þegar suður var

farið (til Faxaflóa). [Hellukofinn 024] var byggður úr sama grjótinu, og að öllum líkindum á sömu klöppinni. Heimild fyrir þessu er Skúli Helgason, eftir Kolbeini Guðmundssyni bónda á Úlfjótavatni, en hann hafði það eftir gömlum mönnum og langminnugum,“ segir í örnefnaskrá Eiríks Einarssonar.

Heimildir: SSÁ, 238; Eiríkur Einarsson: Örnefni og minjar í Hjallasókn, 1976 (hdr); Orri Vésteinsson 1998, 33; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 47:1; Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006, 22

ÁR-721:044 *Orrustuhóll* sögustaður 387507 393884

Orrustuhóll er við suðurenda Litla Skarðsmýrarfjalls, um 300 m vestan við Hengladalsá og er breiður hvammur norðaustan við hólinn og er þar dálítið graslendi í hlíðum en annars er hraun allt í kring. Hóllinn sést vel víða af heiðinni. Hálfván Jónsson greinir frá sögn um uppruna nafnsins í lýsingu Ölfushrepps frá 1703: „Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orrustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Orrustuhóll mun nafn sitt draga.“ Um meintar réttarleifar suðvestan undir hólnum sjá 023

Hóllinn var skráður af Fornleifafræðistofnunni árið 1997, af Fornleifastofnun Íslands árin 1998 og 2006 og aftur af Fornleifafræðistofnunni árið 2006 undir númerinu 5:1.

Hólnúm er lýst sem áberandi hraunhól í úfnu hrauni í skýrslu Fornleifafræðistofunnar árið 2006.

Heimildir: SSÁ, 240; Orri Vésteinsson 1998, 34; Birna Lárusdóttir 2006, 31; Bjarni F. Einarsson 2006, 5:1

ÁR-721:045 *Eystri-Prívörður* heimild um samgöngubót 386753 393055

„Essið: Almennt nafn bílstjóra á beygjunni, sem var „á miðju Fjalli,“. Sú beygja var rétt 1942, sér enn fyrir gamla veginum. [...] Eystri-Prívörður: Þrjár vörður saman, sem stóðu við gamla veginn norður af Essinu,“ segir í örnefnaskrá Núpa. „Eystri Prívörður. Prívörður voru „kílómetrasteinar,“ á leiðunum,“ segir í Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi.

Á korti af Afrétti Hjallasóknar eru Prívörður merktar þar þar sem neyðarskýli LHS var við þjóðveg 1.

Einhver ruglingur virðist vera varðandi heiti á Prívörðum. Staðurinn var skráður af

Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en í þeirri skráningu voru þær Þrívörður sem kallaðar eru Eystri-Þrívörður í örnefnaskrá Núpa (045) kallaðar Þrívörður vestari/nyrðri en þær sem kallaðar eru Syðri-Þrívörður í örnefnaskrá Núpa (046) nefndar Þrívörður eystri/syðri. Staðurinn var einnig skráður af Skriðuklaustursrannsóknnum árið 2006 en engu bætt við eldri skráningu. Að auki skráði Fornleifafræðistofan þrjár vörður norðan við Smiðjulaut sem í þeirri skrá eru sagðar mögulega vera Þrívörður vestari, en að þær séu ungar, sjá 104.

Ekki sjást merki um Þrívörðurnar, en á svæðinu eru vörður við leiðir 005 og 056.

Heimildir: Ö-Núpar, 7; Þórður Ö. Jóhannesson: Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976 (hdr); Örnefnakort af afrétti Hjallasóknar; Orri Vésteinnsson 1998, 34; Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006, 22

ÁR-721:046 *Syðri-Þrívörður* heimild um samgöngubót 385419 393954

1703: „Fyrir austan [...] Bæjarþorpsjarðir, en vestan Varmá, liggur almenningsvegur yfir fjallgarðinn á Suðurnes og í Kjalarnesþing, fyrst upp á Kamba [...], síðan vestur yfir Hellirsheiði, hvör að austanverðu hefur mikla mosa, með mjög litlu grasi, allt þar til Þrívörður heita og heiðin sjálf meinast mið vera,“ segir í Lýsingu Ölvshrepps í Sýslu- og sóknalýsingum. „Eystri Þrívörður. Þrívörður voru „kílómetrasteinar,“ á leiðunum,“ segir í Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi. „Á þeim stað sem hétu Syðri-Þrívörður var laust eftir 1820 byggður sæluhúskofi [024], borgghlaðinn úr grjóti og þéttur með mosa,“ segir í Sunnlenskum byggðum III.

„Vestan við Hellurnar eru Þrívörður vestri,“ segir í örnefnaskrá Afréttar Ölfushrepps.

„Syðri-Þrívörður: Þrjár vörður við gamla veginn, suðaustur af Gíghólum. Gamla sæluhús: Borgghlaðinn kofi [024] við gamla veginn. Austur af Syðri-Þrívörðum. [...] Með Syðri- og Eystri-Þrívörðum er fylgt málvenju, en ekki réttri áttamiðun. Ef henni væri fylgt ættu Syðri-Þrívörður að heita Vestri-Þrívörður. Þrívörðurnar voru áfangar á leiðinni yfir flatneskjuna,“ segir í örnefnaskrá Núpa. Syðri-Þrívörður voru á svipuðum slóðum og Hellukofi 024 stendur nú.

Einhver ruglingur virðist vera varðandi heiti á Þrívörðum. Staðurinn var skráður af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en í þeirri skráningu voru þær Þrívörður sem kallaðar eru Eystri-Þrívörður í örnefnaskrá Núpa (045) kallaðar Þrívörður vestari/nyrðri en þær sem kallaðar eru Syðri-Þrívörður í örnefnaskrá Núpa (046) nefndar Þrívörður eystri/syðri. Staðurinn var einnig skráður af Skriðuklaustursrannsóknnum árið 2006 en engu bætt við eldri skráningu. Að auki skráði Fornleifafræðistofan þrjár vörður norðan við Smiðjulaut sem í þeirri skrá eru sagðar mögulega vera Þrívörður vestari, en að þær séu ungar, sjá 104.

Ekki sjást merki um Þrívörðurnar, en á svæðinu eru vörður við leið 005.

Heimildir: SSÁ, 238; Þórður Ö. Jóhannesson: Nokkur örnefni varðandi landnýtingu og þjóðtrú í Ölfusi, 12.4.1976 (hdr); SB III, 282; Ö-Afr.Ölf. 1; Ö-Núpar, 8; Orri Vésteinsson 1998, 34; Dagný Arnarsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2006, 22

ÁR-721:056_01 varða samgöngubót 386729 393136

Vörðuð leið liggur frá norðurhlíðum Skarðsmýrarfjalla, þar sem lækjargil er í fjallinu og allstór hvammur við fjallsræturnar og dæld í fjallið að ofan, beina leið yfir hraunið að neyðarskýli LHS við þjóðveg 1, en þar endar leiðin enda eru þar „gatnamót“, við vörðurnar á Hellisheiðarleið (005). Vegpóstur vísar á leiðina undir Skarðsmýrarfjöllum. Leiðin var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 1998 en einstaka vörður voru ekki hnitsettar. Það var hinsvegar gert við skráningu Fornleifaverndar ríkisins á leiðinni árið 2008. Alls eru 38 vörður 01-38 skráðar við leiðina. Í skráningingu 1997 eru vörðurnar taldar líklega ungar. Í skráningu Fornleifaverndar kemur fram: „Vörðurnar, sem liggja með leiðinni, voru hlaðnar árið 1983 af skátum úr Reykjavík. Eftir að þjóðvegurinn var færður norðar á heiðinni um 1970 varð þetta gönguleið þvert yfir heiðina.“ Teljast vörðurnar því ekki til fornleifa. Þar sem leiðin hefur tvívegis verið tekin með í fornleifaskráningu var henni haldið inni við endurskoðun skráningar 2024 og voru vörður þá færðar á sér einingar.

Varða 01 er um 45 m NNV af vörðu 005_07. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 285.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_02 varða samgöngubót 386709 393186

Varða 02 er um 55 m NNV af vörðu 01. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 286. Hún var hlaðin árið 1983 líkt og aðrar vörður við leiðina og telst því ekki til fornleifa.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru



Vörðud leið 056 ásamt nærliggjandi minjum. Uppmælingar: FVR & FSÍ. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_03 varða samgöngubót

386687 393239

Varða 03 er um 60 m NNV af vörðu 02. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 287. Hún var hlaðin árið 1983 líkt og aðrar vörður við leiðina og telst því ekki til fornleifa.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_04 varða samgöngubót

386672 393277

Varða 04 er um 40 m NNV af vörðu 03. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 288. Hún var hlaðin árið 1983 líkt og aðrar vörður við leiðina og telst því ekki til fornleifa.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_05 varða samgöngubót

386655 393317

Varða 05 er um 45 m NNV af vörðu 04. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 289. Hún var hlaðin árið 1983 líkt og aðrar vörður við leiðina og telst því ekki til fornleifa.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5

m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_06 varða samgöngubót 386637 393365

Varða 06 er um 50 m NNV af vörðu 05. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 290. Hún var hlaðin árið 1983 líkt og aðrar vörður við leiðina og telst því ekki til fornleifa.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_07 varða samgöngubót 386615 393424

Varða 07 er um 65 m NNV af vörðu 06. Varðan var skráð af Fornleifavernd ríkisins undir númerinu 291. Hún var hlaðin árið 1983 líkt og aðrar vörður við leiðina og telst því ekki til fornleifa.

Einstaka vörðum við leiðina hefur ekki verið lýst en í skráningu 1998 segir: Vörðurnar eru með 50-60 m millibili, breiðar og lágar, 1,5-2 m í þvermál en fæstar hærri en 1,5 m. Þær eru ekki vel hlaðnar þó mikið grjót sé í þeim og eru margar hrundar að hluta til. Tæplega eru þetta gamlar vörður og gætu staðið í sambandi við starfsemi Slysavarnarfélagsins.

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Þær eru flestar um 1,5 m í þvermál og um 1-1,5 m á hæð.“

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 38; Kristinn Magnússon 2008, 35-36

ÁR-721:056_08 varða samgöngubót 386596 393471

Um 17 m norðvestar en tóft 01 er tóft 02. Fornleifafræðistofan skráði tóftina undir númerinu 54:2 og segir þar í lýsingu 2006: 3 x 4 m (ANA - VSV). „Veggir úr hraungrjóti, 0,8 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir. Dyr snúa mót VSV. Rústin er vel gróin mosa.“ Hlutverk tóftarinnar er sagt smalakofi.



*Tóft 075_02. Uppmæling gerð af loftmynd m.t.t. teikningar FSÍ 2007.
Horft til austurs á ljósmynd frá 2007.*


Í skráningu 2007 er tóftinni lýst svo: Þar er grjót- eða hraunhóll sem virðist náttúrulegur að hluta en á honum sjást leifar af byrgi sem er nær því að vera hring- en ferningslaga, 3-4 m í þvermál. Ekki er víst að hleðslan sé mjög gömul, í það minnsta er suðurhliðin lítið gróin. Hleðsluhæð er mest um 0,4 m að innan en að utan rúmur 1 m sé staðið við rústina norðanverða. Dyr hafa sennilega vísað í vestur. Þess má geta að um 8 m vestur af tóft B er lítill hraunskúti með munna mót norðri sem hefði mátt nota sem skýli af einhverju tagi. Töluvert grjót er inni í honum en ekki vottar fyrir hleðslum. Nokkrum metrum austan við tóft B er mjög ryðguð og hálfyfirgróin bárujárnsplata.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 54:2; Birna Lárusdóttir 2007, 9-10;

ÁR-721:075_03 tóft óþekkt

386734 395308

Að lokum er mjög óljós tóft 03, undir hraunbrún um 20 m NA af tóft 01. Fornleifafræðistofan skráði tóftina undir númerinu 54:3 og segir þar í lýsingu 2006: „3 x 4,5 m (ANA - VSV).



*Tóft 075_03. Uppmæling gerð af loftmynd m.t.t. teikningar FSÍ 2007.
Horft til suðvesturs á ljósmynd frá 2007.*

Veggir úr hraungrjóti, um 1 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir. Dyr eru trúlega mót VSV. Rústin er mjög gróin mosa, grasi og lyngi og nokkuð ógreinileg. Hlutverk tóftarinnar er sagt smalakofi. Í skráningu 2007 er tóftinni lýst svo: Ekki er alveg ljóst hvort um tóft er að ræða. Þústin er um 5 x 3 m stór og liggur þétt við hraunbrún hér um bil A-V. Dyr gætu hafa snúið í austur eða vestur.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 54:3; Birna Lárusdóttir 2007, 9-10;

ÁR-721:076 hellir óþekkt

387602 395019

Hellisskúti með hleðslu fyrir er fast vestan undir Litla-Skarðsmýrarfjalli, rétt tæpan 1 km austur af tóftum 075 við Skarðsmýri. Rani með miklum moldarflögum gengur til vesturs út úr fjallinu um 100 m norðan við skútann. Hellirinn var skráður af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 55 og af Fornleifastofnun Íslands árið 2007.



Hellir 076, horft til norðurs. Ljósmynd frá 2007.

Skútinn er í jaðri hraunbreiðu sem er mikið til gróin og alls ekki jafn úfin og há hraunbrúnin sem er nokkru sunnar.

Í skráningu Fornleifafræðistofunnar 2006 segir: „Hellirinn er í gjótu um 3 m í þvermál. Snýr hellismuninn mót SA (að fjallinu). Framan við munann, um 1,5 m frá, er grjóthleðsla, 0,4 m breið, 2,5 m löng og 0,3 - 0,5 m há. Garðurinn er mosavaxinn. Hlutverk hans hefur

hugsanlega verið að halda fé frá gjótunni/hellinum eða halda því innan við garðinn.“


Í lýsingu 2007 segir: Skútinn liggur undir hraunið til vesturs en munninn snýr mót austri. Hann liggur fyrst nánast beint niður en síðan innundir brúnina. Mjög lítið ber á honum og hann sýnist lítill og langt í frá manngengur. Hlaðið er fyrir hann að austan og norðan er hleðslan því L-laga, um 2 x 1 m frá norðri til suðurs. Hún er mest um 2 umför og um 40 cm há, úr hnullungum. Mikið er af grjóti ofan í skútanum, e.t.v. hrun en gæti þó hafa verið reynt að fylla upp í hann. Nokkrir ámóta skútar eru greinilega undir hraunhellunni fast austan við þennan en þeir virðast flestir yfirgrónir og hrundir og líta því út eins og jarðföll á yfirborðinu. Erfitt er að ímynda sér í hvaða tilgangi hafi verið hlaðið fyrir skútann. Hugsanlega hefur hann verið notaður í eitt skipti til að geyma kindur í smalamennsku enda virðist hæpið að fé hefði verið haldið sérstaklega til beitar á þessum stað. Þá er mögulegt að menn hafi gist í skútanum, e.t.v. aðeins í eitt skipti, og hlaðið um hann til skjóls.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 55; Birna Lárusdóttir 2007, 10

ÁR-721:078 *Kvíar* tóft rétt

381262 387888

Til er örnefnakort af afrétt Hjallasóknar, varðveitt á Örnefnastofnun. Inn á það eru merktar „Kvíar,, austan við Litla-Meiti en norðan við Eldborgarhraun. Í grein í Farfuglinum 1975 segir: „Suðaustan undir Syðra-Meiti er stór grasflöt sem heitir Meitilflöt. Austur úr henni verður hvílt inn í hraunið. Hún heitir Kvíar. Þar er fjárrétt, sem notuð hefur verið við vorsmalanir.“ Kvíaheitið á við myndarlega hrauntröð með grasi grónum botni sem er allt að 30 m breið og rúmlega 400 m löng og liggur frá norðri til suðurs. Væntanlega er kvíanafnið til komið vegna náttúrulegrar umgjörðar og vafalaust hefur staðurinn hentað ágætlega sem aðhald ef svo bar undir. Lítil, grjóthlaðin rétt er upp við vestari hraunvegginn skammt frá



Kvíar 078, horft til suðurs á ljósmynd frá 2023. Uppmæling: FSÍ.

suðurenda traðarinnar. Kvíarnar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2007 og aftur 2023. Þær voru einnig skráðar af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 359.

Á þessum stað er hraunbrúnin allt að 2-3 m á hæð. Botn traðarinnar er grasi gróinn og sléttur. Greinilega er um ungt mannvirki að ræða en þó er ekki hægt að útiloka að það sé byggt upp úr eldra aðhaldi. Réttin er grjóthlaðin á tvær hliðar en hraunbrúnin lokar fyrir að vestan. Alls er réttin um 6 x 4 m stór, op snýr í suður. Veggjahleðslur eru fremur óvandaðar, mest 5-6 umför af hleðslum og er hæðin mest um 0,7 m. Mikið timburbrak er bæði inni í réttinni og við hana, sérstaklega að norðanverðu, og standa ryðfrír naglar upp úr timbrinu. Þá hefur gulleitri kvoðu verið sprautað inn á milli hleðslna á nokkrum stöðum, væntanlega til þéttingar og/eða til að halda grjótinu betur saman. 30-40 m norðaustur af réttinni eru hálfyfyrgrónir staurar í hrúgu, gæti verið gamalt girðingarefni. Þór Vigfússon getur þess í Árbók Ferðafélagsins 2003 að þarna hafi verið rúið í vorsmölun. Þess má geta að tæpa 30 m suðvestur af réttinni er hraungjóta, jafnvel hellir, fast utan við enda Kvíanna. Í henni er mikið spýtnabrak. Réttin var upphaflega skráð árið 2007 en við endurskoðun skráningarinnar haustið 2023 var hún mæld upp með nákvæmari hætti. Eldri lýsingu var ekki breytt að ráð en sjá má að farið er að hrynja úr veggjum réttarinnar, á utanverðri norðurhlið og innanverðri austurhlið. Jarðlægt grjót er í opi í suðurenda, líklega hrun úr hleðslu sem hefur verið upp við hraunbrún í opinu.


Lýsing Fornleifaverndar kemur að mestu saman við lýsingu Fornleifastofnunar.

Heimildir: Örnefnakort Ingólfs Einarssonar, Farfuglinn 19(1), (1975), 12; ÁFÍ 2003, 44; Birna Lárusdóttir 2008, 25; Kristinn Magnússon 2008, 42; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 23-24.


ÁR-721:079 hleðsla óþekkt

381237 387807

Í sléttum bolla tæpa 90 m suður af rétt í Kvíum 078 er lítil hleðsla, hugsanlega frá 20. öld.



0 0.25 0.5 0.75 1 m



Hleðsla 079, horft til SSV á ljósmynd frá 2023. Uppmæling: FSÍ.

Staðurinn var skráður af af Fornleifastofnun Íslands árið 2007 og aftur 2023.

Sléttur og grösugur bolli, lægri en grundin vestan við en girtur hraunbrún að sunnan, austan og norðan.

Hlaðið hefur verið í lítinn hring ofan í bollanum og er hleðslan rúmur 1 m í þvermál, 1-2 umför og talsvert mosagróin. Þó grillir í viðarleifar undir mosanum og sýnast brunamerki á viðnum. Sennilega er þetta eldstæði gangamanna eða jafnvel skáta og gæti vel verið frá 20. öld. Hleðslan var upphaflega skráð 2007 en við endurskoðun skráningarinnar haustið 2023 var hún mæld upp með nákvæmari hætti. Eldri skráning er að mestu óbreytt en á þeim tíma sem liðinn er frá henni hefur gróið yfir brunamerki og viðarleifar innan hleðslunnar.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 26; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 24

ÁR-721:080_01 gata leið

381761 388519

Greinileg gata sést undir Eldborg að sunnanverðu. Hún liggur frá austri til vesturs og sést fyrst skammt norðan við borholustæði HK-11 sem er sunnan undir Eldborg. Ekki er ólíklegt að þetta hafi verið afbrigði af Lágaskarðsleið 015, t.d. ef menn sem komu að norðan vildu taka stefnuna í suðvestur, í Selvog, fremur en niður á bæina austar í Ölfusi. Þá hafa þeir líklega farið meðfram Meitilstagli austanverðu. Vörðubrot 02 er við leiðina, þar sem hún fer yfir „gjá“, sunnan við Eldborg. Leiðin var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2007 og aftur 2023. Varða 02 var skráð með leið 01 árið 2007 en var sett á sér einingu 2023.



Leið 080_01, horft til austurs. Ljósmynd frá 2023.

Lynggrónar brekkur og móar. Hraun hefur runnið næstum alveg upp að brekkurótum en gatan liggur þar í kverkinni.

Gatan er víðast hvar einföld og allsstaðar auðrekjanleg. Henni má fylgja tæpa 500 m til austurs. Ekki er hægt að skera úr um hvort hún er að mestu leyti eftir kindur en ein varða (02) var skráð við leiðina. Það kemur ekki sérstaklega á óvart að sjá götu á þessum stað, enda er leiðin greið milli hrauns og hlíðar.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 26; Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 25

ÁR-721:080_02 varða samgöngubót

381495 388596

Varða 02 er um 200 m austan við borholustæði HK-11, um 1 m sunnan við leiðina sjálfa. Varðan var fyrst skráð 2007 en var skoðuð aftur 2023. Hún er ekki mjög áberandi, nokkrir steinar í hrúgu og flöt hella þar ofaná. Varðan er á steini, nánast ofan í hraungjá og sést illa fyrir en að henni er komið.




Varða 080_02, horft til suðurs. Ljósmynd frá 2023.

ÁR-721:081_01 tóft óþekkt

382053 388002

Tvær rústir eru í Sanddölum vestanverðum, rúmum 100 m austan við skarpa brún sem fer hækkandi til norðurs og markar dalina til vesturs. Rústin sem er suðaustar er 15-20 m vestan við lágan en kúptan og alláberandi sandhól. Þetta er tæpa 700 m austur af miðjum Kvíum (sjá 078), en það er stór og mikil hrauntröð austan við Litla-Meitol en sunnan við Eldborgir. Erfitt er að giska á aldur rústanna eða tilgang. Sanddalir virðast ekki ákjósanlegir sem áningarstaður og op rústanna snúa nánast beint upp í norðanrokið. Giska mætti á að hér hafi skýli verið hlaðin í neyð af ferðamönnum, enda ekki langt frá Lágaskarðsvegi, og þá e.t.v. aðeins notuð í eitt skipti.

Tóftirnar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2007, aftur af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 og voru minjarnar þá mældar upp. Tóftirnar voru skráðar saman á eitt númer árið



Tóft 081_01, horft til suðausturs á ljósmynd frá 2007. Uppmæling: FVR.

2007 en voru færðar á sér einingar við endurskoðun skráningar 2024.

Tóftirnar eru í sandblásnum dölum, í þeim er varla stingandi strá.

Tóft 01 er sunnar. Í skráningu 2007 segir: Hún er einföld og hlaðin á þrjár hliðar en opin í norðvestur. Suðvesturhlið er mynduð úr tveimur stórum steinum sem hafa verið reistir upp á rönd en hinar hliðarnar eru hlaðnar. Hleðslur eru óvandaðar, mest um 3 umför af grjóti og hæð mest um 0,4 m. Alls er rústin um 3 x 2 m stór frá norðvestri til suðausturs. Brotinn og mosavaxinn kindakjammi fannst rúmum 1 m framan við dyraopið og var að hluta á kafi í sandi. Hann gæti verið úr sjálfdaudri kind en bendir þó hugsanlega til að nesti hafi verið borðað í kofanum. Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina undir númeri 357 árið 2008, þar segir: „Syðra byrgið er grjóthlaðið, 3m x 2,7m að stærð og liggur NV-SA með op í NV. Breidd veggja er um 0,8m. [...] Þessi staður verður að teljast undarleg staðsetning fyrir fjárskýli, smalakofa og þess háttar. Ekki er að finna stingandi strá né vatn við þennan stað. Mögulega gæti því verið um einhvers konar skotbyrgi að ræða fyrir t.d. refaskyttur en nánari heimildir vantar til að skera úr um það.“


Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 26-27; Kristinn Magnússon 2008, 40

ÁR-721:081_02 tóft óþekkt

382033 388036

Tóft 02 er um 40 m norðvestar. Í skráningu 2007 segir: Það er bogadregin hleðsla, 4-5 m löng, opin í norðvestur eða vestur. Virðist sem grafið hafi verið niður og síðan hlaðið upp á austurbakka niðurgraftarins. Nælonreipi gægist upp úr botninum og einnig liggur þar plastdós sem sennilega hefur fokið ofan í dældina.

Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina undir númeri 358 árið 2008, þar segir: „Hún er um 3m x 2,1m, skeifulaga með op í vestur.“



Tóft 081_02 með tóft 081_01 í baksýn, horft til suðausturs á ljósmynd frá 2007. Uppmæling: FVR.

Þessi staður verður að teljast undarleg staðsetning fyrir fjárskýli, smalakofa og þess háttar. Ekki er að finna stingandi strá né vatn við þennan stað. Mögulega gæti því verið um einhvers konar skotbyrgi að ræða fyrir t.d. refaskyttur en nánari heimildir vantar til að skera úr um það.“

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 26-27; Kristinn Magnússon 2008, 40



Tóftir 081_01 og 081_02. Uppmælingar: FVR. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-721:082 hleðsla óþekkt

381936 390355

Óljós upphækkun, hugsanlega hleðsluleifar, er á flöt austan undir Stóra-Meitli skammt vestan við götuna um Lágaskarð 015. Hleðsla þessi er sunnan undir staðnum þar sem Stóri-Meitill teygir sig lengst í austur, hér um bil til móts við mynni Lakadals. Hleðslan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2007.

Hleðslan er á sléttri flöt og grasgefinni. Ekki er ólíklegt að hún hafi verið áningarstaður ferðamanna, enda sker hún sig úr hrjóstrugu umhverfinu.



Hleðsla 079, horft til austurs á ljósmynd frá 2007. Uppmæling af loftmynd m.t.t. gagna FSÍ 2007.

Gata 015_01 liggur um hvamminn um 10 m neðan eða austan við upphækkunina sem er 18-19 m löng austur-vestur. Upphækkunin/þústin er mjög sigin en þó nokkuð regluleg, rúmlega 1 m breið og 0,2 m há, algróin og ekki sést grjót í henni. Frá báðum endum liggja stubbar til suðurs eða suðausturs en enda báðir eftir fáeina metra. Má vera að jarðvegur hafi þar troðist burt þar vegna umferðar manna og hrossa. Erfitt er að útiloka að upphækkunin geti verið til komin vegna jarðsigs eða frostverkana en þó virðist hún óvenju regluleg og líkist hluta af nokkuð stóru gerði.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2008, 28

ÁR-721:087 varða samgöngubót

384426 390424

Stök varða er á lágri klöpp í norðvesturhlíðum Skálafells, vestast á því svæði sem nefnt er Norður-Hálsar. Varðan er um 400 m y.s. og um 500 m sunnan við Lakakrók en ekki eru aðrar vörður sjáanlegar í kringum hana. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2023.

Varðan er á talsverðu flatlendi sem eru norðan og norðvestan í Skálafelli. Svæðið er mosavaxið að miklu leyti en þar eru bæði mosabreiður og klappir og urð. Inn á milli eru lyngi vaxnir þýfðir blettir.

Varðan er afar óveruleg og ekki að sjá að hún hafi verið samsett úr meira en fjórum steinum upphaflega en einn þeirra hefur þegar hrunið úr henni. Varðan stendur á klöpp sem rís um 1 m hærra en umhverfið en sjálf varðan er aðeins um 20 cm há. Hún snýr austur-vestur og er um 0,5 m á lengd en 0,3 m á breidd. Svolítill mosi er á vörðunni og svolitlar skófir á steinunum en erfitt að dæma um aldur hennar og hlutverk en hún er þó augljóst mannaverk. Líklegast verður að telja að hún hafi verið sett saman sem einhvers konar kennileiti í fjallshlíðum Skálafells. Mögulegt er einnig að varðan tengist þremur öðrum vörum sem skráðar voru undir 092. Varða 087 er um 1,3 km vestar en vestasta varðan 092_03 en hún er u.þ.b. í línu við vörðurnar þrjár.



Varða 087, horft til suðurs. Ljósmynd frá 2023.

Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 26

ÁR-721:088 varða samgöngubót

384954 389745

Stök varða er á lágri klöpp í norðvesturhlíðum Skálafells, við Tröllahlíð. Varðan er um 460 m y.s. og um 860 m SSV við vörðu 087. Ekki voru aðrar vörður sjáanlegar í kringum hana. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2023.



Varða 088, horft til vesturs. Ljósmynd frá 2023.

Varðan er á talsverðu flatlendi sem eru norðan og norðvestan í Skálafelli. Svæðið er mosavaxið að miklu leyti en þar eru bæði mosabreiður og klappir og urð. Inn á milli eru lyngi vaxnir þýfðir blettir. Nokkru austan við er dalverpi, Trölladalur.

Varðan sést ágætlega víða að þótt á þessum slóðum séu víða klettur sem minna á vörður úr fjarska. Klöppin sem varðan er á er 1,5-2 m hærri en umhverfið. Sjálf varðan er skófum vaxin, um 0,6-0,7 m á hæð og sjást 5-6 umför af hleðslu í henni. Varðan er nokkuð uppmjó en flatir steinar eru í henni neðst en stærri ofar. Varðan snýr norður-suður og er um 1 x 0,9 m

að stærð. Hún er ágætlega hlaðin og hefur vafalítið verið hlaðin sem kennileiti á svæðinu, þ.e. hefur gegnt hlutverki samgöngubótar. Afar gott útsýni er frá vörðunni í allar áttir nema helst beint til austurs.


Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 27

ÁR-721:089 tóft óþekkt

382003 387750

Lítill grjóthlaðin tóft er á Hellisheiði, ekki langt vestan við Kistuhlíð og rétt sunnan við Sanddali. Tóftin er um 130 m austan við leið 090. Tóftin var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2023.

Til vesturs og suðurs er hraun með þykkum mosa en lítið er um annan gróður á svæðinu ef frá er talið smávegis gras og mosi fast vestan og norðvestan við tóftina.



Tóft 089, horft til austurs á ljósmynd frá 2023. Uppmæling: FSÍ.

Tóftin er 2 x 2 m að stærð, einföld og opin til VNV. Veggir eru hlaðnir úr stæðilegu grjóti og sjást allt að 3 umför í hleðslum sem eru hæstar á ASA-hlíð, 0,5 m. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar en mögulega er um smálaskála að ræða. Einnig er þó mögulegt að hér sé um ungt mannvirki að ræða, hugsanlega skotbyrgi.

Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 28

ÁR-721:090_01 gata leið

381870 387761

Grónar götur liggja austur-vestur á milli Kvía (sjá rétt 078) og Sanddala. Líklegt er að þessi leið hafi tengt á milli kafla 01A og 01B á Lágaskarðsvegi. Götur sjást á tveimur stöðum á þessari leið og fá þær númer til aðgreiningar. Þær eru á svæði sem er 820x190 m stórt og snýr ASA-VNV. Göturnar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2023.

Frá Sanddöluml í austri eru göturnar í hálfgrónum hraunmóa en liggja að mestu leyti um Innbruna, úfið og mosavaxið hraun.

Lýsingin hefst á nyrðri götunum 01 sem sjást á 770 m löngum kafla. Göturnar eru greinilegastar þar sem þær liggja meðfram Innbruna að norðanverðu. Þar eru allt að 6 götur saman á um 5 m breiðu svæði. Þær eru flestar grónar en ysta (nyrsta) gatan er ógróin. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Leiðin liggur upp á Innbruna, miðja vegu milli Sanddala og Kvía og þar sést víðast aðeins ein gata sem er 0,4 m breið. Þar sem leiðin fer upp á hraunbrúnina eru tvær ungar vörður sem virðast hlaðnar nýlegar og eru því ekki skráðar sérstaklega. Frá vörðunum liggur óljós troðningur til norðausturs á stuttum kafla en hann virðist ekki gamall.



Leið 090_01, horft til VSV. Ljósmynd frá 2023.

Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 28-29

ÁR-721:090_02 gata leið

381315 387757

Syðri leiðin 02 var rakin að hluta í Innbruna þar sem leiðin liggur frá Kvíum (sjá 078) til austurs. Í hrauninu sést víðast ein gróin gata sem er erfitt að fylgja á vettvangi. Á loftmynd er hægt að rekja leiðina áfram til ASA að Sanddölum og er hún í heildina um 770 m löng.



Leið 090_02, horft til vesturs. Ljósmynd frá 2023.

Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 29

ÁR-721:091 gata leið

386157 391633

Grónar götur eru á breiðum hjalla norðan undir miðri Hverahlíð á Hellis-heiði, um 550 m VSV og ofan við Ein-búa. Engar ritaðar heimildir eru þekktar um leið á þessu svæði. Göturnar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2023.

Hjallinn er nokkuð sléttlendur, en þýfður og vel gróinn grasi, mosa og hreindýramosa. Djúpar, rofnar gilskorur úr klettunum í Hverahlíð skera þó göturnar á þessari leið á nokkrum stöðum.

Á þessari leið eru göturnar greinilegar og vel grónar, og hægt er að greina 1-3 samsíða götur sem liggja austur-vestur meðfram rótum hlíðarinnar. Göturnar eru 0,2-0,4 m breiðar og 0,3-0,5 m



Leið 091, horft til vesturs. Ljósmynd frá 2023.

djúpar. Hægt er að rekja þær á um kílómetra löngum kafla, en óljóst er hvort leiðin heldur áfram meðfram hlíðinni lengra inn í land til suðausturs, eða hvort hún hefur hugsanlega tengst leið 072_01A aðeins neðar, austan Einbúabotns í norðaustri. Fast austan við stórt rofið gil þar sem Hverahlíðin beygir til suðvesturs er eitthvað sem virðist vera sannfærandi 60 m langt, 2-3 m breitt og 0,5 m hátt garðlag í rót brekkunnar fast norðan leiðarinnar. Þetta er þó líklega náttúrulegt jarðsil eða paldur sem myndast hefur vegna þýfis og umferðar á svæðinu, frekar en að vera eiginlegt garðlag.

Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 29-30

ÁR-721:092_01 varða samgöngubót

386560 390915

Norðan Skálafells er svæði sem nefnist Norður-Hálsar. Þar eru þrjár vörður sunnan Hverahlíðar og vestan Hlíðarhorns. Vörðurnar hafa mögulega verið hluti af leið en þær eru u.þ.b. í línu ANA-VSV. Um 870 m eru á milli austustu og vestustu vörðunnar. Vörðurnar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands árið 2023.



Varða 092_01, horft til norðausturs. Ljósmynd frá 2023.

Vörðurnar eru í frekar flötu mólendi sem virðist nokkuð þurrt. Það einkennist af klettaholtum og klattarönnum.

Meint varða 01 er austast. Hún er efst á stóru, flötu klettaholti. Varðan er algjörlega hrunin og yfirgróin. Hún er um 1,5 m að þvermáli en hæð hennar er mjög óljós, varla meiri en 10-20

cm. Varðan virðist hafa verið hlaðin úr flötu hraungrýti.

Heimildir: Kristjana Vilhjálmsdóttir 2023b, 30

ÁR-721:092_02 varða samgöngubót

385861 390770

Varða 02 er um 715 m VSV af vörðu 01. Hún er efst á miðjum klettarana sem liggur norður-suður. Varðan er um 1 m í þvermál, í henni eru 3-4 umför og er hún 60-70 cm á hæð. Til hleðslunnar hefur ekki verið vandað og hefur henni verið hrúgað upp. Vísir að gróðurkraga liggur um hana neðst og þá er hún nokkuð mosavaxin.



Varða 092_02, horft til suðausturs. Ljósmynd frá 2023.

ÁR-721:092_03 varða samgöngubót

385720 390704

Möguleg varða 03 er um 155 m ASA af vörðu 02. Hún er norðaustast á flötum klettarana sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Varðan er svo til alveg hrunin. Hún er tæplega 1 m í þvermál, í henni eru 2-3 umför af grjóti og er hún 10-20 cm á hæð. Varðan er öll mosavaxin.



Varða 092_03, horft til norðvesturs. Ljósmynd frá 2023.

ÁR-721:093 heimild um sæluhús

383088 395072

„Það var árið 1929, er Sigurður [Dánielsson] byggði hið mikla og vandaða hús á Kolviðarhóli. Hús þetta var 14,7x9,5 m. að stærð. Það var kjallari, ein hæð og ris með metersháu porti. Eins og sjá má af myndum af húsinu, var það mjög stílhrein og tignarleg bygging, með þremur bröttum burstum í samræmi við skörð fjallana. [...] Í húsinu voru alls 20 vistarverur.

Í kjallara voru 6 herbergi, á hæðinni 6 herbergi og 2 stórar stofur og í rishæð 8 herbergi. Í því voru 31 hurð á járnum, 7 í kjallara, 12 á hæðinni og 2 breiðar skothurðir og 10 í rishæð. Í því voru alls 39 gluggar, flestir í hinum gamla og þjóðlega stíl, 6 rúðu fagi; alls voru í þeim 197 rúður. Á vesturhlið þess voru 17 gluggar, á suðurhlið 8 og á austurhlið 14.

Það má hiklaust telja hús þetta með vönduðustu byggingum að efni og frágangi hér á landi á þeirri tíð, sem það var byggt. Það var allt byggt úr steini, ekki aðeins útveggir, heldur einnig flest skilrúm og bæði loft yfir kjallara og rishæð. Í því var miðstöðvarhitun frá kolakatli í kjallara og raflysing frá stórri ljósavél, er byggt var yfir sérstakt hús [002] úr steini nokkurn spöl frá aðalhúsinu,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Íþróttafélag Reykjavíkur keypti húsið árið 1938 fyrir skíðaiðkun en starfsemi á Kolviðarhóli lauk 1952. Húsið féll í niðurníðslu næstu áratugina og var á endanum rífið í júlí 1977. Húsið sést vel á ljósmyndum af Kolviðarhóli sem varðveittar eru í Sarpi og einnig á loftmynd frá 1975 í safni Landmælinga Íslands. Það stóð um 18 m norðaustan við sæluhústöft 014_01.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Rafmagnsmastur er í túninu suðvestan við hólinn og sunnan við það er lítill heimagrafreitur 097 með steypum veggjum. Upphlaðinn vegur 098 liggur upp á hólinn að norðan úr vestri. Staðurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi en í lýsingu á bæjarstæði 001 frá 1998 segir að hleðslugrjót og steypuleifar séu á nokkrum stöðum á og utaní hólnum, einkanlega norðantil en ekkert af því svo mikið að talist geti húsaleifar. Mögulegt er að eitthvað af því grjóti og steypu séu leifar gistihússins og/eða skemmu 094. Sökum aldurs er húsið á mörkum þess að teljast til fornleifa en það er minnisvarði um mikilvægan hluta af sögu Kolviðarhóls og stærra svæðis og var því tekið á fornleifaskrá.

Heimildir: SK, 124; Tíminn 24.07.1977, 2-3; Sarpur JK5-299; Sarpur Lpr/2003-7; Sarpur Lpr/2016-83-1; Sarpur GO-72; Loftmyndasjá LMÍ 1975; Orri Vésteinsson 1998, 17

ÁR-721:094 heimild um skemmu 383097 395083

Á ljósmyndum af Kolviðarhóli frá um 1930-1940 sést skemma um 10 m norðaustan við gistihús 093. Skemman hefur ekki verið reist fyrir þann tíma þar sem hún sést ekki á ljósmynd af Kolviðarhóli frá 1929 í Sögu Kolviðarhóls. Skemman stóð fram á miðja 20. öld en hefur verið rífin fyrir 1960.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið

eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróid hraun. Rafmagnsmastur er í túninu suðvestan við hólinn og sunnan við það er lítill heimagrafreitur 097 með steypum veggjum. Upphlaðinn vegur 098 liggur upp á hólinn að norðan úr vestri. Staðurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi en í lýsingu á bæjarstæði 001 frá 1998 segir að hleðslugrjót og steypuleifar séu á nokkrum stöðum á og utaní hólnum, einkanlega norðantil en ekkert af því svo mikið að talist geti húsaleifar. Mögulegt er að eitthvað af því grjóti og steypu séu leifar gistihús 093 og/eða skemmunnar. Sökum aldurs er skemman á mörkum þess að teljast til fornleifa en það er minnisvarði um mikilvægan hluta af sögu Kolviðarhóls og stærra svæðis og var því tekið á fornleifaskrá.

Heimildir: Sarpur JK5-299; Sarpur JK5-288; Sarpur Lpr/2003-7; Sarpur Lpr/2016-83-1; SK, óblaðsíðusett milli 144-145; Orri Vésteinsson 1998, 17

ÁR-721:095 hleðsla 383067 395087

Í bréfi Jóns Jónssonar til hreppsnefndar 1890 sem birt er í Sögu Kolviðarhóls segir: „Þar að auki [hef ég] lagt nálægt 30 faðma langa stétt og flutt að í hana allt grjót.“ Grjóthlaðinn pallur er um 4 m norðan við hesthústóft 001_02 en sá pallur er þó líklega yngri útgáfa, hlaðin af vinnuskólapiltum eftir að ÍR keypti Kolviðarhól árið 1938; „Auk þess [að byggja skíðapall 028_02] hefur verið gerð mikil lagfæring á hlaðinu fyrir framan bæinn, það jafnað, svo þar er allmikill sljettur flötur fyrir bíla, og byrjað að gera grjótkamp framan við hina nýju uppfyllingu,“ segir í Morgunblaðinu 1938. Pallurinn var skráður með minjum 001 í skráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1998 en fékk sér númer við endurskoðun skráningar 2024.

Í lýsingu á bæjarstæði 001 frá 1998 segir: Framan í nyrðri hluta hólsins (norðan við bæjarstæðið) hefur verið hlaðinn pallur úr hraungrýti og er hann mjög heillegur að sunnanverðu og að vestan en norðurhornið er hálfhrunið.

Minjarnar voru ekki mældar upp af Fornleifavernd ríkisins í skráningu þeirra á Kolviðarhóli 2008 en af loftmyndum að dæma er hleðslan um 31,5 x 13 m að stærð (norðaustur-suðvestur). Hleðsluhæð hefur ekki verið skráð.

Heimildir: SK 108, Sarpur JK5-288; Sarpur ÓM_MÓl-397; Morgunblaðið 01.09.1938, 5; Orri Vésteinsson 1998, 17; Loftmyndir ehf 2023

ÁR-721:096 tóft útihús


383094 395047

Fornleifavernd ríkisins skráði árið 2008 tóft um 12,5 m suðaustan við sæluhús 014_01, undir númerinu 330.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Tóftin er neðarlega á hólnum, suðaustantil.

Í skráningu Fornleifaverndar segir: „Um 12,5 m SA af húsarústunum [014_01] er illgreinanleg, gróin tóft, um 4,5 m x 3,5 m að stærð og liggur NV-SA. Þetta hefur verið einhvers konar kofi, kannski geymsla eða eitthvað þess háttar. Veggahæð er lítil, einungis um 20 cm.“ Hugsanlega er hér um að ræða leifar af hjalli 001_04 eða smiðju 001_05 sem Jón Jónsson reisti milli 1885-1890 en einnig er mögulegt að tóftin sé leifar af yngri útihúsi.

Heimildir: Kristinn Magnússon 2008, 22




Tóft 096. Uppmæling: FVR.

ÁR-721:097 kirkjugarður legstaður

383045 394994

„Það var því síðasta árið, sem Sigurður [Dánielsson] lifði, sumarið 1935, að hann hófst handa um að láta búa til heimagrafreit í túninu á Kolviðarhóli. [...] Legstaður þessi er þannig byggður, að grafhverfing var gerð í jörð niður, steipt í hól og gólf, með opi á lofti, svo að líkkista



Heimagrafreitur 097 með túngarð 008 í forgrunni, horft til norðvesturs á ljósmynd frá 2021. Uppmæling: FVR.

mætti komast niður um. Yfir opið var steinhella gerð. Grafhvelvingin er það há undir loft, að hún er manngeng. Er það rúmgott fyrir þrjár líkkistur. Ofanjarðar eru veggir steyptir umhverfis á alla vegu, á annan meter á hæð, og á vesturhlið eru dyr með hurð fyrir [...],“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Í garðinum hvíla hjónin Sigurður Daníelsson (1868-1935) og Valgerður Þórðardóttir (1871-1957) auk Davíðs sonar Sigurðar (1916-1941). Grafreiturinn er um 50 m suður af hesthústöft 001_02. Hann var skráður af Fornleifavernd ríkisins árið 2008 undir númerinu 332.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Rafmagnsmastur er í túninu suðvestan við hólinn og sunnan við er heimagrafreiturinn.

Í skráningu Fornleifaverndar segir „[H]eimagrafreitur með steinsteyptum garði í kring. Garðurinn er um 5 m x 5 m að stærð og veggir um 30 cm að þykkt.“ Hæð veggja er ekki skráð.

Heimildir: SK, 130; Kristinn Magnússon 2008, 23



*Inni í heimagrafreit 097, horft til suðausturs.
Ljósmynd frá 2023.*

ÁR-721:098 vegur leið

382985 395103

Vegur liggur til VNV frá bæjarstæði Kolviðarhóls og er eystri endi hans um 12 m norðan við töft 001_03. Vegurinn var skráður með minjum 001 í skráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1998 en fékk sér númer við endurskoðun skráningar 2024. Fornleifavernd ríkisins mældi veginn upp árið 2008 undir númerinu 333 en honum er ekki lýst sérstaklega í skýrslu.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun.

Í lýsingu á bæjarstæði 001 frá 1998 segir: Upphlaðinn vegur, sennilega frá því snemma á öldinni - mögulega gerður með handverkfærum - liggur upp á hólinn að norðan úr vestri.

Samkvæmt uppmælingum Fornleifaverndar er vegurinn um 127 m á lengd og 2 m á breidd.

Hleðsluhæð er ekki skráð.


Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 17, Kristinn Magnússon 2008, 23

ÁR-721:099 heimild um tún

383014 395046

„Brátt fór Jón [Jónsson, á Kolviðarhóli 1883-1895] að rækta tún á Kolviðarhóli [...]. Hann [Guðni Þorbergsson, á Kolviðarhóli 1895-1906] sléttaði mikið í túninu, stækkaði það að mun og girti [sjá 008],“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Á loftmyndum sjást beðasléttur í túni Kolviðarhóls suðvestan undir hólnum, um 20 m suðvestur af tóft 001_03.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur



Beðasléttur 099, horft til vesturs á ljósmynd frá 2021. Uppmæling: FSÍ, af loftmynd.

norður úr Reykjavelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Beðaslétturarnar hafa ekki verið skráðar á vettvangi en af loftmynd að dæma ná þær yfir svæði sem er um 44 x 23 m að stærð. Greinileg eru átta beð sem liggja VNV-ASA. Beðin eru á bilinu 1,5-2 m að breidd. VNV-endar þeirra eru í línu en beðin ná mislangt til ASA. Nyrsta beðið er styst, tæpir 7 m á lengd, en beðin lengjast eftir því sem sunnar dregur og eru syðstu tvö beðin um 44 m að lengd.

Heimildir: SK, 107, 113; Loftmyndir ehf 2023

ÁR-721:100 heimild um brunn

383082 395134

„Geta má þess og, að til örðugleika mátti telja, að þá varð að sækja vatn upp í Sleggjubeinsdal, mun sú vegalengd nema 7-800 föðmum. Þá [um 1878] var það, að ráðizt var í að grafa brunn þann, sem nú er fyrir norðan „Hólinn,, en eitthvað var veitt af fé til þess frá hinu

opinbera,“ segir í Sögu Kolviðarhóls. Þar segir einnig „Lengi hafði verið erfitt með neyzluvatn á Kolviðarhóli. Var það sótt í brunn fyrir neðan Hólinn. Sigurður [Daníelsson, á Kolviðarhóli 1906-1935] lagði vatnsleiðslu frá honum upp í húsið og dældi vatninu heim með dælu. Síðar umbætti hann vatnsleiðsluna og fékk með vatnshrút sjálfrennandi vatn í húsið.“ Nákvæm staðsetning brunnsins er ekki þekkt en hann hefur að öllum líkindum verið a.m.k. 60 m norður af gistihúsi 093.

Kolviðarhóll er 4-5 m hár, gróinn, melhóll við norðurenda á lágum rana eða ási sem gengur norður úr Reykjafelli, beint neðan (vestan) við Hellisskarð. Vestan og norðan við bæjarstæðið eru sléttar grasi grónar grundir að Húsmúla og Svínahrauni, en að austan er mosagróið hraun. Brunnurinn hefur ekki verið skráður á vettvangi en í skráningu Fornleifastofnunar Íslands á bæjarstæði 001 frá 1998 er tekið fram að ekkert vatnsból sé sýnilegt.

Heimildir: Orri Vésteinsson 1998, 17

ÁR-721:101 tóft óþekkt

384862 394080

Lítið byrgi er um 560 m vestur af Hellukofa, sunnan við leið 005_01 yfir Hellurnar, um 45 m VSV af vörðu 005_35 og um 60 m suðaustur af vörðu 005_37, og um 30 m sunnan við Eiríksveg 007. Byrgið var skráð á vettvangi árið 2006 af Fornleifastofnun Íslands með leið 005 en var gefið sér númer við endurskoðun skráningar 2024. Árið 2006 var byrgið einnig skráð af Fornleifafræðistofunni undir númerinu 52:1 og árið 2008 skráði Fornleifavernd ríkisins og mældi upp byrgið undir númerinu 355.



Byrgi 101, horft til suðausturs. Ljósmynd frá 2006.

Samkvæmt skráningu Fornleifastofnunar Íslands 2006 er byrgið topphlaðið og lítur út eins og varða úr fjarska. Það er um 1,4 m hátt og um 1,5 m í þvermál í grunninn. Byrgið er opið í norðvestur. Ekki er ljóst hvort það er gamalt eða hver tilgangur þess hefur verið.

Í skráningu Fornleifafræðistofunnar 2006 er byrgið skráð sem varða en „NV megin í vörðunni er skúti sem myndar einskonar hillu.“ „Varðan“ er í þeirri skráningu skráð 1 x 1,3 m (ANA - VSV) og 1,2 m á hæð.

Engin lýsing er á byrginu í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2008, en samkvæmt uppmælingu þeirra er byrgið um 1,5 x 1,5 m að grunnfleti.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 26; Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 52:1; Kristinn Magnússon 2008, 84

ÁR-721:102 varða samgöngubót

383701 394521

Varða er í Hellisskarði, um 840 m suðaustur af Kolviðarhóli. Varðan teng-ist líklega annað hvort leiðinni Milli hrauns og hlíðar 019 eða leiðinni yfir Hellurnar 005 og er hún um 440 m vestur af vörðu 019_02 og um 210 m norður af vörðu 005_51. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2003 og af Fornleifafræðistofunni árið 2006 undir númerinu 50:1. Varðan er norðanmegin í skarðinu, rétt tæpan km frá vegi við Kolviðarhól og stendur á brún sem sést frá veginum. Milli skráninga 2003 og 2006 var malarvegur lagður um Hellisskarð og er varðan fast vestan vegarins.



*Varða 102. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/
Fornleifafræðistofan, 2006*

Samkvæmt skráningu 2003 er varðan um 1,6 m á hæð og 2,5 m í þvermál neðst. Í skráningu Fornleifafræðistofunnar 2006 er vörðunni lýst svo: „2 x 3,5 m í þvermál og 1,8 m há. Varðan er úr hraungrjóti, nokkuð óregluleg í forminu en gæti hafa verið hringlaga. Hún er nokkuð illa hlaðin.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 50:1

ÁR-721:103 gata leið

387046 395140

Götur liggja frá leiðinni Milli hrauns og hlíðar 019 við brún Orrustuhólshrauns, til austurs og síðan suður fyrir Litla-Skarðsmýrarfjall. Leiðin var skráð af loftmynd af Fornleifastofnun Íslands árið 2006 og var þá skráð með leið 019, en var gefið sér númer við endurskoðun skráningar 2024.


Á loftmynd sést allgreinileg slóð meðfram hraunbrúninni. Þegar leiðin var skráð árið 2006 mátti rekja hana á um 1,5 km kafla að hlíðum Litla-Skarðsmýrarfjalls. Giskað hefur verið á að þessa leið hafi sunnanmenn farið í réttir við Orrustuhól forðum daga. Erfitt er að staðfesta það eða afsanna en benda má á að á ferðalögum virðast menn (og sauðfé, ef því er að skipta) hafa tilhneigingu til að fylgja náttúrulegum brúnum í landslaginu, s.s. hraunbrúnum og hlíðarótum, einkum ef þar er valllendi og greiðfært eins og í þessu tilviki.

Við endurskoðun skráningar 2024 var leiðin aftur athuguð á loftmynd og var þá hægt að rekja hana suður fyrir Litla-Skarðsmýrarfjall og að áveitu 069 við Hengladalsá.

Heimildir: Birna Lárusdóttir 2006, 29; Loftmyndasafn LMÍ, Loftmyndasjá ehf 2023

ÁR-721:104_01 varða óþekkt

384756 392890



*Leið 103 og nærliggjandi minjar. Uppmælingar: FVR & FSÍ.
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

Fornleifafræðistofan skráði árið 2006 þrjár vörður 01-03, norðaustan við Smiðjulaut 013 undir númerinu 57: „Um 100 m norður af þjóðveginum. Á hraunhól í mosavöxnu hrauni. [...] Ekki útilokað að hér séu komnar svokallaðar Þrívörður vestari, en þær eru frá upphafstíma rútbílaaksturs.“ Vestari Þrívörður eru nefndar í örnefnaskrá Afréttar Ölfushrepps, en miðað við lýsingu eru það líklega sömu vörður og þær sem almennt eru nefndar Syðri-Þrívörður 046. Í örnefnaskrá Núpa segir: „Með Syðri- og Eystri-Þrívörðum er fylgt málvenju, en ekki réttri áttamiðun. Ef henni væri fylgt ættu Syðri-Þrívörður að heita Vestri-Þrívörður. Þrívörðurnar voru áfangar á leiðinni yfir flatneskjuna.“



Vörður 104, horft til SSV. Varða 01 í forgrunni t.v. með vörðu 02 t.h. og vörðu 03 í bakgrunni. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/Fornleifafræðistofan, 2006

Um vörðu 01 segir í skráningu 2006: „1,1 x 1,2 m stór og 0,9 m há. Úr hraungrjóti. Varðan er mjög óregluleg í laginu og illa hlaðin. [...] Trúlega eru allar vörðurnar ungar.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 57:1; Ö-Afr.Ölf. 1, Ö-Núpar, 8

ÁR-721:104_02 varða óþekkt

384753 392889

Um vörðu 02 segir í skráningu 2006: „4 m VSV af 1) er 2) [...] 0,8 x 1,1 m (ANA - VSV) og 0,8 m há. Úr hraungrjóti. Varðan er illa hlaðin. [...] Trúlega eru allar vörðurnar ungar.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 57:1

ÁR-721:104_03 varða óþekkt

384743 392858

Um vörðu 03 segir í skráningu 2006: „30 m SSV af 2) er 3) [...] Varða. 0,6 x 0,8 m (NV - SA) og 0,6 m há. Úr hraun-grjóti. Varðan er illa hlaðin. Trúlega eru allar vörðurnar ungar.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2006, nr. 57:1



Vörður 104, horft til NNA. Varða 03 í forgrunni en í bakgrunni eru vörður 01 (t.h.) og 02 (t.v.). Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson/Fornleifafræðistofan, 2006

ÁR-721:105 varða óþekkt

382990 394849

Niðri á láglendinu, skammt sunnan við suðurhlið túngarðs á Kolviðarhóli var lítil varða, um 220 m SSV af tóft 001_02 á Kolviðarhóli. Varðan var skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2003. Skráning var yfirfarin 2024 og er greinilegt af loftmyndum að varðan er horfin undir mannvirki Hellisheiðarvirkjunar en stöðvarhús virkjunarinnar eru um 230 m vestar. Af loftmyndum í safni Loftmynda ehf að dæma hefur varðan horfið milli 2006 og 2008.

Þar sem varðan stóð var gróið hraun en er nú (2024) malarplan og mannvirki tengd virkjuninni. Varðan virðist stök en stendur líkast til í sambandi við vörðu 102 á brún skarðsins því sú varða sést vel frá þessari litlu vörðu.

Heimildir: Loftmyndir ehf 2006-2008



*Leið 105 og nærliggjandi minjar. Uppmælingar: FVR & FSÍ.
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

ÁR-721:106 gata leið 382109 396926

Fornleifafræðistofan skráði árið 2023 leið sem liggur frá garðlagi 017_01 við Húsmúli til norðurs meðfram hlíðum múlans. Við yfirferð skráninga á Hellisheiði 2024 var leiðin rakin á loftmynd að vegamótum við norðurenda Húsmúla, alls um 3,1 km leið.

Leiðin liggur „Yfir mýri, móa og hálsa.“

Í skráningu 2023 segir: „Sjá má allt að 11-12 paldra á leiðinni á um 10 m breiðu svæði þar

sem þær dreifa hvað mest úr sér á hinum kannaða kafla. Svo virðist sem göturnar séu enn farnar! Leiðin er illa blásin á stöku stað.“

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2023, 2; Loftmyndir ehf 2023

ÁR-721:107 tóft herminjar

382596 393357

Árið 2016 rannsakaði Fornleifafræðistofan rúst í Stóradal í Hveradölum (rannsóknarnr. 2016-62), líklega herminjar. Staðurinn er um 330 m norðvestan við skíðaskálann í Hveradölum.

Um staðhætti segir í skýrslu um rannsóknina: „Rústin er nokkur hundruð metra norður af Skíðaskálanum, rétt innan við miðju Stóradals í Hveradölum en svæðið þar er nokkuð gróið af lyngi, grasi og mosa.“

Í niðurstöðukafla skýrslu um rannsóknina segir: „Veggir rústarinnar virðast hafa verið þannig úr garði gerðir að steypusteinum hafi verið raðað ofan á hvern annan til að mynda undirstöður undir þakbogasperrur og torfi hlaðið upp að þeim, bæði til stuðnings og sem einangrun. Torfhleðslu tæknin er ekki sú sem vanalega má sjá á þeim íslensku húsum sem notuðust við þessa tækni en svo virðist sem að strengur hafi verið lagður og jarðvegur ofan á og síðan aftur strengur og svo koll af kolli. Einnig hafa gaflar verið hlaðnir steypusteini og verið múrhúðaðir að utan en engin torfhleðsla sást við þá.“

Það bendir margt til þessi að rústin sé af bragga sem reistur hafi verið í seinni heimsstyrjöldinni og brunnið. Því til stuðnings má nefna að engir gripir eldri en frá 20. öld fundust, gripir eins og gaffallinn og rakvélin eru samskonar gripir og þeir sem herinn notaði og má sjá á Hernámssetrinu að Hlöðum í Hvalfirði og torfhleðslutæknin virðist ekki vera sú sem Íslendingar hafi notað, allavega svo vitað sé. [...] Rústin skiptist í þrjú rými og teljum við að rými A hafi verið einskonar alrými/vistaverur manna, rými B verið fyrir kindingu enda fundust þar leifar af kamínu og rými C hafi verið nokkurs konar geymsla.“



Tóft 107, horft til suðausturs. Ljósmynd: Ármann Dan Árnason/Fornleifafræðistofan, 2016

Heimildir: Ármann Dan Árnason & Bjarni F. Einarsson 2016, 8

ÁR-721:108 heimild áveita

382388 395936

Við yfirferð loftmynda 2024 fannst skurður um 260 m SSV við skurð 017_02 við Húsmúlann.

Svæðið virðist að mestu gróið en þó heldur rír og víða rof. Tjörn sem myndast hefur í kringum 2010 er um 60 m norðan við skurðinn.

Af loftmyndum að dæma er skurðurinn um 255 m á lengd og snýr VSV-ANA. Breidd skurðarins er um 1-1,5 m. Aldur skurðarins er ekki þekktur en ekki er ólíklegt að hann tengist engjaheyskap Guðna Þorbergssonar í kringum 1900, sbr. 017.

Heimildir: Loftmyndasjá LMÍ, Loftmyndir ehf 2023



*Skurður 108. Uppmæling: FSÍ, af loftmynd.
Loftmynd frá Loftmyndum ehf.*

VII. Samantekt um minjar

Áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar er víðfemt, um 9467 ha að stærð. Frá árinu 1997 hefur verið farið 16 sinnum á vettvang í þeim tilgangi að skrá eða rannsaka minjar og hefur fjöldi þekktra fornleifa aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Þrátt fyrir þann mikla fjölda skráningarverkefna sem unnin hafa verið á heiðinni er langt því frá að allt svæðið hafi verið þaulgengið í leit að minjum og er líklegt að einhverjar fleiri fornleifar leynist innan þess. Misjafnt var einnig eftir verkefnum hvort úttektarsvæði væru gengin hluta eða heild, eða hvort aðeins væru heimsóttar þekktar minjar.

Alls eru birtar upplýsingar um 209 fornleifar á 71 minjastað í þessari skýrslu, þar af 193 fornleifar sem skráðar hafa verið á vettvangi en 16 fornleifar bættust við eftir yfirferð heimilda og loftmynda. Í viðauka I má sjá yfirlit um skráðar fornleifar, hvenær þær voru skráðar og hvort þær hafi verið mældar upp. Uppmælingar af vettvangi eru til fyrir um 40% skráðra minja (84 fornleifar) en 10,5% minja (22 fornleifar) hafa eingöngu verið handteiknaðar og/ eða skráðar af loftmynd. Um aðrar minjar gildir annað hvort að leifar þeirra hafi ekki verið mældar upp á vettvangi eða að öll ummerki séu horfin af yfirborði.³⁵

Minjar á svæðinu teljast flestar til afréttar Ölfushrepps en einnig falla innan svæðisins nokkrar minjar í landi Breiðabólstaðar í Ölfusi. Saga búsetu á Hellisheiði nær ekki lengra aftur en á seinni hluta 19. aldar þegar bú var reist á Kolviðarhóli³⁶ en önnur nýting svæðisins á sér töluvert lengri sögu. Í aldaðir hafa ferðamenn átt leið yfir heiðina og eru heimildir um sæluhús (ÁR-721:009) við Draugatjörn frá upphafi 18. aldar en húsið hafði þá staðið lengi.³⁷ Einnig var selstaða (ÁR-544:041) frá Þorlákshöfn undir Votabergi í landi Breiðabólstaðar sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín um 1708.³⁸

Þrjú minjasvæði á Hellisheiði hafa verið friðlýst og eru það áður nefnt Þorlákshafnarsel ÁR-544:041, gamla þjóðleiðin yfir Hellurnar ÁR-721:005 og Hellukofi ÁR-721:024 við leiðina. Friðlýstar fornleifar njóta stærri friðhelgi en aðrar minjar, 100 m frá ystu mörkum, en friðhelgi annarra fornleifa er 15 m. Nefna skal að sumar þeirra minja sem taldar eru upp í þessari skrá eru töluvert yngri en 100 ára og teljast því ekki til fornleifa í lagalegum skilningi. Má þar helst nefna varðaða leið ÁR-721:056 sem hlaðin var af skátum um 1970 og húsarústir ÁR-721:067 sem einnig eru verk skáta, líklega frá 1950-1960. Ákveðið var að hafa minjarnar

³⁵ Ekki var gerður greinarmunur á þessum tveimur flokkum hér þar sem ekki er hægt að skera úr um með fullri vissu af loftmynd hvort yfirborðsummerki fornleifa séu til staðar eða ekki.

³⁶ Orri Vésteinsson 1998, 13; SK, 81, 124.

³⁷ SSÁ, 239.

³⁸ JÁM II, 440.

með í þessari samantekt til að fyrirbyggja misskilning, þar sem þær voru hafðar með í eldri skráningarskýrslum. Að auki eru nokkrar minjar við Kolviðarhól s.s. sæluhús ÁR-721:097 og heimagrafreitur ÁR-721:093, sem gerðar voru kringum 1929-1935 og munu því falla í flokk friðaðra fornleifa á allra næstu árum.

Minjum á svæðinu má skipta í níu flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Langstærsti flokkurinn er samgönguminjar (143 fornleifar), yfir tveir þriðju allra skráðra minja. Þar undir falla 17 leiðir (götur og vegir) og 118 vörður sem hlaðnar hafa verið við leiðir. Einnig falla í þennan flokk sæluhús sem reist hafa verið á heiðinni, en þau eru sex talsins: sæluhús á Hverdalafötum við Draugatjörn (ÁR-721:009_01), Hellukofinn við Hellurnar (ÁR-721:023), og fjögur sæluhús á Kolviðarhóli (ÁR-721:012_01, ÁR-721:014_01, ÁR-721:014_02 og ÁR-721:093). Auk þess áðu ferðamenn við Hverdalaföt (ÁR-721:025) áður en þeir lögðu á Hellisheiði.³⁹

Eins og áður hefur verið sagt er búsetusaga á Hellisheiði ekki löng en þó féllu þrjár fornleifar innan svæðis í flokk bústaða, og eru það allt bæjarhús á Kolviðarhóli (ÁR-721:001_01; ÁR-721:014_02 og ÁR-721:014_03), reist á árunum 1884-1900. Aðrar minjar við Kolviðarhól falla flestar í flokk minja í heimatúnum (12 fornleifar). Í þennan flokk falla útihús s.s. hesthús ÁR-721:001_02 og smiðja ÁR-721:001_05, og aðrar minjar s.s. túngarður ÁR-721:008 og brunnur ÁR-721:100. Einnig eru þó innan túns Kolviðarhóls tvær minjar sem flokkast til legstaða. Það er annars vegar heimagrafreitur ÁR-721:097 og hins vegar meint kuml (ÁR-721:003) Kolfinns á Vatni sem nefndur er í Kjalnesingasögu, þó frásögnin um hið síðarnefnda sé nokkuð þjóðsagnakennd.⁴⁰

Þrír þjóðsagna- eða sögustaðir eru innan áhrifasvæðis Hellisheiðarvirkjunar. Það er í fyrsta lagi draugur ÁR-721:009_03 sem hreldi ferðamenn í sæluhúsi ÁR-721:009_01 við Draugatjörn.⁴¹ Á hinum stöðunum tveimur er sagt að bardagar hafi verið háðir, annars vegar við Búastein ÁR-721:028_01, þar sem áður nefndur Kolfinnur var drepinn,⁴² en hins vegar við Orrustuhól ÁR-721:044, þar sem erjur eiga að hafa átt sér stað milli gangnamanna úr Ölfusi og af Suðurnesjum.⁴³

Minjar sem tengjast nýtingu úthaga eru 20 talsins, tæp 10% af heildarfjölda minja á svæðinu. Þar undir falla m.a. réttir sem notaðar voru við smalanir á heiðinni auk náttstaða leitarmanna. Einnig falla í þennan flokk minjar Þorlákshafnarsels (ÁR-544:041_01, ÁR-

39 Ö-Hellisheiði, 2.

40 KK I, 47.

41 Gráskinna hin meiri I, 239-243.

42 ÍF XIV, 38-40.

43 SSÁ, 240.

544:041_02, ÁR-544:041_03) og ýmsar minjar tengdar búskap á Kolviðarhóli, s.s. beitarhús ÁR-721:035, önnur útihús utan túns og áveitumannvirki undir Húsmúla (ÁR-721:017_01 og ÁR-721:017_02). Einn nytjastaður er skráður á svæðinu og eru það mógrafir ÁR-721:016 í Mógili.

